

Yfirlitsskýrsla
sendiráðs Íslands
í Brussel



Janúar - júlí 2009

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR.....	6
Yfirlit.....	7
Stækkun ESB.....	7
Utanríkis- og öryggismál.....	7
EES Samningurinn.....	8
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL.....	8
1. Almennt.....	8
2. Samsetta nefndin.....	9
3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni.....	10
4. Schengen-úttektir.....	10
5. Schengen-upplýsingakerfið.....	11
6. Upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS).....	12
7. Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa?.....	12
8. Framtíð stjórnunar ytri landamæra.....	12
9. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar - Þróun SIS II og VIS.....	13
10. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu.....	13
- Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana.....	13
- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði (EBF).....	13
- Samningur um þátttöku Íslands í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (Comitology Committees).....	14
- Dublin-samstarfið.....	14
11. Lögreglusamvinna.....	15
- Endurútgáfa lögregluhandbókar.....	15
- Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX).....	15
- Prüm.....	15
12. Samvinna á sviði sakamála.....	15
13. Samvinna á sviði einkamála.....	16
FÉLAGS- OG VINNUMÁL.....	16
FÉLAGSMÁL.....	16
Almannatryggingar.....	16
Velferðaráttak ESB.....	17
Evrópuárið 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun.....	17
Hagur aldraðra og þjóðfélagsþróunin.....	17
Lífeyriskerfi og þróun eftirlauna.....	18
Félagslegar aðgerðir til höfuðs kreppunnar.....	18
PROGRESS.....	19
Daphne III.....	19
JAFNRÉTTISMÁL.....	19
Skýrsla um jafnrétti kynjanna.....	19
Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga.....	20
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins.....	20
VINNUMÁL.....	21
Efnahagskreppan og vinnumarkaðurinn.....	21
Toppfundir gegn atvinnuleysi.....	22
Evrópsk samstarfsráð.....	22
Endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar.....	23
Frjáls för launþega.....	23
Bláa kortið.....	24
Ný verkkunnátta og ný störf.....	24
Framkvæmd tilskipunar um útsenda starfsmenn (Nr. 96/71/EC).....	25
VINNUVERND.....	26
Samstarf á sviði vinnuverndar.....	26
Bættar vinnuaðstæður barnshafandi kvenna.....	26
Mengunarmörk efna í atvinnulífinu.....	27

Vernd gegn skaðlegum áhrifum af asbesti	27
FJÁRMÁL	28
Rafræn stjórnsýsla	28
Ríkisstyrkir	28
HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL	29
HEILBRIGÐISMÁL	29
Heilbrigðisáætlun ESB	29
Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri.....	30
Inflúensa A (H1N1)	30
Grænbók varðandi heilbrigðisstarfsfólk	31
Gagnkvæm viðurkenning menntunar.....	31
Öryggi sjúklinga	32
Úttekt á heilbrigðistækni.....	32
Vettvangur stefnumörkunar í heilbrigðismálum	33
Spornað við Alzheimer	33
Skimun fyrir krabbameinum	34
Mælikvarðar á heilsufar.....	34
Heilsufarslegur ójöfnuður (Health Inequalities).....	35
Áfengi og heilsa.....	35
Sjaldgæfir sjúkdómar	36
LYFJAMÁL	37
Gegn afnámi samkeppnishafta í lyfjasölu	37
Lyfjapakkar ESB.....	37
Gagnsæi í lyfjamálum.....	38
IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL	38
ORKUMÁL	38
Þriðji orkupakkinn.....	38
Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum	39
Visthönnun vöru sem notar orku (ecodesign).....	40
Orkunýtni (energy efficiency)	41
LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL	41
LANDBÚNAÐUR	41
Hin almenna landbúnaðarstefna ESB.....	41
Einnar-greiðslu kerfi (SPS) – stoð I	41
Niðurstöður af „Health Check“	42
- Mjólkurkvótar	42
- Nýmótun – „Modulation“	42
- Afnám framleiðslutengingar – „Decoupling“	42
- Markaðsíhlutun.....	42
- „Grein 68“.....	43
- Þróun dreifbýlis	43
Formennskuáætlun Svíþjóðar	43
Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun	43
Bókun 3 – endurskoðun	43
Lífrænn landbúnaður.....	44
Lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs.....	44
Súnósur.....	44
Salmonella, kampýlóbakter og MRSA	45
Eftirlitsskylda með tríkínum	45
MATVÆLAMÁL.....	45
Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn	45
HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008	47
Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB.....	47
Endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB 2012.....	47
Fundur Ráðsins (Agriculture and Fisheries Council) þann 25. maí 2009	49
Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries).....	49

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL	50
Almennt	50
Árangur í áætlunum 2008	50
Nýjar áherslur í menntamálum og endurnýjuð stefna	50
Ný æskulýðsstefna ESB 2009	52
Ný Æskulýðsskýrsla – sú fyrsta í sögu ESB.....	52
Erasmus Mundus II	52
Ný orðsending / leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnar ESB um ríkisstyrki til fjölmiðla	52
Gildandi reglur um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar framlengdar til 2012	53
AVMS tilskipunin	53
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	53
Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013	53
Vísindanefnd ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (CREST).....	54
Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA.....	54
Ljubljana ferlið	54
Nýjar framkvæmdastofnanir Evrópska rannsóknaráðsins og 7. rammaáætlunarinnar um rannsóknir og þróun	55
Áhrif gengis íslensku krónunnar á þátttöku Íslands í 7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun.....	55
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL	56
FLUGMÁL	57
Almennt	57
Loftferðarsamningar og samningar um gagnkvæmar viðurkenningar á flugöryggi	57
Sameiginlegt Evrópskt loftrými – „Single European Sky“	58
Flugvallapakinn	58
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL	58
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM	59
SIGLINGAMÁL	59
Stefna ESB í málefnum hafsins – „Maritime Policy“	59
Þriðji siglingapakinn.....	59
Aðrar tillögur á sviði siglinga	60
FLUTNINGAMÁL	61
Flutningapakinn og flutningamál (Freight transport logistics).....	61
VEGA- OG UMFERÐARMÁL	61
Grænbók um samgöngur í borgum	61
Endurskoðun TEN-T áætlunarinnar um uppbyggingu grunnnets samgangna í Evrópu	61
Önnur umferðar- og vegamál	62
Tillaga að tilskipun um eftirfylgni yfir landamæri.....	62
ALMENN SAMGÖNGUMÁL	62
Galileo	63
FJARSKIPTAMÁL	63
Endurskoðun fjarskiptapakans	63
Gjaldtaka fyrir lok símtala	63
Tillaga að breytingu á reglugerð um alþjóðlegt reiki.....	63
Tillaga að breytingu á tilskipun um úthlutun GSM tíðna.....	64
Samráð varðandi mögulega aðgangsskyldu að næstu kynslóðarnetum	64
PÓSTMÁL	64
SVEITARSTJÓRNARMÁL	64
UMHVERFISMÁL	65
1. Ráðherraráðið og Evrópuþingið staðfesta formlega „orku- og loftslagspakann“	65
2. Vinna framkvæmdastjórnar ESB við framkvæmd ETS (viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir).....	66
3. Áherslur Svíþjóðar á formenskumisseri innan ESB á síðari hluta ársins 2009.....	66
4. Helstu mál á næstunni fimm árum að mati framkvæmdastjórnar ESB.	67

5. Endurskoðun tilskipunar um samþættar mengunarvarnir í iðnaði og eftirlit með þeim (IPPC).....	68
6. Verndun jarðvegs.....	68
7. Ræktun og dreifing erfðabreyttra lífvera út í umhverfið (GMO).....	68
8. Skógareyðing í Evrópu.....	69
9. Mengunarlöggjöf og refsíákvæði.....	70
10. Vistfræðilegar merkingar - Ecolabel og EMAS kerfið.....	71
11. Meðhöndlun raffanga- og rafmagnstækjaúrgangs (WEEE).....	71
12. Loftslagsmálin og fjárhagsstuðningur við þróunarríkin (fjármálaráðherrar ESB-Ecofine).....	71
13. Nýja reglugerð um ósoneyðandi efni væntanleg.....	72
14. Evrópuþingið vill „orkufríar“ byggingar (zero-energy buildings) fyrir 2019.....	72
15. Raflínur.....	72
16. Líffræðilegur fjölbreytileiki - ástandið óviðunandi.....	73
17. Frárennismál - styrkjakerfi ESB.....	73
18. Ný sæfiefnareglugerð í burðarliðnum.....	73
VIÐSKIPTAMÁL	74
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA	74
Endurskoðun á reglum og eftirliti með fjármálamörkuðum.....	74
Innstæðutryggingar.....	75
Breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga.....	75
Verðbréfasjóðir (UCITS).....	76
Endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir.....	76
Tilmæli um starfskjör í fjármálageiranum.....	76
Reglugerð um matsfyrirtæki.....	77
Stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim.....	77
Greiðslur yfir landamæri.....	77
Átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum.....	78
Áætlun til að styðja við aðgerðir á sviði fjármálapjónustu, reikningsskila og endurskoðunar.....	78
Reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir núgildandi tilskipun um verðbréfasjóði.....	78
Breytingar á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta.....	78
Lánasaga neytenda, ábyrgar lánveitingar og lántökur.....	78
Samráðsferli og væntanleg lagafrumvörp.....	78
VÁTRYGGINGAR	79
Gjaldþol vátryggingafélaga.....	79
Ökutækjategyggingar.....	80
Tryggingasjóður fyrir vátryggingartaka.....	80
Skaðabætur vegna slysa utan heimalands.....	80
FÉLAGARÉTTUR	80
Tilmæli um starfskjör stjórnenda.....	80
Samþykktir fyrir Evrópsk einkahlutafélag.....	81
Upplýsingagjöf fyrir meðalstór fyrirtæki og samstæðureikningsskil.....	81
Stofnun hlutafélaga og breytingar á hlutafé.....	81
Breytingar á tilskipunum um samruna og skiptingu fyrirtækja.....	81
Tilskipanir um birtingu og þýðingarskyldu tiltekinna félaga.....	81
NEYTENDAMÁL	81
Stefnumótun um hópmálsóknir fyrir neytendur.....	81
Framfylgd neytendalaga.....	82
Tillaga að tilskipun um réttindi neytenda.....	82
Breytingar á tilskipun um skiptileigu fasteigna.....	82
Réttindi farþega í almenningsvögnum, rútum og á sjó.....	82
Öryggi leikfanga.....	83
Tilskipanir um mælieiningar, mælitæki og mælifræðilegt eftirlit.....	83

INNGANGUR

Starfsemi sendiráðs Íslands í Brussel felst að meginstefnu til í því að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnsýslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu ráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni. Önnur starfsemi sendiráðsins varðar hefðbundið hlutverk sendiráða gagnvart umdæmisríkjum sínum sem eru Belgía, Lúxemborg og Sviss.

Hin alþjóðlega fjármálakreppa og áhrif hennar á aðildarríki EES og staða Íslands í því sambandi setti mark sitt á störf sendiráðsins á fyrri hluta ársins 2009. Evrópusambandið vann til að mynda markvisst að því að endurskoða reglur um fjármálastarfsemi og fjármálaþjónustu og kom fram með umfangsmiklar tillögur að reglum til umbóta á því sviði. Að auki reyndi nokkuð á reglur innri markaðarins t.a.m. um ríkisstyrki og samkeppni vegna aðgerða sem aðildarríkin gripu til í þeim tilgangi að milda áhrif kreppunnar á efnahagslíf ríkjanna. Hér má og nefna að gjaldeyrishömlur sem settar voru með lögum frá Alþingi voru tilkynningaskyldar skv. 43. gr. EES-samningsins þar sem þær hafa áhrif á þátttöku Íslands í EES. Þá hefur Ísland verið mikið til umfjöllunar og staða þess á innri markaði EES auk þess sem umræða um hugsanlega aðildarumsókn Íslands var mjög áberandi sem setti og sitt mark á störf sendiráðsins. Að því er varðar önnur stór mál á vettvangi ESB má nefna formlega samþykkt orku- og loftslagspakkans, grænbók um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu ESB sem gefin var út á vordögum og Larosíereskýrsluna um umbætur á fjármálasviði frá febrúar sl.

Svo vikið sé að hefðbundinni starfsemi sendiráðsins eru heimsóknir hópa gesta hluti af reglubundinni starfsemi þess. Nokkuð minna var um heimsóknir í sendiráðið fyrri hluta ársins heldur en verið hefur. Hér er helst að nefna hóp stjórn málafræðinema við Háskóla Íslands sem kom rétt fyrir páska og hóp á vegum Samtaka um vestræna samvinnu sem kom seinni partinn í apríl. Sendiráðið hefur gert sitt ítrasta til að undirbúa komu slíkra gesta með sem bestum hætti og sníða dagskrá að þörfum hvers hóps m.a. með erindum fulltrúa ráðuneytanna um þá málaflokka sem þeir sinna og í hverju starf þeirra er fólgið við rekstur EES-samningsins.

Meðal annarra fastra liða í starfsemi sendiráðsins er gerð yfirlitsskýrslu af því tagi sem hér gefur að líta og tekur mið af formenskuskriptum í ráði ESB og kemur út tvisvar á ári. Er hana að finna á heimasíðu sendiráðsins. Þá tekur sendiráðið saman yfirlit fyrir utanríkismálanefnd Alþingis mánaðarlega um þau mál sem eru efst á baugi í ESB og geta varðað EES-samstarfið með einhverjum hætti.

Yfirlitsskýrsla þessi er þannig upp byggð að á eftir þessum inngangi kemur yfirlitskafla, þar sem dregið er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefnasvið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessa kafla skýrslunnar hafa fulltrúar viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu tekið saman.

Loks er þess að geta að þær breytingar urðu á starfsmannahópi sendiráðsins að Sigurbergur Björnsson, fulltrúi samgönguráðuneytis og Þorgeir Ólafsson, fulltrúi menntamálaráðuneytis fluttust til starfa heim í sín ráðuneyti.

Yfirlit

- Tékkneska formennskan, fyrri hluta árs 2009

Tékkland sat í stóli formennsku ráðs ESB fyrstu 6 mánuði ársins 2009. Yfirskrift formennsku þeirra var „Evrópa án landamæra” eða „*Europe without Barriers*”, sem á að endurspegla fjórfrelsið, þ.e. frjálst flæði vöru, fjármagns, frjálssa för fólks og frjálssa þjónustustarfsemi. Að öðru leyti voru áherslumál tékknesku formennskunnar tekin saman í þrennt, þ.e. efnahag, orku og alþjóðleg samskipti (*the 3 E's, Economy, Energy and External Relations*). Tékkar lýstu formennskutíma sínum sem sögulegum að því leyti að tímabilið hafi verið mjög krefjandi vegna hins erfiða pólitíska og efnahagslega ástands. Aðildarríkin og allur almenningur hafi þurft að takast á við alvarlega efnahagskreppu og afar erfitt ástand á alþjóðlega vísu, sérstaklega í upphafi ársins. Þær aðstæður sem skapast höfðu hafi því verið einstaklega mikil áskorun fyrir tékknesku formenskuna.

- Sænska formennskan, seinni hluta árs 2009

Svíar tóku við formennsku í ráði ESB 1. júlí sl. Það verða einkum þrjú mál sem þeir setja í forgang í formennsku sinni: Í fyrsta lagi efnahagsmál, í öðru lagi atvinnumál og loks loftslagsmál. Um formennskuáætlun sína segja þeir að mikilvægt sé að vinna gegn neikvæðum áhrifum kreppunnar og stuðla að vexti í efnahagslífinu hið fyrsta.

Þá kemur það í hlut Svía að vera í forsæti ráðs ESB þegar kemur að hinum svonefnda Kaupmannahafnarfundum í desember um nýjan loftslagssamning. Evrópusambandið hefur margoft lýst því yfir að það vilji vera leiðandi í því að berjast gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Því mun mæða mikið á sænsku formennskunni vegna þess fundar og ber formennskuáætlun þeirra þess merki. Leggja Svíar mikinn metnað í áætluninni að fundurinn takist sem best og að samningur um nýjan loftslagssamning líti dagsins ljós á samningafundinum. Að öðru leyti má finna nánari umfjöllun um áherslur Svía á heimasíðu sænsku formennskunnar: www.se2009.eu.

Stækkun ESB

Stækkun ESB snýst fyrst og fremst um tvo ríkjahópa, annars vegar þau ríki sem nú hafa stöðu umsóknarríkis en það eru Makedónía, Tyrkland og Króatía og hins vegar þau ríki á Balkanskaganum sem falla undir þá skilgreiningu að vera hugsanleg umsóknarríki. Þess er að geta að Albanía sótti um aðild að Evrópusambandinu í lok apríl í ár.

Um umfjöllun um stækkun ESB vísast til síðustu yfirlitsskýrslu sendiráðsins en framkvæmdastjórn ESB gefur út skýrslu í nóvember á hverju ári um stækkunarstefnu ESB. Samningaviðræður við Tyrkland hafa staðið yfir í um alllangt skeið. Aftur á móti er Króatía komin mjög langt í samningaviðræðum við ESB en vegna deilna við Slóveníu hafa þær siglt í strand. Komist skriður á þær með haustinu má allt eins búast við því að þeim geti lokið fyrir árslok 2009. Samningaviðræður við Makedóníu hafa ekki hafist enn jafnvel þótt Makedónía hafi stöðu umsóknarríkis og helgast það af svonefndri nafnadeilu sem Makedónía á í við Grikkland.

Utanríkis- og öryggismál

Hlutverk Evrópusambandsins á sviði friðargæslu, eða hættuástandsstjórnun eins og það heitir innan ESB, hefur farið verulega vaxandi undanfarin ár. Þessi þróun er í samræmi við þau markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðavettvangi. Einn þáttur þessa er sívaxandi hlutverk ESB í friðargæsluverkefnum vítt og

breitt um heiminn, oft fyrir tilstuðlan eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða eftir atvikum NATO. Ísland hefur tekið þátt í þremur verkefnum á Balkanskaga. Í tékknesku formennskunni var einkum lögð áhersla á borgaralega hættuástandsstjórnun en að því er varðar hernaðarlega hættuástandsstjórnun, á aðgerðir í Tsjad og Miðafrikulýðveldinu sem áttu sér stað 15. mars 2009. Þá unnu Tékkar að því að dýpka samvinnu milli ESB og NATO. Að öðru leyti vísast til síðustu yfirlitsskýrslu sendiráðsins þar sem m.a. er að finna ítarlegt yfirlit yfir aðgerðir ESB á þessu sviði.

EES Samningurinn

Sameiginlega EES-nefndin hittist 5 sinnum fyrri hluta árs 2009 og tók 94 ákvarðanir um að taka alls 185 gerðir upp í EES-samninginn. Þar af voru 32 gerðir á sviði dýraheilbrigðis.

Þrítugasti og fyrsti fundur EES ráðsins var haldinn 19 maí í Brussel. Fundinum var stýrt af Tomáš Pojar, vara-utanríkisráðherra Tékklands (First Deputy Minister for Foreign Affairs of the Czech Republic). Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sótti fundinn fyrir Íslands hönd, en Ísland gegndi formennsku í samstarfi EFTA ríkjanna innan EES fyrri hluta ársins.

Að venju var rætt um rekstur og framkvæmd EES-samningsins og mál sem þar eru efst á baugi. Meðal þeirra er voru hrun fjármálamarkaða og viðbrögð við því, ásamt orku- og loftslagsmálum. Þá var fjallað um framtíð þróunarsjóðs EES en gildistími núverandi sjóðs rann út vorið 2009. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um samvinnu landa beggja vegna Atlantshafsins (Trans Atlantic relations) og ástandið í Mið-Austurlöndum og Afganistan.

Þau mál sem hafa borið einna hæst á vettvangi EES, er upptaka hinnar svonefndu þjónustutillskipunar í EES-samninginn nú í vor. Þá hefur nokkur umfjöllun verið um upptöku hins svonefnda matvælapakka í EES-samninginn – sjá umfjöllun í kafla um landbúnaðarmál.

Að því er þróunarsjóð EFTA varðar, er samningaviðræðum um áframhaldandi þátttöku ekki lokið og er stefnt að því að ljúka samningum hið fyrsta.

Varðandi önnur einstök mál vísast til umfjöllunar fulltrúa einstakra ráðuneyta hér á eftir.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst fyrst og fremst í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins en einnig öðrum störfum s.s. vegna EES-samningsins. Meðal þeirra markmiða sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu eru að sinna vel fundarsókn í samsettu nefndinni í ráðherraráðinu á öllum stigum og gæta hagsmuna Íslands þar með því að fara faglega og gagnrýnið yfir öll mál sem þar eru til meðferðar og bregðast við þegar á þarf að halda.

Umfang verkefna á sviði dóms- og innanríkismála hefur aukist mjög undanfarin ár og hefur hvert nýtt misseri verið þyngra en það næsta á undan. Ýmsar ástæður virðast vera fyrir þessari þróun, sem ekkert lát virðist vera á. Ein þeirra er aukin áhersla Evrópusambandsins á dóms-

og innanríkismál sem endurspegladist í Haag áætluninni um frelsi, öryggi og réttlæti í Evrópu. Unnið var hörðum höndum síðastliðin ár að því að hrinda áætluninni í framkvæmd og voru tillögur að nýjum ESB gerðum, sem voru að mestu leyti þróun á Schengen gerðunum, ræddar í samsettu nefndinni. Fundum í samsettu nefndinni hefur því fjölgað til muna hin síðari ár. Þá hefur fundum í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (comitology committees) sem fjalla um þróun á Schengen-gerðunum jafnframt fjölgað en Ísland tekur einnig þátt í þeim. Eru nefndir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar nú samtals u.þ.b. 25 talsins og er fundað að jafnaði einu sinni í mánuði. Þá varð fundasetta jafnframt tímafrekari þegar 10 ný aðildarríki bættust í hópinn og eru flestir fundir að jafnaði hálf- eða heilsdagsfundir.

Vegna síaukins álags frá árinu 2002 hafa starfsnemar verið ráðnir tímabundið til aðstoðar á álagstímum en í júlí 2007 var starfsnemi ráðinn til eins árs. Þá hafa sérfræðingar í auknum mæli sótt fundi að heiman í hinum ýmsu sérfræðinganeftum, en við upphaf samstarfsins sinnti fulltrúi ráðuneytisins nánast allri fundasókn. Sökum fjárhagsþrenginga á Íslandi fékkst ekki heimild til ráðningar annars starfsnema og því til viðbótar hættu sérfræðingar að heiman, einn af öðrum, að sækja fundi í Schengen-samstarfinu á tímabilinu. Því hefur fulltrúi dómsmálaráðuneytisins nánast einn sinnt allri fundasókn á tímabilinu með aðstoð fulltrúa frá utanríkisráðuneytinu þegar nauðsyn hefur borið til.

Schengen-samstarfið er óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála og vægi sviðsins í pólitískri stefnumótun ESB er mikið. Þungamiðjan á sviðinu er að skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis í Evrópu. Í fullu samstarfi felst að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkja og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra. Opnun landamæra milli aðildarríkja kallar á náð samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Eitt mikilvægasta pólitíska viðfangsefni ESB undanfarinna ára hefur verið stækkun Schengen-svæðisins. Á skömmum tíma fór umfang samstarfsins úr 15 ríkjum í 25 ríki. Í dag er landsvæði Schengen-ríkja 4,3 milljónir ferkílómetra með 400 milljónum íbúa, sem ferðast um svæðið án persónueftirlits.

Í mars sl. varð Sviss fullur þátttakandi í Schengen-samstarfinu þegar síðasta áfanganum var náð, þ.e. niðurfellingu landamæraeftirlits á flugvöllum. Liechtenstein mun að öllum líkindum hefja þátttöku í samstarfinu í lok þessa árs svo og ESB ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría sem hafa lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum. Schengen-úttektir í Rúmeníu og Búlgaríu hafa staðið yfir á tímabilinu en er ekki lokið. Full þátttaka í Schengen, með opnun landamæra, er ekki enn á döfinni fyrir ESB ríkin Bretland og Írland, en þau munu þó taka Schengen-upplýsingakerfið í notkun við stækkun þess.

2. Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum á sviði dóms- og innanríkismála eru oft þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni, en hún var mynduð til að vera vettvangur þróunar og framkvæmdar Schengen reglna eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins árið 1999. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein (hér eftir nefnd EFTA-ríkin, til einföldunar án nokkurrar tengingar við starfsemi EFTA) og kemur nefndin saman á öllum stigum meðferðar mála, frá vettvangi sérfræðinga og embættismanna að vettvangi ráðherra. Fundir ráðherra í samsettu nefndinni á tímabilinu voru þrír, í febrúar, apríl og júní en þar að auki var ráðherrum EFTA-ríkja boðið til óformlegs ráðherrafundar sem haldinn var í Prag í janúar. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem ráðherrum þessara ríkja er boðið til óformlegs ráðherrafundar, sem eru

ávallt haldnir þegar nýtt aðildarríki tekur við formennsku í ESB. Efni hins óformlega fundar var margþætt en meðal þess sem átti að ræða var önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II). Ráðherrum EFTA-ríkjanna var þó boðið að taka þátt í öllum fundinum. Það er dóms- og kirkjumálaráðherra sem situr í nefndinni af hálfu íslenskra ráðherra. Hann átti þó ekki heimangengt á fundina á þessu tímabili og því sótti sendiherra Íslands í Brussel þá í hans stað.

Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið vel og þykir breytt verklag í samsettu nefndinni á vettvangi sendiherra og ráðherra hafa gefið góða raun. Í því felst að tryggt er að Schengen-málefni verða alltaf rædd efnislega í samsettu nefndinni áður en ESB ríkin taka þau til formlegrar samþykktar, en fundum sendiherra og ráðherra í samsettu nefndinni verður alltaf stýrt af formennskuríki ESB. Samkvæmt fyrra fyrirkomulagi skiptust Ísland og Noregur á að fara með formennsku í samsettu nefndinni á þessum vettvangi.

3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála á ýmsum stigum er á hverjum tíma til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðherraráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Eru það ýmist nýmæli eða uppfærslur og breytingar á þeim reglum sem mynda Schengen regluverkið. Meðal þeirra gerða sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru þessar:

- **Reglugerð og ráðsákvörðun um nýtt Schengen-úttektakerfi.**
- **Handbók um reglur Schengen ríkjanna um lögreglusamvinnu.**
- **Reglugerð um nýja stofnun sem sinnir rekstri stórra upplýsingakerfa.**
- **Ákvörðun um hvaða verkefnum hin nýja stofnun um rekstur upplýsingakerfa sinnir.**
- **Reglugerð um skiptifulltrúa í innflytjendamálum.**
- **Breytingar á reglugerð um ríkisborgara sem þurfa áritun inn á Schengen-svæðið.**

Á tímabilinu lauk m.a. eftirfarandi málum í samsettu nefndinni:

- **Reglugerð um vegabréfsáritanir (Visa Code).** Unnið er að gerð handbókar um reglugerðina í einni af framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar.
- **Reglugerð um breytingu á reglugerð um lífkenni í vegabréfum.**
- **Breytingar á sameiginlegri handbók um útgáfu áritana.**
- **Reglugerð um breytingu á landamærareglugerðinni (Schengen Borders Code).**
- **Ýmsar gerðir sem tengjast Schengen upplýsingakerfinu m.a. vegna yfirfærslunnar í nýja Schengen upplýsingakerfið, SIS II.**

4. Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar um Schengen-úttektir. Helstu verkefni Schengen-úttektarnefndarinnar á þessu misseri hafa verið úttektir vegna ríkja sem hafa óskað eftir aðild að Schengen-samstarfinu, reglubundnar úttektir vegna ríkja sem þegar eru aðilar að samstarfinu, undirbúningur nýrra þemaúttekta og umræður um tvær nýjar gerðir um framtíðarfyrirkomulag Schengen-úttekta.

Lokaúttektir vegna niðurfellingar persónueftirlits á flugvöllum í Sviss fóru fram í febrúar sl. og varð Sviss fullur aðili að samstarfinu hinn 1. mars eftir að hafa staðist þær. Þá var undirbúningur úttekta vegna fyrirhugaðrar inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í fullum gangi á tímabilinu. Venjubundnar úttektir voru framkvæmdar í Benelúxlöndunum, Frakklandi og Þýskalandi og eru þær enn yfirstandandi. Þá var undirbúningur hafinn að svokölluðum þemaúttektum sem eru nýmæli í Schengen-samstarfinu. Þema fyrirliggjandi úttekta er mansal og verða nokkur aðildarríki tekin út í því sambandi. Enn hefur ekki verið tekin lokaákvörðun um hvaða aðildarríki skuli sæta slíkum úttektum.

Framtíð Schengen úttektanefndarinnar og hugsanlega breytt fyrirkomulag á henni hefur verið til umræðu á síðustu misserum. Um árábil hefur staðið til að framkvæmdastjórnin fái aukið hlutverk við eftirlit með framkvæmd Schengen reglna. Meginmarkmið þess eru annars vegar að bæta verklag við úttektir og hins vegar að virða verkaskiptingu stofnana ESB. Í mars lagði framkvæmdastjórnin svo fram tvær tillögur að gerðum (reglugerð og ákvörðun) í þessu augnamiði. Tillögurnar kveða á um nýtt fyrirkomulag úttekta þegar um er að ræða ríki sem þegar eru aðilar að Schengen-samningnum. Samkvæmt tillögunum flyst forræði á úttektum frá ráðinu til framkvæmdastjórnarinnar. Sett verður á fót samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum allra aðildarríkjana. Hlutverk nefndarinnar verður að meginefni til hið sama og Schengen-úttektanefndarinnar samkvæmt núgildandi kerfi. Það sem breytist er að engar atkvæðagreiðslur fara fram í nefndinni og framkvæmdastjórnin stýrir henni. Úttektir verða með svipuðu sniði en hvert land tilnefnir sérfræðinga til úttekta. Framkvæmdastjórnin velur svo af þeim lista í hvert sinn úttekt skal framkvæmd. Þá kveða tillögurnar á um ótilkynntar skyndiúttektir sem fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar framkvæma. Einnig kveða tillögurnar á um eftirfylgni við tilmæli nefndarinnar og viðurlög ef þeim er ekki fylgt, en framkvæmdastjórnin getur höfðað mál á hendur því aðildarríki sem ekki verður við tilmælum um úrbætur. Viðurlagaákvæðin ná þó ekki til EFTA-ríkjana.

Tillögurnar hlutu dræmar undirtektir aðildarríkjana þegar þær voru settar fram og voru mörg atriði gagnrýnd, bæði er varða lagagrundvöll tillagnanna og efni. Þau helstu voru að ríkin töldu að of langt væri gengið í að framselja framkvæmdastjórninni vald á kostnað aðildarríkjana. Þá væru þær úrbætur sem í tillögunum fælust ekki nógu miklar til að réttlætt gæti að skipta út því úttektakerfi sem nú væri við lýði, sem byggðist á gagnkvæmu trausti aðildarríkjana og hefði þjónað vel tilgangi sínum frá upphafi Schengen-samstarfsins. Tillögurnar eru til umræðu í Schengen-úttektanefndinni og stefnir í langar umræður vegna andstöðu margra aðildarríkja.

Þess ber að geta að áður en tillögur framkvæmdastjórnarinnar voru lagðar fram höfðu margs konar úrbætur á verklagi við úttektir þegar komið til framkvæmda, s.s. aukið hlutverk landamærastofnunar í þjálfun úttektarmanna. Þá stóð Schengen-úttektanefndin að útgáfu bæklinga um úttektir, sem höfðar bæði til þeirra ríkja sem eru andlag úttekta og til þeirra sérfræðinga sem framkvæma úttektir. Bæklingurinn kom út í lok júlí.

5. Schengen-upplýsingakerfið

Stækkun Schengen-upplýsingakerfisins hefur verið fyrirhuguð um nokkra hríð og hefur nauðsynleg ESB-löggjöf vegna þess þegar verið samþykkt. Tæknivinna og þróun kerfisins hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og hefur ítrekað þurft að seinka gangsetningu þess. Í upphafi tímabilsins þótti nokkrum aðildarríkjum keyra um þverbak í seinaganginum og óskuðu eftir að kannaður yrði fýsileiki þess að skipta um verktaka og hefja nýja þróunarvinnu á fyrirliggjandi upplýsingakerfi. Sú könnun leiddi í ljós að lítill munur var fjárhagslega á því hvort haldið yrði áfram með SIS II eða hvort hin nýja lausn yrði valin. Að lokum þótti örlítið hagkvæmara að halda áfram með SIS II og var ákvörðun tekin um það á fundi ráðherranna í júnímánuði sl. Hins vegar var sett fram ströng tímaáætlun, sem er fylgiskjal við ráðsniðurstöðurnar. Samkvæmt áætluninni á kerfið að vera komið í gang í lok árs 2011. Tímaáætlunin skiptist í tvo áfanga. Ef markmiðum er ekki náð þegar kemur að fyrri áfanganum um mitt ár 2010 þá verður ákveðið að velja hina nýju lausn, nema tilskilinn meirihluti aðildarríkja kjósi að halda áfram með SIS II í kosningu sem fer fram innan tveggja mánaða frá niðurstöðu prófana.

Stækkun Schengen-upplýsingakerfisins felst í því að unnt verður að skrá fleiri atriði í kerfið, s.s. ljósmyndir og fingraför. Þannig verður unnt að bera kennsl á fólk með öruggari hætti en nú er þannig að eftirlit á landamærum getur gengið hraðar fyrir sig og sparað óþörf óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi. Stækkunin kallar á breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi og mun dómismálaráðherra mæla fyrir slíkum breytingum á Alþingi.

6. *Upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS)*

Reglugerð um upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (Visa Information System) var samþykkt árið 2004. Í VIS reglugerðinni felst að lífkenni, nánar tiltekið fingraför áritunarhafa, skuli færð í kerfið og lagt var til að þau skuli athuga við persónueftirlit á landamærum. Frá árinu 2004 hefur verið unnið að uppsetningu kerfisins og var áætluð gangsetning þess fyrst fyrirhuguð í lok 2008 en var svo seinkað þar til í desember 2009. Nú eru uppi blikur á lofti um hvort sú dagsetning muni standast. Einkum eru tvær ástæður fyrir mögulegri seinkun. Annars vegar hafa síðustu prófanir leitt í ljóst fjölda villa í kerfinu sem þarf að laga áður en gangsetning er möguleg, þær eru þó ekki af alvarlegum toga. Hins vegar eru nokkur aðildarríki svo skammt á veg komin í uppsetningu og undirbúningi kerfisins að ólíklegt er að þau verði tilbúin til að tengjast kerfinu á áætluðu tímamarki. Unnið er nú hörðum höndum að því að leysa þessi vandamál svo koma megi kerfinu í gang sem fyrst. Ísland hefur verið á áætlun með undirbúninginn.

7. *Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa?*

Framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tvær nýjar tillögur að gerðum, annars vegar reglugerð sem setur á fót stofnun til að halda utan um rekstur stórra upplýsingakerfa á sviði dóms- og innanríkismála og hins vegar ákvörðun sem felur stofnuninni verkefni. Stofnunin mun verða ábyrg fyrir Schengen-upplýsingakerfinu eftir stækkun þess (SIS II), upplýsingakerfinu í áritanamálum (VIS) og upplýsingakerfinu í hælismálum (EURODAC). Þá mótar tillagan jafnframt ramma um þróun annarra upplýsingakerfa en veitir ekki sértæka lagaheimild til að setja slík kerfi á fót. Tillögurnar verða ræddar í nefndum ráðsins í formennskutíð Svía.

8. *Framtíð stjórnunar ytri landamæra*

Í byrjun árs 2008 sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingar um framtíð stjórnunar á ytri landamærunum m.a. varðandi evrópskt eftirlitskerfi með landamærum. Með orðsendingunum lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á framkvæmd landamæraeftirlits Schengen-ríkjanna sem telja verður stærstu breytingar frá upphafi samstarfsins og leggur línurnar að næstu kynslóð í landamæravörslu þar sem reynt er að ná jafnvægi milli öryggis og að halda Evrópu opinni fyrir hinum heimsálfunum. Ráðherrar aðildarríkjanna fjölluðu um þessi mál og í ráðsniðurstöðum í júní 2008 koma fram fyrirætlanir þeirra. Þar bjóða þeir framkvæmdastjórninni að útfæra hugmyndirnar nánar í tillöguform fyrir ársbyrjun 2010. Hugmyndirnar framkvæmdastjórnarinnar ganga m.a. út á að setja á fót svo kallað „entry/exit kerfi“ sem gerir aðildarríkjum Schengen-samstarfsins bæði kleift að fylgjast betur með því að þeir útlendingar sem koma inn á Schengen-svæðið yfirgefi það aftur á réttum tíma um leið og kerfið flýtir fyrir landamæraeftirliti. Ríkisborgarar landa utan ESB geta sótt um að verða skrásettir ferðamenn (Registered Traveler). Sé þeim veitt slíkt leyfi geta þeir farið í gegnum landamæraeftirlit sem er sjálfvirkt eða að hluta sjálfvirkt. Þá stendur jafnframt til að bjóða íbúum Schengen-svæðisins upp á sjálfvirkt landamæraeftirlit þegar koma inn á Schengen-svæðið. Verði þetta kerfi að veruleika er ríkjum frjálst að ákveða hvort þau taka það upp á sínu landsvæði. Framkvæmdastjórnin hefur enn sem komið er ekki lagt fram tillögur sínar.

Meðferð tveggja gerða sem voru til umfjöllunar í ráðinu á síðasta ári, annars vegar reglugerðar um breytingu á reglugerð um lífkenni í vegabréfum og hins vegar nýrrar reglugerðar um vegabéfsáritanir, er nú lokið í ráðinu og munu þær birtast í stjórnartíðindum ESB (Official Journal) innan skamms. Með samþykkt fyrrnefndu gerðarinnar var aðildarríkjum Schengen-samstarfsins skylt að gefa út vegabréf með fingraförum allra þeirra sem eru eldri en 12 ára frá 29. júní 2009. Eingöngu neyðarvegabréf og ferðaskilríki með styttri gildistíma en 12 mánuði verða gefin út án fingrafara. Ísland hóf útgáfu vegabréfa hinn 29. júní sl. í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Með samþykkt síðari gerðarinnar er aðildarríkjum Schengen-samstarfsins skylt að gefa út vegabréfsáritanir með fingraförum allra þeirra sem eru 12 ára og eldri.

9. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar - Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefni sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar er vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið), en lagagrundvöllur þessara kerfa hefur verið lagður með reglugerðum og ráðsákvörðunum ESB, sem teljast þróun á Schengen-reglunum. Unnið er að því í dómsmálaráðuneytinu að undirbúa innleiðingu þessara gerða í íslenskan rétt. Undirbúningur lagasetningar vegna VIS er á lokastigi en undirbúningi löggjafar vegna SIS II hefur verið seinkað til samræmis við seinkun á gangsetningu kerfisins.

10. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

- Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera af Íslands hálfu sambærilega samninga og ESB gerir við þriðju ríki á sviðum endurviðtöku og áritana. Samningur Íslands við Rússland hefur verið fullgildur af Íslands hálfu og gert er ráð fyrir að fullgildingarferli vegna samninga við Albaníu ljúki á næstu vikum. Samningur við Macao var undirritaður fyrri hluta þessa árs og er unnið að fullgildingun hans. Samningaviðræður við Úkraínu og ríkin á Balkanskaga standa enn yfir.

Hinn 28. maí sl. gerði svo Evrópusambandið samning um áritanafrelsi við eftirfarandi sex ríki: Míritíus, Barbadoseyjar, Sankti Kitts og Nevis, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar og Seychelles-eyjar. Gert er ráð fyrir að viðræður við fyrrgreind ríki hefjist fyrir lok árs.

- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði (EBF)

Samningaviðræðum ESB við íslensk stjórnvöld vegna þátttöku Íslands og hinna EFTA ríkjanna í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen (External Borders Fund) lauk hinn 30. júní sl. með áritun samningsins. Samkvæmt landamærasjóðsgerðinni (ákvörðun ráðs og þings nr. 574/2007/EC frá 23. maí 2007), sem telst þróun á Schengen-gerðunum, taka EFTA-ríkin þátt í landamærasjóðnum en gera þarf sérstakan samning við þau um nánari útfærslu. Talsverðar tafir urðu á upphafi samningsviðræðna af ýmsum ástæðum, m.a. að erfitt reyndist á ESB hliðinni að sammælast um umboð til framkvæmdastjórnarinnar til samninga við EFTA ríkin um þátttökuna í sjóðnum. Þegar samningaviðræður loks hófust í byrjun síðasta árs gengu þær afar treglega en uppi var ágreiningur um hámarksfjárhæð sjóðsins og reiknireglu þá sem miða bar við. Kröfur framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á fjárframlögum EFTA ríkjanna voru ekki í samræmi við þann lagagrundvöll sem EFTA-ríkin töldu rétt að miða við. Að lokum náðist ásættanleg niðurstaða fyrir alla samningsaðila. Fyrir liggur þó að fjárframlag af Íslands hálfu til sjóðsins verður mun hærra en þeir styrkir sem unnt verður að sækja um úr honum. Samkvæmt samningnum skulu greiðslur í sjóðinn inntar af hendi í febrúar á hverju ári og er fyrsta greiðslan á gjalddaga 1. febrúar 2010 en það er greiðsla fyrir árin 2009 og 2010.

Undirritun samningsins er fyrirhuguð innan skamms og mun fullgildingarferli fara fram í kjölfarið. Jafnframt því mun vinna við uppsetningu nauðsynlegrar stjórnarsýslu í kring um sjóðinn fara fram í dómsmálaráðuneytinu.

Þrátt fyrir að samningur hafi ekki verið undirritaður fyrr en nýverið hefur fulltrúi Íslands tekið þátt í vinnu framkvæmdarnefndar framkvæmdastjórnarinnar sem ætlað er að sinna málefnum Landamærasjóðsins. Þátttöku í vinnu framkvæmdanefndarinnar er ætlað að tryggja aðild Íslands að ákvörðunum um hvernig fé sjóðsins verði best varið til þessa mikilvæga verkefnis.

- Samningur um þátttöku Íslands í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (Comitology Committees)

Samningaviðræðum ESB og EFTA-ríkjanna um þátttöku í svo kölluðum framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar lauk hinn 30. júní sl. með áritun samningsins. Samningaviðræðurnar höfðu dregist vegna tímaskorts þeirra sem fjalla um dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórninni, enda hvorki forgangsmál hjá ESB né EFTA ríkjum í ljósi þess að þátttaka í starfi nefndanna er í raun tryggð með bréfaskiptum sem fylgdu samningnum um Schengen samstarfið frá 1999 og útfærð í málsmeðferðarreglum fyrir hverja nefnd fyrir sig.

Með samningnum er þátttaka Íslands í starfi nefndanna tryggð og hefur Ísland sama rétt til undirbúnings og þátttöku í mótun gerðanna eins og í samsettu nefndinni. Þá var með samningnum tekið upp sama málsmeðferðarkerfi við tilkynningar og innleiðingu gerða eins og kveðið er á um í Schengen-samningnum að því frábrugðnu að það er framkvæmdastjórnin en ekki ráðið sem sendir og tekur við tilkynningum. Undirritun samningsins er fyrirhuguð á næstunni og mun fullgildingarferli taka við í kjölfarið.

- Dublin-samstarfið

Samstarf Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli svokallaðs Dyflinar-samnings, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli, hefur gengið vel sem fyrr. Nýjar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu voru lagðar fram í lok síðasta árs og hafa verið ræddar í sérfræðinganefndum í ráðinu á tímabilinu sem og á Evrópuþinginu. Fyrstu yfirferð þingsins og ráðsins yfir tillögurnar lauk á tímabilinu en niðurstöður þingsins má finna hér:

Dublin: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+TA+P6-TA-2009-0377+0+DOC+XML+V0//EN&language=EN>

Eurodac: <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+TA+P6-TA-2009-0378+0+DOC+XML+V0//EN&language=EN>

Hinar nýju reglur hafa ekki áhrif á íslenska löggjöf um hælismál, en kalla hugsanlega á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á. Á grundvelli samstarfssamnings EFTA-ríkjanna og ESB um þátttöku í Dublin var sett á fót sérstök nefnd, sameiginlega nefndin, þar sem allar breytingar sem gerðar eru á Dublin-reglum eru ræddar. EFTA-ríkin og framkvæmdastjórn ESB eiga sæti í nefndinni. Framkvæmdastjórnin sem fór með formennsku í nefndinni fyrri hluta árs kallaði nefndina saman þegar fyrstu umræðu um tillögurnar lauk í ráðinu og upplýsti EFTA-ríkin um hver helstu ágreiningsefni væru og EFTA-ríkin komu jafnframt sínum sjónarmiðum á framfæri. Næsti fundur er fyrirhugaður í október en Sviss fer með formennsku í nefndinni á síðari hluta ársins.

11. Lögreglusamvinna

- Endurútgáfa lögregluhandbókar

Á fyrri hluta árs 2008 var ákveðið að ráðast í endurútgáfu lögregluhandbókar sem innihalda á í einni heildstæðri útgáfu allar reglur ESB um lögreglusamvinnu. Endurskoðunin var löngu tímabær þar sem þau verkfæri, bæði lög og reglur, sem í gildi eru um lögreglusamvinnu hafa verið sundurleit og sum jafnvel lítið þekkt. Handbókin er nú á lokastigi og verður væntanlega samþykkt innan skamms.

- Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX)

Ísland tekur sem fyrr þátt í starfsemi Landamærastofnunar Evrópu á grundvelli reglugerðar ESB um stofnunina (reglugerð (EC) nr. 2007/2004 frá 26. október 2004), sem telst þróun á Schengen-reglum og sérstaks samkomulags við ESB sem var undirritað 2006. Stofnunin er staðsett í Varsjá og hóf starfsemi í maí 2005. Hefur umfang hennar vaxið mjög á starfstímanum með tilheyrandi aukningu á fjárframlögum til hennar og nú síðast var ákveðið að auka fjárframlög ársins 2009 til stofnunarinnar um 5 milljónir Evra.

Íslenskur lögreglumaður tók þátt í einu af sameiginlegum verkefnum stofnunarinnar á tímabilinu, „Hammer-verkefninu“ sem fram fór á Leonardo da Vinci flugvelli í Róm 10.-24. febrúar sl. Var þetta 4. áfangi verkefnisins af 5, sem fór fram í 10 löndum á samtals 42 flugvöllum víðsvegar um Evrópu en 19 þeirra tóku á móti erlendum lögreglumönnum. Ísland var að þessu sinni hluti af „operational area“ þ.e. Keflavíkurflugvöllur tók við tveimur erlendum lögreglumönnum á meðan á verkefninu stóð og er það í fyrsta skipti sem það hefur verið gert í tengslum við verkefni á vegum Frontex, Keflavíkurflugvöllur hefur þó áður verið hluti af sameiginlegum verkefnum Frontex en þá bara sem hluti af skýrslugefandi flugvöllum. Markmið aðgerðarinnar var að sporna við ólöglegri för fólks yfir landamæri. Ísland hefur einu sinni áður tekið þátt í svona verkefni, „Long Stop-verkefninu“ á Frankfurtflugvelli í mars í fyrra.

- Prüm

Formlegum samningaviðræðum Noregs og Íslands við ESB um þátttöku í svokölluðum Prüm-samningi um lögreglusamvinnu, sem hófust um mitt ár 2008, lauk í lok nóvember á síðasta ári og er undirritun samningsins á döfinni. Prüm-samstarfið felst í auknum og einfaldari upplýsingaskiptum lögregluvalda ríkjanna, til dæmis gagnkvæmum aðgangi að gagnaböndum sem geyma lífkennaupplýsingar (DNA og fingraför), upplýsingum úr bifreiðaskráum auk náinnar samvinnu lögreglu yfir landamæri.

12. Samvinna á sviði sakamála

Ísland hefur gert tvo samninga við ESB á sviði sakamálasamvinnu, þ.e. samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð og samninginn um Evrópsku handtökuskipunina. Báðir samningarnir hafa verið fullgiltir af Íslands hálfu en þeir koma þó ekki til framkvæmda fyrr en öll aðildarríki ESB hafa samþykkt þá.

Samvinna á sviði sakamála innan ESB hefur færst mikið í vöxt og hefur stefna ESB verið að samræma eins og hægt er refsiréttarkerfi aðildarríkjanna. Ákveðnar línur voru lagðar í þeim efnum með ákvörðun ráðsins um sérstaka áætlun á réttarvörsluviðinu frá 2007-2013 (ákvörðun nr. 2007/126/JHA, 12. feb. 2007). Þá var rammaákvörðun um gagnkvæma viðurkenningu á refsidómum samþykkt í lok síðasta árs (rammaákvörðun nr. 2008/909/JHA, 27. nóv. 2008) og nú síðast samþykkt rammaákvörðun sem samræmir reglur aðildarríkjanna sem gilda um viðurkenningu dóma yfir sakborningum sem eru dæmdir að

þeim fjarstöddum (rammaákvörðun 2009/299/JHA, 26. feb. 2009). Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland og eru rædd utan samsettu nefndarinnar en fulltrú dómsmálaráðuneytisins fylgst með framvindu mála.

13. Samvinna á sviði einkamála

Nýr Lúganó-samningur var undirritaður þann 30. október 2007 af hálfu ESB, Íslands, Noregs og Sviss og Danmörku skömmu síðar. Íslensk stjórnvöld vinna nú að fullgildingu samningsins. Hinn nýi samningur er efnislega samhljóða reglugerð ESB nr. 44/2001, um lögsögu, viðurkenningu og fullnustu dóma á sviði einkamálaréttar og gilda því sömu formreglur á sviði einkamálaréttarfars í aðildarríkjum samningsins. Í desember 2008 samþykkti ESB svo nýja framfærslureglugerð sem hefur einnig að geyma málsmeðferðarreglur. EFTA-ríkin lýstu strax yfir vilja til að taka sambærilegar reglur upp í Lúganó-samninginn og hófust samningaviðræður við ESB í því skyni í byrjun árs og eru yfirstandandi.

FÉLAGS- OG VINNUMÁL

FÉLAGSMÁL

Almannatryggingar

Þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 féllu allir flokkar almannatrygginga á Íslandi, aðrir en lífeyrissjóðir og barnabætur, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Tryggingastofnun ríkisins heyrði einnig undir það ráðuneyti. Lífeyrissjóðir og barnabætur féllu undir fjármálaráðuneytið. Með breytingum á verkaskiptingu ráðuneyta 1. janúar 2008 falla eingöngu sjúkra- og slysatryggingar undir heilbrigðisráðuneytið, aðrir bótaflokkar og Tryggingastofnun heyra nú undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Lífeyrissjóðir og barnabætur eru áfram á forræði fjármálaráðuneytisins, svo og tryggingagjald. Á árinu 2008 tók til starfa ný stofnun, Sjúkratryggingastofnun, sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið, og annast hún nú sjúkra- og slysatryggingar. Í kjölfar breyttar verkaskiptingar ákváðu fyrrnefnd ráðuneyti í nóvember 2008 að stofna sérstakan samráðshóp til að efla samráð ráðuneytanna og auka aðkomu sérfræðinga vegna EES-mála á sviði almannatrygginga.

Undanfarin tvö til þrjú ár hefur EFTA-vinnuhópurinn um almannatryggingar haft reglulega á dagskrá nýja heildareglugerð Evrópusambandsins um almannatryggingar, reglugerð ESB nr. 883/2004. Einnig hefur hópurinn fylgst með þróun mála varðandi væntanlega framkvæmdareglugerð en tillaga að henni hefur verið til meðferðar í þinginu og ráðinu, ásamt tillögu að reglugerð um breytingu á rg. 883/2004. Framkvæmdareglugerðin er eðli máls samkvæmt mikilvæg fyrir framkvæmdaaðilana innan stjórnslunnar. Breytingareglugerðin er mikilvæg, m.a. vegna þess að henni fylgja viðaukar með sérstökum ákvæðum og undantekningum fyrir aðildarríkin. Innleiðing þessara þriggja reglugerða kallar á heildarendurskoðun á viðauka VI við EES-samninginn. Reglugerðirnar munu leysa af hólmi reglugerð ESB 1408/71 um almannatryggingar og framkvæmdareglugerð með henni og er nú gert ráð fyrir að þær komi til framkvæmdar vorið 2010 innan ESB.

Fyrrnefnd ráðuneyti hafa nú öll samþykkt (apríl 2009) staðalskjal vegna reglugerðar ESB nr. 883/2004 og unnið er að nýjum viðauka VI á vettvangi EFTA-vinnuhópsins um almannatryggingar. Þegar hefur einn fundur verið haldinn með fulltrúum

framkvæmdastjórnarinnar um nýjan viðauka VI. Markmið vinnuhópsins er að tímabilið frá því að nýju reglugerðirnar koma til framkvæmdar innan ESB og þar til breytingin á viðauka VI og nýju reglugerðirnar taka gildi innan EES verði sem styst. EFTA skrifstofan áætla nú að það geti orðið vorið 2011.

Velferðaráttak ESB

Í upphafi formennsku Frakka í ESB, dagana 2. og 3. júlí 2008, lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram yfirgripsmikla tillögu að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun um félagsmál (Renewed Social Agenda). Hún hefur verið kölluð velferðaráttak ESB, og miðar að því að auka aðgengi, tækifæri og félagslegt réttlæti borgara í aðildarríkjunum. Markmið áttaksins hafa í sjálfu sér ekki breyst mikið frá fyrri framkvæmdaáætlun sama efnis frá árinu 2005, en að mati framkvæmdastjórnarinnar knýja þjóðfélagsbreytingar undanfarinna ára á um markvissari aðgerðir og ný vinnubrögð til að fylgja stefnunni eftir. Hér er einkum vísað til breytinga samfara alþjóðavæðingu, tækninýjunga sem kalla á nýja þekkingu og færni, breytinga í samsetningu mannfjöldans, aukins fjölda innflytjenda til Evrópu og loftslagsbreytinga sem krefjast breyttra lífshátta.

Hvorki tékkneska eða sænska formennskan hafa nálgast sín verkefni á sama hátt og franska formennskan gerði á árinu 2008. Í stað heildstæðrar verkáætlunar á velferðarsviðinu hefur kröftunum verið beint meira að einstökum verkefnum, sem vissulega eru hlutar af velferðaráttakinu. Þannig hefur til að mynda verið samþykkt tilskipun um evrópsk samstarfsráð og tillögum að tilskipunum um jafnræði einstaklinga og heilbrigðisþjónustu yfir landamæri hefur verið þokað áfram gegnum stofnanir ESB. Margir þættir velferðaráttaksins fléttast líka saman við Lissabonstefnumörkunina, en ný áætlun þess efnis, sem nær jafnt til efnahagslegra og félagslegrar þátta, mun væntanlega líta dagsins ljós á næstu misserum (Lisbon post-2010).

Evrópuárið 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun

Unnið er að undirbúningi Evrópuársins 2010, sem að þessu sinni verður helgað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Ráðherraráðið ákvað á fundi sínum 2. október 2008 í Lúxemborg að yfirskrift Evrópuársins 2010 verði *Evrópuár baráttunnar gegn fátækt og félagslegri einangrun* (European Year for Combating Poverty and Social Exclusion). Málið var til umfjöllunar á vettvangi EFTA í byrjun ársins 2009 og hafa öll EFTA-löndin ákveðið að taka þátt í þessu verkefni.

Þann 17. apríl 2009 var haldinn í Brussel undirbúningsfundur fyrir Evrópuárið 2010 og var þar bæði farið yfir hvað gert verður á evrópskum vettvangi og í hverju landi fyrir sig. Á fundinum og síðar í samtölum við starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar kom fram að fjárframlög ESB til Íslands vegna framkvæmdar Evrópuársins 2010 gætu numið allt að 120.000 evrum. Til þess að svo megi verða þarf að gera verkáætlun fyrir Ísland, stofna landsnefnd, tryggja mótframlög og veita framkvæmdaáðilum hjá ESB tilgreindar upplýsingar um framkvæmd verkefnisins.

Hagur aldraðra og þjóðfélagsþróunin

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti 29. apríl sl. [orðsendingu](#) til Ráðherraráðsins og Evrópuþingsins um áhrif öldrunar á þróun mála í Evrópu. Jafnframt hefur verið birtur framreikningur í [Öldrunarskýrslu fyrir árið 2009](#) um tengsl öldrunar og útgjaldþróunar fyrir tímabilið 2008-2060. Þessir útreikningar eru byggðir á gögnum um lýðfræðilega þróun frá Eurostat, Hagstofu Evrópu. Fjármálaráðherrar ESB báðu um umrædda skýrslu og var hún unnin í samstarfi við Efnahagsstefnunefnd ESB (EU's Economic Policy Committee).

Evrópubúar lifa lengur og eru almennt við betri heilsu en fyrri kynslóðir. Allur aðbúnaður og aðstæður eldri borgara hafa tekið stakkaskiptum á nokkrum áratugum. Engu að síður er ljóst að mörg efnahagsleg, fjárhagsleg og félagsleg viðfangsefni bíða úrlausnar, ef tryggja á velferð eldra fólks næstu áratugina.

Í ofangreindri orðsendingu kemur fram að ríkisstjórnir landanna hafi enn tækifæri til þess að bregðast við þróuninni áður en hinir stóru árgangar eftirstríðsáranna fara á eftirlaun. Það er því mikilvægt að grípa þegar til margvíslegra aðgerða til eflingar efnahagslífsins og framfylgja fyrirliggjandi áætlunum ESB, t.d. áætlun ESB um endurreisn efnahagslífsins frá því í desember 2008.

Framreikningar sýna að aldurstengd útgjöld muni vaxa um 4 ¾ prósentustig af vergri þjóðarframleiðslu innan ESB fram til ársins 2060. Á sama tíma er reiknað með að hlutfall fólks á vinnualdri og íbúa eldri en 65 ára verði 2:1, en það er nú 4:1. Hækkandi aldur íbúa Evrópu mun þannig hafa veruleg áhrif á efnahag landanna strax á öðrum áratugi þessarar aldar.

Lífeyriskerfi og þróun eftirlauna

Nokkrar umræður hafa átt sér stað á evrópskum vettvangi um áhrif efnahagskreppunnar á [lífeyrisgreiðslur og lífeyriskerfi](#) í löndum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn ESB telur að flestir Evrópubúar sem eru að fara á eftirlaun þurfi ekki að hafa sérstakar fjárhagsáhyggjur. Lífeyriskerfi landanna séu tiltölulega öflug og ættu að öllu óbreyttu að geta tryggt fjárhagslegt öryggi og sjálfræði flestra eldri borgara. Engu að síður hefur efnahagskreppan beint augum manna að vissum þáttum lífeyriskerfanna, sérstaklega þeim lífeyrissjóðum sem byggjast á uppsöfnun fjármagns, en slíkir sjóðir hafa fundið fyrir og beinna fyrir áhrifum efnahagskreppunnar en aðrar tegundir lífeyrissjóða.

Eignir séreignasjóða hafa fallið mikið í verði síðustu misserin, en framkvæmdastjórn ESB telur að lífeyrissjóðirnir hafi almennt ekki fjárfest mikið í þeim eignasöfnum sem einkum hafa grafið undan alþjóðafjármálakerfinu. Enn vantar þó tilfinnanlega ítarlegri upplýsingar um stöðu lífeyrissjóða og raunávöxtun þeirra síðustu mánuðina. Því er ekki hægt að útiloka að mörg lönd geti staðið frammi fyrir því að þurfa að aðlaga lífeyriskerfi sín að breyttu umhverfi.

Þess ber og að geta að miklar breytingar á lýðfræðilegri samsetningu evrópskra þjóðfélaga munu auka þrýsting á lífeyriskerfi landanna næstu áratugina. Talið er að á tímabilinu 2017 til 2042 muni fólki 60 ára og eldra í Evrópu fjölga að meðaltali um tvær milljónir á ári. Í dag er sömuleiðis hlutfall þeirra sem eru á vinnualdri og þeirra sem hættir eru störfum 4:1 en um 2060 er gert ráð fyrir að hlutfallið verði orðið 1:1. Þetta segir sína sögu og víst er að stjórnenda lífeyrismála bíða mörg krefjandi viðfangsefni í framtíðinni.

Félagslegar aðgerðir til höfuðs kreppunni

Samræmdar aðgerðir í félagsmálum geta dregið úr skaðlegum áhrifum efnahagskrísunnar á þá íbúa sem eiga undir högg að sækja í Evrópu og um leið lagt sitt af mörkum til endurreisnar efnahagslífsins.

Þetta kemur fram í sameiginlegri skýrslu framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs ESB um félagsvernd og félagslega samheldni árið 2009 ([Joint Report on Social Protection and Social Inclusion 2009](#)), sem birt var 5. mars 2009. Í skýrslunni er fjallað um samþættingu

stefnumörkunar aðildarríkjanna að því er varðar félagslega samheldni, lífeyrismál, heilbrigðismál o.fl.

Fram kemur að atvinnuleysi í löndum ESB hefur vaxið frá því að vera að meðaltali 6,8% í apríl 2007 upp í 7,6% í janúar 2009. Jafnframt er talið að 16% íbúa Evrópu lifi undir þröskuldi fátæktarmarka (skilgreint sem tekjur undir 60% af miðgildi tekna í viðkomandi landi). Ójöfnuður í heilsufari er sömuleiðis viðvarandi hvort sem um er að ræða samanburð eftir félagshagfræðilegum mælikvörðum, menntun eða með tilliti til búsetu.

PROGRESS

PROGRESS er evrópsk áætlun á sviði vinnumála og félagslegrar samstöðu sem hleypt var af stokkunum árið 2007 og er ætlað að standa til ársins 2013. Henni var komið á fót til þess að vinna að markmiðum ESB á sviði vinnu- og félagsmála eins og þau eru skilgreind í velferðaráttaki sambandsins (EU's Social Agenda), og tengjast því umrædd markmið Lissabonstefnumörkuninni frá árinu 2000.

PROGRESS-verkefnið var nýlega kynnt á Íslandi þegar farið var í sérstakt kynningarátak víðs vegar um landið á öllum Evrópuáætlunum sem Ísland er aðili að. Á sama tíma var opnuð heimasíðan *evropusamvinna.is*, en þar er hægt að nálgast upplýsingar um allar Evrópuáætlanir sem Ísland tekur þátt í. Jafnréttisstofa hefur sótt um tvö verkefni til PROGRESS-áætlunarinnar og fengið styrk í báðum tilvikum. Þá sótti félags- og tryggingamálaráðuneyti, í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, um styrk í verkefnið *Jafnrétti núna* og var umsóknin samþykkt. Ennfremur er nú til umfjöllunar umsókn Háskóla Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Jafnréttisstofu og Alþjóðahúss um styrk að upphæð 50 milljónir króna.

Daphne III

Áætlun ESB **Daphne III** fyrir tímabilið 2008-2013 beinist að því að vinna gegn ofbeldi gagnvart börnum, ungmennum og konum. Meginmarkmiðið er að hvetja til og koma á fót skammtíma- og langtímaverkefnum sem ætlað er að vernda þessa hópa fyrir hvers kyns ofbeldi, efla stuðning við þolendur ofbeldis og stuðla að bættu líkamlegu og andlegu heilbrigði. Um styrki til verkefna geta sótt frjáls félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir, háskólar, rannsóknarmiðstöðvar, sveitarfélög og allir sem vilja vinna gegn ofbeldi gagnvart fyrrnefndum þjóðfélagshópum.

Daphne III var eins og PROGRESS-verkefnið kynnt víðs vegar um Ísland þegar farið var í sérstakt kynningarátak á öllum Evrópuáætlunum. Ísland sótti ekki um neina styrki til Daphne III þegar síðast var auglýst, en starfsmaður Jafnréttisstofu hafði samband við félagasamtök sem töldust hafa möguleika á því að fá styrki og hvatti þau til að sækja um. Jafnframt því sem starfsmaðurinn bauð fram sína aðstoð við að undirbúa og vinna umsóknum brautargengi. Þó að ekki hafi borist umsóknir að þessu sinni þá er áætlunin nú orðin vel kynnt og það ætti að auðvelda félagssamtökum og öðrum að nýta tækifærið á næsta ári.

JAFNRÉTTISMÁL

Skýrsla um jafnrétti kynjanna

Framkvæmdastjórn ESB kynnti í lok febrúar 2009 árlega **skýrslu sína um stöðu jafnréttismála** í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Árið 2008 var miðpunktur innleiðingar á svonefndu

Vegakorti til jafnréttis kvenna og karla, sem sett var fram sem staðfesting á skuldbindingu framkvæmdastjórnarinnar til þess að efla jafnrétti kynjanna. Aðildarríkin hafa einnig staðfest slíka skuldbindingu með því að skrifa undir Evrópska sáttmálann um jafnrétti kynjanna (The European Pact for Gender Equality).

Sameiginlegar aðgerðir hafa miðað málum í átt til meira jafnréttis, sérstaklega að því er snertir atvinnuþátttöku kvenna, en þróunin í heild er hægfara á flestum sviðum og mikið vantar enn á að settum markmiðum hafi verið náð. Í Lissabon stefnumörkuninni frá árinu 2000 var sett það markmið að atvinnuþátttaka kvenna yrði orðin 60% árið 2010, en hún hefur vaxið að meðaltali úr 51,1% árið 1997 í 58,3% árið 2007. Munurinn er þó mismunandi mikill frá einu landi til annars eða frá því að vera lægst 36,9% í hæst 73,2%.

Á fundi í Barcelona árið 2002 mælti leiðtogaáráð Evrópusambandsins með því við aðildarríkin að gert yrði átak í uppbyggingu barnaheimila og aðstöðu fyrir börn undir skólaaldri. Þannig að minnst 90% barna frá þriggja ára aldri að skólaaldri gætu vistast á slíkum stofnunum og minnst 33% barna undir þriggja ára aldri. Þetta eru hin svonefndu Barcelonamarkmið. Þessar aðgerðir áttu að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku kvenna og skapa meira jafnvægi milli kvenna og karla í atvinnulífinu. Áhersla er lögð á að áfram verði haldið á þeirri braut.

Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga

Hluti af velferðarátaki ESB var tillaga að tilskipun ([COM\(2008\)426 final](#)), sem lögð var fram 2. júlí 2008, um jafnræði einstaklinga óháð trúarbrögðum, skoðunum, fötlun, aldri eða kynhneigð. Tillagan kveður sérstaklega skýrt á um bann við mismunun utan vinnumarkaðar. Fyrsta umræða um tilskipunartillöguna fór fram á fundi ráðherraráðsins 2. október 2008. Evrópuþingið afgreiddi tillöguna með nokkrum breytingum á fundi sínum 2. apríl 2009 og ráðherraráðið fjallaði um framvindu málsins á fundi sínum 8. júní 2009. Þar kom fram að aðaláhersla í meðferð málsins hjá vinnuhópi ráðherraráðsins hefur verið á ákvæði sem varða atriði er tryggja eiga að fötluðu fólki sé ekki mismunað.

Umrædd tillaga byggir á og fylgir eftir tilskipunum 2000/78, 2004/43, og 2004/113, sem allar snúa að banni við mismunun á sviði vinnu, aðgangs að vöru og þjónustu, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Engin þeirra hefur enn verið tekin upp í EES-samninginn og var afstaða EFTA-ríkjanna á sínum tíma sú að þær ættu ekki heima þar, þar sem þær byggðu á 13. gr. Rómarsamningsins en sú grein kom inn með Amsterdamsáttmála ESB, eða eftir að EES-samningurinn var gerður. Tilskipun 2004/113 hefur aftur verið til umræðu meðal EFTA-ríkjanna undanfarna mánuði og voru þau í byrjun júlí 2009 sammála um að engir efnisþættir stæðu í vegi fyrir því að taka hana upp í EES-samninginn. Það er því aðeins tímaspursmál hvenær hún verður innleidd í löggjöf landanna.

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins ([European Institute for Gender Equality](#)) var formlega komið á fót í Vilnius í Litháen 20. desember 2006 og auglýst var eftir forsvarsmanni stofnunarinnar í apríl 2007. Fyrir liggur að 52,5 milljónum evra verði varið til starfseminnar á tímabilinu 2007-2013. Erfiðlegar hefur hins vegar gengið að koma stofnuninni á laggirnar og var framkvæmdastjóri til að mynda ekki ráðinn fyrir en 16. apríl 2009. Jafnréttisstofnunin er tímabundið staðsett í Brussel á meðan verið er að greiða úr ýmsum praktískum og formlegum málum, svo sem útvegum húsnæðis í Vilnius, ráðningu starfsfólks og gerð starfsáætlunar fyrir stofnunina. Búist er við að Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins geti hafið störf í Vilnius í ársbyrjun 2010.

EES/EFTA-ríkin höfðu mikinn áhuga á að gerst fullgildir aðilar að stofnuninni en ekki tókst að komast að niðurstöðu um aðkomu þeirra að stjórn stofnunarinnar. Af hálfu ESB var gert ráð fyrir að einungis tveir þriðju aðildarríkjanna eigi á hverjum tíma sæti í stjórn og enginn frá EES/EFTA- ríkjunum. EES/EFTA-ríkin töldu hins vegar að mikilvægt væri að passað yrði upp á aðkomu EFTA-ríkjanna að stjórninni, og að þau fengju rétt til setu í stjórn á sömu forsendum og ESB ríkin að undanskildum atkvæðisrétti.

EES/EFTA-ríkin sendu formennskulandinu, Frakklandi, bréf dags. 4. desember 2008, þar sem þess var óskað að lausn yrði fundin sem væri í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um samstarf EFTA og ESB um 14 ára skeið. Bréfið var sent í kjölfar ótal árangurslausra viðræðna við framkvæmdastjórnina um málið. Í svarbréfi tékknesku formennskunnar, dags. 29. janúar 2009, var upplýst að ekki væri unnt að koma til móts við óskir EFTA-ríkjanna. Það varð síðan til þess að EES/EFTA-ríkin drógu til baka ósk sína um þátttöku í stofnuninni. Var það einkum gert með hliðsjón af því að þátttaka á fyrrgreindum forsendum myndi skapa nýtt fordæmi varðandi þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í stofnunum ESB.

VINNUMÁL

Efnahagskreppan og vinnumarkaðurinn

Þann 19. maí 2009 stóð framkvæmdastjórn ESB fyrir málþingi í Brussel um viðbrögð vinnumarkaðarins við efnahagskreppunni. Þar voru saman komnir stjórnámálemenn, sérfræðingar, fræðimenn og embættismenn víða að. Einna mesta athygli vakti erindi Þjóðverjans Kurt Vogel Ludwig frá Economix Research and Consulting í München.

Kurt Vogel Ludwig telur að það sé engum vafa undirorpið að efnahagskreppan eigi rót sína að rekja til vaxandi frelsis á mörkuðum sl. tvo áratugi. Markaðskraftarnir sköpuðu uppsveiflu í hagkerfi heimsins eftir síðustu aldamót sem átti sér engin fordæmi í sögunni og jafn víst er að þessir kraftar voru ekki færir um að skilja og takast á við áhættur á nýjum mörkuðum. Þjóðverjinn telur að það séu einkum þrjú atriði sem hafi leyst kreppuna úr læðingi:

- Opnun fjármagnsmarkaða.
- Mistök í áhættustjórnun.
- Misbrestur í opinberu eftirliti með fjármagnsmörkuðum.

Jafnvel þó einstaka sérfræðingar hafi varað við óheillavænlegri þróun á fjármagnsmörkuðum, var mikill meirihluti gerenda á markaði sannfærður um ágæti nýrra viðskiptamódelna og gátu þannig ekki áttað sig á því hvert stefndi. Markaðirnir voru einfaldlega ekki færir um að leiðrétta sig sjálfir, nema gegnum harkalega kreppu, og þar erum við stödd núna.

Umfang efnahagskreppunnar er enn óþekkt og þar með dýpt og lengd hins efnahagslega samdráttar. Margt bendir til þess að neikvæð áhrif kreppunnar muni standa yfir um langan tíma og hafa í för með sér aukið atvinnuleysi og vaxandi félagslegt óréttlæti. Pólitískir jarðskjálftar verði tíðari en hingað til og félagslegum stöðugleika sé víða hætta búin.

Til þess að ráða bót á ástandinu tilgreinir Kurt Vogel Ludwig fimm meginþætti sem nauðsynlegt sé að hafa að leiðarljósi í aðgerðum stjórnvalda:

- Endurskipulagning fjármálageirans.

- Varðstaða um núverandi störf.
- Stuðningur við atvinnusköpun.
- Aðlögun vinnuaflds að breyttum kröfum og sveigjanlegri vinnutími.
- Aðgerðir til þess að draga úr félagslegu ójafnvægi.

Með hliðsjón af alvarleika kreppunnar er ljóst að stefnan í atvinnumálum vegur þyngra en áður í samanburði við stefnuna í efnahags- og peningamálum. Hlutverk atvinnnumála-stefnunnar er annars vegar að koma á jafnvægi í atvinnumálum og hins vegar að stuðla að félagslegu jafnvægi í löndunum. Þetta er í sjálfu sér ekki nýtt hlutverk en umfang verkefnanna er mun viðameira en áður hefur þekkt.

Toppfundir gegn atvinnuleysi

Þann 7. maí sl. var haldinn í [Prag toppfundur ESB](#) um ástandið í atvinnumálum og afleiðingar efnahagskreppunnar á atvinnulífið í Evrópu. Leiðtogar formennskulandsins Tékklands og verðandi formennskulanda, Svíþjóðar og Spánar, þinguðu með aðilum vinnumarkaðarins. Fundinn sátu einnig forseti framkvæmdastjórnarinnar, José Manuel Barroso, og Vladimir Spidla framkvæmdastjóri vinnumála hjá ESB.

Markmið toppfundarins var að reyna að koma sér saman um praktískar leiðir til þess að halda fólki í vinnu og koma þeim sem misst hafa vinnuna til starfa á ný eins fljótt og unnt er. Sömuleiðis var rætt um hvernig samræma mætti aðgerðir á evrópskum vettvangi og í hverju landi fyrir sig. Einnig var fjallað um hvernig mætti nýta tæki og fjármuni sem ESB ræður yfir, þ.m.t. Evrópska félagsmálasjóðinn (European Social Fund) og Evrópska hnattvæðingarsjóðinn (European Globalisation Fund). Í lok fundarins samþykktu ráðherrarnir áætlun í tíu liðum um ráðstafanir gegn vaxandi atvinnuleysi. Jafnframt hvöttu þeir aðildarríkin til þess hraða aðgerðum sem miða að því að auka aðgengi að störfum í atvinnulífinu, sérstaklega fyrir ungt fólk og þá sem hafa aukið menntun sína og verkunnáttu.

Í kjölfar Pragfundarins tók framkvæmdastjórn ESB saman orðsendingu sem byggð var á lokaskjali fundarins og var hún síðan lögð ásamt fleiri gögnum fyrir fund leiðtogaráðs ESB 18.-19. júní í Brussel. Í orðsendingunni, sem bar yfirskriftina *Sameiginleg skuldbinding í atvinnumálum* ([Shared Commitment for Employment](#)), var m.a. lagt til að varið yrði 19 milljörðum evra á árunum 2009-2010 til þess að treysta atvinnuástandið í Evrópu og styðja við bakið á fórnarlömbum efnahagskreppunnar. Einnig var mælt með því að á umræddum tveimur árum yrði ekki krafist mótframlaga frá þeim ríkjum sem nytu aðstoðar Evrópska félagsmálasjóðsins. Leiðtogaráðið lýsti sig sammála meginniðurstöðum Pragfundarins og undirstrikaði að baráttan gegn atvinnuleysi væri brýnt forgangsverkefni.

Evrópsk samstarfsráð

Ráðherraráðið samþykkti 23. apríl 2009 endurskoðaða [tilskipun um Evrópsk samstarfsráð](#) í framhaldi af samkomulagi við Evrópuþingið í lok fyrstu umræðu um málið þann 16. desember 2008. Með nýju tilskipuninni er talið að löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði sé betur aðlöguð þeim efnahagslegu og félagslegu breytingum sem átt hafa sér stað í Evrópu á undanförunum árum.

Nýja tilskipunin miðar að því að bæta umhverfi varðandi upplýsingagjöf og samráð stærri fyrirtækja við starfsmenn sína á grundvelli svonefndra Evrópskra samstarfsráða, eða "European works councils" (EWCs). Tilskipuninni er ætlað að skjóta styrkari stöðum undir þessi réttindamál og koma í stað fyrri tilskipunar frá 1994 um sama efni, sem á sínum tíma var tekin upp í EES-samninginn.

Talið er að aðeins þriðjungur fyrirtækja hafi komið á fót samstarfsnefndum í samræmi við tilskipunina frá 1994. Tilskipunin varðar öll fyrirtæki sem hafa minnst 1000 starfsmenn í EES/EFTA löndum, þar af séu að lágmarki 150 launþegar starfandi í tveimur löndum á svæðinu. Í dag er talið að alls séu starfandi 820 samstarfsráð sem eru fulltrúar tæplega 15 milljóna launþega.

Þegar nýja tilskipunin hefur verið birt í stjórnartíðindum ESB eiga aðildarríkin að vera búin að taka hana upp í sinni löggjöf innan tveggja ára. Ákvörðun um hvort tilskipunin verður tekin upp í EES-samninginn verður væntanlega tekin fljótlega.

Endurskoðun vinnutímatilskipunarinnar

Tillögur um breytingar á tilskipun 2003/88/ESB um vinnutíma hafa verið til umfjöllunar um allan langt skeið hjá stofnunum Evrópusambandsins. Sérstaklega hefur verið deilt um að hve miklu leyti eigi að leyfa frávík frá meginreglunni um 48 stunda vinnuviku. Sömuleiðis hefur verið fjallað um ákvæði er snúa að því að skilgreina bakvaktir sem „óvirkan“ vinnutíma er ekki teljist með þegar 48 stunda vinnuvika er reiknuð.

Á fundi vinnu- og félagsmálamálaráðherra Evrópusambandsins 9. júní 2008 náðist samstaða um tillögu að breytingum á vinnutímatilskipun ESB. Tillagan fól í sér rýmkun heimilda fyrir fólk til þess að geta unnið lengur en 48 klukkustundir á viku. Samkvæmt tillögunni gæti þakið orðið allt að 65 klukkustundir á viku hafi aðilar komið sér saman um slíka tilhögun.

Í umfjöllun Evrópuþingsins um málið í lok ársins 2008 var haldið fast við það sjónarmið að hámarksvinnutími skuli vera 48 klukkustundir á viku í ESB og undantekningar frá þeirri reglu skuli afnema innan þriggja ára. Þingið taldi auk þess að virkur sem óvirkur vinnutími á bakvöktum skuli teljast til vinnutíma. Ennfremur vildi þingið gera ýmsar aðrar breytingar á öðrum þáttum tillögunnar.

Evrópuþingið og Ráðherraráðið náðu ekki að komast að samkomulagi um [endurskoðun á vinnutímatilskipuninni](#) á fundi sínum 28. apríl 2009. Helstu ásteytingarsteinarnir voru undanþágur frá 48 klukkustundareglunni, bakvaktir og hvernig tekið yrði á því þegar einstaklingar eiga aðild að mörgum samningum samtímis.

Þetta er í fyrsta skipti sem Evrópuþingið og Ráðherraráðið hafa ekki náð að komast að samkomulagi í svonefndu sáttferli (the conciliation stage) sem innleitt var á grundvelli ákvæða í Amsterdamsáttmálanum um sameiginlegar ákvarðanir þessara aðila (the codecision procedure). Málið er því aftur á byrjunarreit.

Frjáls för launþega

Í umræðum um frjálsa för fólks og stækkun Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórn ESB margsinnis lagt áherslu á að rétturinn til að vinna í öðrum aðildarríkjum væri grundvallar frelsi allra ESB-borgara. Frjáls för launþega væri efnahagslegum vexti til framdráttar og hún stuðlaði að því að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins fyrir fólk og fagkunnáttu. Framkvæmdastjórnin telur æskilegt að ráðist verði í að fella niður allar takmarkanir á för fólks milli landanna sem fyrst og hefur beinlínis hvatt til þess í yfirlýsingum sínum á undanförunum misserum.

Danmörk og Belgía ákváðu [1. maí 2009](#) að opna vinnumarkað sinn fyrir alla borgara í átta af þeim tíu löndum sem gengu í ESB árið 2004 og ekki höfðu notið þess frelsis (EU-8).

Austurríki og Þýskaland takmarka enn aðgengi borgara frá EU-8 löndunum að tilteknum störfum og munu gera það til 30. apríl 2011. Á Bretlandseyjum þurfa launþegar frá þessum löndum að skrá sig innan þrjátíu daga. Danmörk opnaði líka sinn vinnumarkað fyrir Búlgörum og Rúmenum 30. apríl 2009, en það höfðu Finnland og Svíþjóð gert fyrir nokkrum misserum. Enn takmarka tólf af gömlu ESB-löndunum aðgang Búlgara og Rúmena að vinnumarkaðinum í viðkomandi löndum. Samkvæmt samningum um stækkun ESB skal öllum takmörkunum varðandi EU-8-löndin vera lokið í síðasta lagi 30. apríl 2011 og sama gildir um Búlgara og Rúmena árið 2013. Á Íslandi eru áfram nýttar takmarkanir á aðgengi ríkisborgara frá Búlgaríu og Rúmeníu að vinnumarkaðinum fram til 1. janúar 2012.

Bláa kortið

Þann 25. maí 2009 samþykkti ráðherraráð ESB [tilskipun um svonefnt „Blátt kort“](#) sem snýr að aðgengi vel menntaðra þriðja lands borgara að störfum og rétti til búsetu í löndum Evrópusambandsins. Þarna er verið að skapa hraðleið fyrir þá sem uppfylla tilgreindar kröfur um hæfni og menntun eða hafa sambærilega starfsreynslu til að búa og starfa í Evrópu.

Bláa kortið er sérstaklega ætlað vel menntuðum og sérhæfðum starfsmönnum sem fengið hafa tilboð um starf eða gert vinnusamning til a.m.k. eins árs í ESB-landi. Samningurinn skal tryggja viðkomandi tilgreind lágmarkslaun í starfslandinu. Eftir átján mánaða starf í ESB-landi opnast möguleikar fyrir handhafa bláa kortsins að leita sér vinnu í öðru aðildarríki Evrópusambandsins. Tilskipunin felur þannig í sér að handhöfum Bláa kortsins verði auðveldaður aðgangur að vinnumarkaðinum og veitt um leið ákveðin félags- og efnahagsleg réttindi. Um leið verði sköpuð skilyrði fyrir endursameiningu fjölskyldna og vali á búsetu við hæfi innan ESB þegar fram líða stundir.

Nokkra athygli hefur vakið, að á tímum efnahagskreppu og vaxandi atvinnuleysis sameinist ríki ESB um áætlun, sem miðar að því að hvetja vel menntaða og sérhæfða starfsmenn til þess að sækja inn á evrópskan vinnumarkað. Hafa ýmsir bent á að hér sé samtímis verið að þrengja að sérhæfðu fólki í aðildarríkjunum og um leið stuðlað að atgervisflótta frá ríkjum þriðja heimsins til Evrópu. Sem svar við því hafa verið dregnar fram skýrslur og tölulegar upplýsingar sem sýna að hlutfall sérhæfðra og velmenntaðra einstaklinga í hópi farandstarfsmanna í Evrópu sé aðeins um 2% af þeim sem fæddir eru utan ESB landanna, á meðan hlutfallið er 4,5% í Bandaríkjunum, 8% í Ástralíu og 10% í Kanada. Bættur aðgangur þessara starfsmanna að evrópskum vinnumarkaði sé einfaldlega nauðsynlegur til þess að tryggja samkeppnisstöðu Evrópusambandsins á heimsvísu.

Aðildarríki ESB eiga að vera búin að innleiða tilskipunina innan tveggja ára eftir birtingu hennar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Bráðlega verður tekin ákvörðun um hvort hún verði tekin upp í löggjöf EFTA landanna.

Ný verkunnáttu og ný störf

[Orðsending framkvæmdastjórnar ESB](#) um nýja verkunnáttu til nýrra starfa er svar við ákalli Ráðherraráðsins um hvers konar verk- og fagkunnáttu ríki Evrópusambandsins þarfnist mest fram til ársins 2020.

Um alla Evrópu eiga sér stað umskipti í efnahags- og atvinnulífi sem byggja á minnkandi losun kolefna og auknu mikilvægi þekkingar, sérstaklega er talið að útbreiðsla upplýsinga- og fjarskiptatækni og svonefndrar örtækni (nanotechnology) geti skapað ný og varanlegri störf. Talið er að örtæknin verði ekki aðeins einn helsti vaxtarsprotinn í atvinnulífinu, heldur sé hún á góðri leið með að gerbreyta mörgum hefðbundnum lausnum í vísindum og tækni.

Hnattvæðing, þéttbýlisþróun, hækkandi aldur íbúa og þróun félagslegra innviða samfélagsins muni einnig hraða breytingum á vinnumarkaði og móta þær kröfur sem gerðar verða til verkkunnáttu í framtíðinni.

Aukin þekking og færni starfsmanna í atvinnulífinu er með öðrum orðum mikilvæg til endurreisnar Evrópu til skamms tíma og til þess að auka vöxt og framleiðni til lengri tíma litið. Áfangar á þeirri leið felast í að skapa störf, tryggja aðlögun að breytingum, auka jafnræði og jafnrétti kynjanna, og stuðla að félagslegri samstöðu og samheldni.

Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ([New Skills for New Jobs - Anticipating and matching labour market and skills needs](#)) er reynt að sjá fyrir framtíðarþarfir efnahagslífsins og bent á mikilvægi þess að bregðast við með aðgerðum sem skapi fólki tækifæri til þess að þróa viðeigandi fag- og verkkunnáttu í Evrópu.

Á fundi vinnumálaráðherra Evrópusambandsins í Brussel 9. mars 2009 samþykktu ráðherrarnir meginniðurstöður orðsendingarinnar. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að þróa þyrfti og aðlaga verkkunnáttu að þörfum vinnumarkaðarins og tryggja faglegan og landfræðilegan hreyfanleika vinnuafslsins. Einn liður í þeim aðgerðum væri að tryggja í reynd frjálsa för launþega í öllum löndum Evrópu.

Framkvæmd tilskipunar um útsenda starfsmenn (Nr. 96/71/EC)

Í formennskutíð sinni taldi Tékkland ekki þörf á að hraða endurskoðun tilskipunar um útsenda starfsmenn, a.m.k. ekki áður en hún hefur að fullu verið innleidd í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins og gerð hefur verið úttekt á stöðu mála. Ekki þjóni neinum tilgangi að flýta endurskoðuninni á þessu stigi málsins, jafnvel þótt það yrði gert í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Þetta kom fram í [yfirlýsingu](#) tékknesku formennskunnar í byrjun febrúar á þessu ári. Ástæða þess var að nokkrir þingmenn á Evrópuþinginu höfðu látið á sér skilja að þeir myndu leggja fram tillögu um að hraða endurskoðun umræddrar tilskipunar.

Á ráðstefnu sem framkvæmdastjórn ESB stóð fyrir á haustdögum 2008 um *Rétt Launþega og Efnahagsfrelsi* var niðurstaðan sú að tekin yrði saman skýrsla um stöðu útsendra starfsmanna og þegar hún lægi fyrir væri fyrst hægt að meta til hvaða aðgerða yrði gripið. Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst því yfir að það muni ráðast af fyrrgreindu mati, sem unnið er að í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, hvort ráðist verði í endurskoðun á tilskipuninni um útsenda starfsmenn. Jafnhliða þessari úttekt hefur verið komið á fót sérfræðingahópi sem fylgist með og fundar um framvindu þessarar vinnu.

Tilfni þessara skýrslugerðar voru svonefndir Viking-Line (C-438/05) og Laval (C-341/05) dómar Evrópudómstólsins, en samtök launþega og þingmenn sósíalista á Evrópuþinginu telja að þeir ógni félagslegu öryggi útsendra starfsmanna og þess vegna sé brýnt að ráðast í endurskoðun tilskipunarinnar.

VINNUVERND

Samstarf á sviði vinnuverndar

Heilbrigði og öryggi á vinnustöðum er í dag meðal helstu samstarfssviða á sviði vinnuverndar innan Evrópusambandsins. Aðgerðir ESB varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustöðum grundvallast á grein 137 í sáttmála ESB. Evrópskt samstarf um heilbrigði og öryggi launþega á vinnustöðum hefur staðið allt frá tímum Stál- og kolabandalags Evrópu eða frá árinu 1952. Frá þeim tíma hafa verið samþykktar fjölmargar tilskipanir og reglugerðir á sviði vinnuverndar sem Ísland og önnur EFTA-lönd hafa innleitt í löggjöf sína á síðustu árum og áratugum.

Evrópusamstarfið hefur þó alls ekki takmarkast við löggjöf á þessu sviði. Komið hefur verið á fót stofnunum eins og *Evrópsku miðstöðinni um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum* í Bilbao á Spáni (European Agency for Health and Safety at Work) og *Evrópsku stofnuninni um bætt lífs- og vinnuskilyrði* í Dublin á Írlandi (European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions). Framkvæmdastjórn ESB vinnur mjög náið með þessum stofnunum og beinist samstarfið einkum að upplýsingagjöf, leiðbeiningum og aðgerðum til að bæta vinnuumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá ber að geta þess að Bilbaomiðstöðin gegnir lykilhlutverki við framkvæmd stefnumörkunar ESB varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustöðum 2007-2012 (Community Strategy for Health and Safety at Work, 2007-2012).

EES/EFTA-ríkin telja mikilvægt að geta tekið að fullu þátt í starfi Bilbaomiðstöðvarinnar um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum. Undanfarin misseri hefur verið unnið að samningum um aðild EES/EFTA-ríkjanna að stjórn stofnunarinnar með öllum þeim réttindum sem þar með fylgja, nema réttinum til þess að greiða atkvæði. Gert er ráð fyrir að EES/EFTA-ríkin verði orðnir aðilar að stjórn stofnunarinnar 1. janúar 2010. Aðild að Bilbaomiðstöðinni felur jafnframt í sér að borgarar EES/EFTA-ríkjanna verði jafn hlutgengir til starfa innan miðstöðvarinnar og borgarar ESB-ríkjanna.

Bættar vinnuaðstæður barnshafandi kvenna

Þann 3. október 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um aðgerðir til þess að bæta öryggi og heilbrigði barnshafandi kvenna í atvinnulífnum og þeirra sem nýlega hafa átt börn eða eru ennþá með þau á brjósti ([COM\(2008\) 637](#)). Þar að auki voru samtímis lagðar fram aðrar [tillögur](#), [skýrslur](#) og [minnisblöð](#) sem fjalla um jafnvægi fjölskyldu- og atvinnulífs, bætt lífsskilyrði karla og kvenna, og möguleika á aukinni þátttöku í atvinnulífnum, sérstaklega fyrir konur. Lagt var til að lágmarks fæðingarorlof innan ESB yrði lengt úr fjórtán í átján vikur.

Ráðherraráðið fjallaði um tillöguna á fundi sínum 9. mars 2009 og var meirihluti aðildarríkjanna fylgjandi því að lengja lágmarks fæðingarorlofið úr fjórtán í átján vikur. Ennfremur kölluðu nokkur ríki eftir því að opnaður yrði aðgangur feðra að fæðingarorlofinu og jafnframt væri mikilsvert að taka tillit til niðurstöðu viðræðna aðila vinnumarkaðarins um málið. Ráðherraráðið hélt áfram umræðum um tillöguna á fundi sínum 8. júní 2009 og voru þar meðal annars uppi hugmyndir um að tengja önnur fjölskyldutengd orlofsleyfi móður fæðingarorlofinu.

Á sama tíma og tillagan hefur verið rædd í ráðherraráðinu hefur hún verið í umfjöllun á Evrópuþinginu og svo virðist sem þingið stefni í aðrar áttir en ráðherraráðið, þannig að litlar líkur er taldar á samkomulagi við fyrstu umræðu um málið á Evrópuþinginu. Þann 18. júní 2009 náðu hins vegar aðilar vinnumarkaðarins samkomulagi um að lengja lágmarks

fæðingarorlofið um einn mánuði. Það kann að hafa áhrif á afgreiðslu málsins í stofnunum ESB og auk þess stendur eftir að fjalla um ýmis önnur mál sem upphaflega tengdust umræddri tillögu að tilskipun. Umræða um fæðingarorlof og fjölskyldumálefni á vettvangi ESB er athyglisverð fyrir Íslendinga því þar ber íslensku fæðingar- og foreldraorlofslögin iðulega á góma og þá sérstaklega sjálfstæður og óframseljanlegur réttur feðra. Er það held margra að sú löggjöf gæti orði fyrirmynd að framtíðarskipan þessara mála innan ESB.

Mengunarmörk efna í atvinnulífinu

Þann 31. mars 2009 var haldinn fundur nefndar um tækniþróun vegna tilskipunar nr. 89/391/EEC um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum. Þar voru saman komnir sérfræðingar aðildarríkja ESB, meðlimir umræddrar nefndar og fulltrúar EFTA-landanna, Noregs og Íslands. Verkefni fundarins var að fjalla um tillögu að tilskipun framkvæmdastjórnar ESB (Commission Directive) um mengunarmörk efna sem notuð eru í vinnuumhverfi (Indicative Occupational Exposure Limit Values – IOELVs). Þetta er þriðji listi sinnar tegundar sem grundvallast á 17. gr. tilskipunar nr. 89/391/EEC. Alls voru til umfjöllunar á fundinum 20 efni í vinnuumhverfi, sem skipt var í tvo hópa, viðauka I og viðauka II. Á fyrri listanum voru 19 efni en aðeins eitt á síðari listanum, þ.e. formaldehyð (formaldehyde).

Nefndin var sammála um fyrirleggjandi tillögur um mengunarmörk eins og þær koma fram í viðauka I, en ekki var samstaða um tillögu að mengunarmörkum fyrir formaldehyð eins og þau eru tilgreind í viðauka II. Nefndin var líka sammála um að aðildarríki ESB skuli, í samræmi við fyrrgreinda tillögu að framkvæmdastjórnartilskipun, fá 24 mánuði til þess að innleiða umrædd mengunarmörk í löggjöf, reglugerðir eða verklagsreglur, allt eftir því sem við á í hverju landi fyrir sig. Þar sem ekki var samstaða um mengunarmörk varðandi formaldehyð þá var formlegri afgreiðslu málsins frestað. Framkvæmdastjórnin mun nú endurskoða tillögu sína og samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórninni mun hún freista þess að fá nýja tillögu samþykka skriflega. Áformað er að leggja til að innleiðingartími vegna formaldehyðs verði 36 mánuðir, en fyrir önnur efni verði hann áfram 24 mánuðir. Hvort það tekst er óvíst því nokkur lönd virtust vera mjög andvíg þeim mengunarmörkum sem stefnt er að fyrir formaldehyð.

Vernd gegn skaðlegum áhrifum af asbesti

Þann 18. febrúar 2009 lagði framkvæmdastjórn ESB fram breytingartillögu að tilskipun um vernd launþega fyrir skaðlegum áhrifum af asbesti í vinnuumhverfi ([COM\(2009\)71 final](#)). Með þessari tillögu er ráðist í að fella saman í eina heild allar tilskipanir og reglugerðir sem varða vernd fyrir skaðlegum afleiðingum af asbesti í vinnuumhverfi. Þannig leysir nýja tilskipunin af hólmi alla löggjöf ESB á þessu sviði, a.m.k. að innihaldi.

Tillagan hefur verið send til umfjöllunar í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu. Sú umræða sem þegar hefur átt sér stað snýst um hvort hér sé um að ræða efnislegar breytingar á löggjöf ESB eða ekki. Sænska formennskan hefur lýst því yfir að hún muni gera sitt til þess að tryggja framgang málsins hjá stofnunum ESB.

FJÁRMÁL

Rafræn stjórnsýsla

Ný þróunaráætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árin 2010 til 2015 á sviði rafrænnar stjórnsýslu hefur verið til umfjöllunar á síðastliðnum misserum og hefur það að markmiði að auðvelda skilvirk og árangursrík rafræn samskipti á milli opinberra aðila, hvort sem er yfir landamæri eða á milli athafnasviða innan ríkis, (ISA “Community programme on interoperability solutions for European public administrations”). Evrópuþingið samþykkti nýverið málamiðlunartilögu að hinni nýju áætlun. Ráðherraráðið mun væntanlega ganga til atkvæða um tillöguna í júlímánuði.

Ríkisstyrkir

Unnið var að ríkisstyrkjareglum á ýmsum sviðum á fyrri hluta ársins. Nokkur mál hlutu formlegar lyktir og önnur mál voru til umfjöllunar og umsagnar á tímabilinu.

Í lok janúar ákvað framkvæmdastjórnin að framlengja þau skilyrði sem hafa gilt um ríkisstyrki til kvikmyndaiðnaðarins til loka ársins 2012.

Í lok febrúar lauk framkvæmdastjórnin við gerð leiðbeininga til dómstóla aðildarríkjanna um framkvæmd ríkisstyrkjareglna.¹ Í leiðbeiningunum er hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í ríkisstyrkjamálum skilgreint. Þá eru úrræði dómstóla aðildarríkjanna og mögulegra krefjenda vegna brota á ríkisstyrkjareglum skýrð nánar. Að auki er mælt fyrir um leiðir fyrir dómstóla aðildarríkjanna til þess að inna framkvæmdastjórnina eftir upplýsingum um beitingu ríkisstyrkjareglna. Eftirlitsstofnun EFTA gaf út samsvarandi leiðbeiningar hinn 10. júní sl.

Hinn sama dag gaf framkvæmdastjórnin út reglur um meðhöndlun „slæmra eigna“ (impaired assets) í evrópska bankageiranum á sama tíma², en með slæmum eignum er átt við þær eignir sem verða sennilega afskrifaðar að meira eða minna leyti. Í leiðbeiningunum eru taldar nokkrar aðferðir til þess að meðhöndla slæmar eignir, m.a. aðferðir til þess að leggja á þær verðmat. Einnig er mælt fyrir um endurgjald frá ríkinu fyrir slæmar eignir komi til þess að ríkið kaupi þær og viðmiðanir um mat á veittum ríkisstyrkjum vegna slæmra eigna bankanna. Eftirlitsstofnun EFTA gaf út samsvarandi leiðbeiningar hinn 22. apríl sl. Fyrr á árinu hafði stofnunin gefið út leiðbeiningar um heimildir til að veita ríkisaðstoð til fjármálastofnana sem eru í erfiðleikum í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og til endurfjármögnunar fjármálastofnana auk leiðbeininga um tímabundnar heimildir um veitingu ríkisaðstoðar í tengslum við takmörkun á lánsfé í umferð vegna fjármálakreppunnar. Leiðbeiningarnar samsvöruðu leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar, útgefnum á seinni hluta síðasta árs, vegna aðgerða til þess að bregðast við erfiðleikum á fjármálamörkuðum.³

Í lok apríl gaf framkvæmdastjórnin út leiðbeiningar um bestu frammistöðu við meðferð mála vegna ríkisstyrkja og um einfaldari málsmeðferð í tilteknum ríkisstyrkjamálum. Reglunum er ætlað að auka skilvirkni, gegnsæi og fyrirsjáanleika við meðferð ríkisstyrkjamála.⁴

Endurskoðuð drög að reglum um fjármögnun ríkja á útvarpi í almannapágu voru settar í umsagnarferli í apríl og framkvæmdastjórnin áætlað að leggja fram “a Modernised Broadcasting Communication” síðar á þessu ári. Helstu breytingar frá fyrri drögum varða skýringar á meginreglum um hlutleysi í tæknilegu tilliti og sjálfstæði ritstjórna. Með því að leggja aukna áherslu á meginreglurnar er aðildarríkjunum veitt aukið svigrúm við framkvæmd reglnanna.

¹ Sjá OJ C 85, 09.04.2009, bls. 1-22

² Sjá OJ C 72, 26.03.2009, bls. 1-22

³ Sjá yfirlitsskýrslu vegna seinni hluta árs 2008.

⁴ Sjá OJ C136, 16.06.2009, bls. 3-12 og 13-20.

Sömuleiðis muni þær þjóna til skýringarauka við meðferð fjármagns í almannabágu. Þá leitaði framkvæmdastjórnin umsagnar um drög að leiðbeiningum um ríkisstyrkjareglur vegna opinberrar fjármögnunar á hinu svokallaða næstu kynslóðar breiðbandsneti. Umsagnarfresti lauk í lok júní sl. Framkvæmdastjórnin stefnir að útgáfu endanlegra leiðbeininga síðar á þessu ári.

Að lokum gaf framkvæmdastjórnin út leiðbeiningar um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingaverkefna⁵ og leiðbeiningar um aðstoð til menntunar og aðstoð til þeirra sem eru illa settir eða fatlaðir⁶ í júní.

HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL

HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisáætlun ESB

Þann 23. október 2007 samþykkti framkvæmdastjórn ESB nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum (The EU Health Strategy). Sú stefna er mjög víðtæk og spannar yfir nokkur lykilsvið heilbrigðismála sem og markmiðið *heilsa fyrir alla* og málefni með hnattræna skírskotun. Heilbrigðisáætlun ESB er nánari útfærsla á þessari stefnu og helsta tæki framkvæmdarstjórnarinnar til þess að hrinda stefnumálum sínum á sviði heilbrigðismála í framkvæmd. Ísland er aðili að heilbrigðisáætlun ESB fyrir tímabilið 2008-2013 ásamt öðrum EES/EFTA-löndum. Heilbrigðisáætlunin miðar að því, með fjármögnun verkefna auk annarra aðgerða, að bæta líkamlegt og andlegt heilsufar borgara Evrópu og draga úr heilsufarslegum ójöfnuði. Sérstök áhersla er lögð á að styðja heilsueflingu og forvarnaaðgerðir sem takast á við helstu áhrifavalda á heilsufar, s.s. næringu, hreyfingu og reykingar.

Framkvæmdastjórn ESB auglýsti í lok febrúar eftir umsókn um styrki til lýðheilsuverkefna á árinu 2009. Um getur verið að ræða fjárframlög til rannsóknarverkefna, rekstrar, ráðstefna eða annarra sameiginlegra verkefna. Alls verða veittar 48,2 milljónir evra til þessara verkefna á þessu ári. Framkvæmdastjórn ESB samþykkir ár hvert sérstaka framkvæmdaáætlun sem fylgt er við úthlutun styrkja til verkefna og annarra aðgerða innan ramma heildaráætlunarinnar. Í framkvæmdaáætluninni fyrir árið 2009 er lögð áhersla á eftirtalin fjögur forgangsattriði:

1. Mikilvæg málefni á sviði stefnumörkunar.
2. Aðgerðir sem stuðla að heilbrigðisöryggi fólks.
3. Aðgerðir til eflingar heilsu.
4. Aðgerðir sem stuðla að öflun og miðlun heilbrigðisupplýsinga og þekkingar.

Umsóknarfrestur var til 20. maí 2009 og gert er ráð fyrir að styrkjum verði úthlutað í lok júlí. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Framkvæmdamiðstöðvar í heilbrigðis- og neytendamálum ([Executive Agency for Health and Consumers-EAMC](#)).

⁵ Sjá http://ec.europa.eu/competition/state_aid/regional_aid/regional_aid.html

⁶ Sjá http://ec.europa.eu/competition/state_aid/legislation/horizontal.html#training

Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri

Meginmarkmið tillögu að tilskipun um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, sem lögð var fram 2. júlí 2008, er að tryggja að ekki séu óeðlilegar hindranir á vegi þeirra sjúklinga sem leita sér lækninga í öðru ESB-landi en sínu eigin. Tillagan útlistar einnig rétt sjúklinga til þess að fá kostnað vegna meðferðar í öðru aðildarríki endurgreiddan. Þessi réttur hefur verið staðfestur í úrskurðum Evrópudómstólsins, en er enn ekki orðinn hluti af löggjöf Evrópusambandsins. Tilskipuninni er jafnframt ætlað að tryggja aukin gæði, öryggi og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu og stuðla að meiri samvinnu heilbrigðisstofnana í Evrópu.

Fyrstu umræðu um tillöguna um rétt fólks til að sækja sér heilbrigðisþjónustu yfir landamæri lauk á [Evrópuþinginu 23. apríl 2009](#) með atkvæðagreiðslu um drög að skýrslu þingsins sem kennd er við breska þingmanninn John Bowis. Skýrsludrögin voru samþykkt með 297 atkvæðum gegn 120, en 152 þingmenn greiddu ekki atkvæði. Frjálslyndir og mið- og hægri flokkarnir greiddu aðkvæði með skýrslunni en sósíalistar voru á móti.

Með þessari samþykkt hefur Evrópuþingið lýst yfir stuðningi sínum við áform um að auðvelda evrópskum borgurum að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annarra landa og fá kostnaðinn greiddan. Þingið leggur jafnframt áherslu á að fólk verði almennilega upplýst um sinn rétt þegar það leitar sér lækninga utan heimalandsins. Ennfremur taldi þingið eðlilegt að einstök ríki gætu við tiltekna aðstæður krafist fyrirfram samþykkis áður en leitað er eftir heilbrigðisþjónustu erlendis, en þó þannig að þessum rétti væru ekki settar of þröngar skorður.

Ráðherraráðið fjallaði um tilskipunartillöguna og skýrslu Evrópuþingsins á fundi sínum 8.-9. júní sl. Athygli vakti að umræðan í ráðinu var mjög varfærnisleg og virtist sem aðildarríkin væru ekki tilbúin að sýna öll sín spil áður en tillagan kemur til annarrar umræðu á nýju Evrópuþingi á starfsárinu 2009-2010. Nokkur lönd lögðu til að grein 152 í Amsterdamsáttmálanum yrði skilgreind sem lagalegur grundvöllur tillögunnar og tók framkvæmdastjóri heilbrigðismála hjá ESB, frú Androulla Vassiliou, undir þær óskir. Víst þykir þó að hópur ríkja sé einfaldlega ekki tilbúinn til að slá af kröfum sínum um að leitað sé fyrirfram samþykkis áður en meðferð er veitt í öðru landi en heimalandinu.

Í umræðum á Evrópuþinginu hafa einkum tekist á tvö sjónarmið. Annars vegar þau sem líta á réttinn til að sækja sér lækniþjónustu yfir landamæri sem hluta af markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar, og hins vegar þau sem sjá hann sem valkost fyrir sjúklinga þegar t.d. biðlistar eru langir eða kunnátta og tækni er ekki til staðar í heimalandinu. Með þeim breytingum sem urðu á samsetningu Evrópuþingsins í kosningunum í byrjun júní 2009 má gera ráð fyrir að markaðslausnum verði gert hærra undir höfði í áframhaldandi umræðum þingsins um málið.

Inflúensa A (H1N1)

Ný tegund inflúensu leit dagsins ljós upp úr miðjum mars, fyrst í Mexíkó og skömmu síðar í Bandaríkjunum. Í byrjun var hún kölluð svínaflensan þar sem ljóst þótti að hún hafi upphaflega borist úr svínum í menn. Við nánari athugun kom í ljós að sýkingin var af völdum nýrrar inflúensuveiru A (H1N1) og hefur sú nafngift nú fest við hana. Þessi tegund inflúensu hefur breiðst hratt út og greinst um allan heim. Sjúkdómsmyndin utan Mexíkó er í flestum tilvikum væg en kenningar eru á lofti um að hún gæti birst í skæðara formi þegar líða tekur á árið.

[Evrópusambandið](#) hefur tilgreindar heimildir til þess að bregðast við heilsuvá eins og hugsanlegum heimsfaraldri inflúensu og öðrum hættulegum smitsjúkdómum. Viðbúnaðarstöð

framkvæmdastjórnarinnar í Lúxemborg (The Health Emergency Operations Facility of the Commission) er alla tuttugu og fjóra tíma sólarhringsins í sambandi við aðildarríki ESB, Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og heilbrigðisyfirvöld víða um heim. Tilgangurinn er að fylgjast með útbreiðslu influensunnar og samræma viðbrögð við henni.

Í Lissabonsáttmálanum er að finna ríkari heimildir fyrir ESB til þess að bregðast við alvarlegri heilsuvá og hugsanlegum heimsfaraldri influensu en nú er að finna í gildandi sáttmála. Mikilvægt er því fyrir Ísland að fylgjast vel með þeim viðræðum sem nú eiga sér stað milli heilbrigðis- og neytendaeildar ESB (DG Health and Consumers) og neyðarástandsnefndar WHO (WHO Emergency Committee), en þær snúa að því að samræma viðbrögð ríkja heims við alvarlegri heilsuvá.

Grænbók varðandi heilbrigðisstarfsfólk

Framkvæmdastjórn ESB stóð fyrir ráðstefnu sem haldin var í Brussel 10. desember 2008 í tengslum við samþykkt og útgáfu [Grænbókar](#) varðandi heilbrigðisstarfsfólk (Green paper on the EU Workforce for Health). Ráðstefnan markaði jafnframt upphaf samráðs um þetta málefni og er um leið hluti af herferðinni „Evrópa fyrir sjúklinga“, sem ýtt var úr vör á haustdögum árið 2008. Skipuleggjendur ráðstefnunnar lögðu áherslu á að heilbrigðiskerfi í Evrópu standi nú frammi fyrir mörgum krefjandi og ögrandi viðfangsefnum.

Tilgangurinn með grænbókinni er að gera málefni heilbrigðisstarfsfólks sýnilegri, vekja áhuga stjórnenda og sérfræðinga á viðfangsefnum heilbrigðisþjónustunnar og hvetja alla hlutaðeigandi til umræðu um þessi mál. Þannig að þeir sem eru í forsvari fyrir heilbrigðismál á hinum ýmsu stigum í Evrópu allri verði hæfari og betur undir það búnir að fást við erfið og krefjandi vandamál í framtíðinni.

EES/EFTA-löndin fengu tækifæri til þess að tjá sig um grænbókina í byrjun ársins og stóð vinnuhópur landanna um lýðheilsu saman að sameiginlegu álitum um hana. Þar lýsa löndin sig sammála mörgu af því sem fram kemur í grænbókinni, en þau telja samt að hún hefði mátt vera skipulegri í framsetningu á mörgum sviðum. Þá vara EES/EFTA-löndin ESB við því að beita sér of harkalega við að ráða til sín heilbrigðisstarfsfólk frá löndum utan ESB þar sem mikill skortur er á slíku fólki. Mikilsvert væri að ganga ekki gegn hagsmunum umræddra landa. Loks undirstrikuðu EES/EFTA-löndin að mikilvægt væri að halda saman upplýsingum um ráðningar og flutning heilbrigðisstarfsfólks frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, ekki síst til þess að geta betur staðið að gerð áætlana um þróun starfsmannamála í framtíðinni.

Gagnkvæm viðurkenning menntunar

Einn þáttur í framkvæmd EES-samningsins snýr að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum fagfólks, m.a. í heilbrigðisþjónustunni. Sú starfsemi á sér stoð í 30. gr. EES-samningsins og Viðauka VII við samninginn, sem gengur undir heitinu „Recognition of Professional Qualifications“. Tilgangurinn er að tryggja frjálsa för fólks, rétt til þess að velja sér búsetu og frelsi til að starfa hvar sem fólk vill innan EES-svæðisins. Sérstakur sérfræðingahópur starfar á vegum EFTA til þess að tryggja réttindi EES-borgara á þessu sviði og hafa verkefni hans vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Helstu verkefni síðustu ár hafa snúið að innleiðingu nýlegrar tilskipunar um viðurkenningu prófskírteina (tilskipun 2005/36/EC). Fulltrúar ráðuneyta heilbrigðis- og menntamála taka virkan þátt í þessu samstarfi og náíð samráð er milli ráðuneytanna um innleiðingu og framkvæmd þessa þáttar.

Á fundi vinnuhópsins 25. mars 2009 var undirstrikað að mikilvægt væri að tilskipun 2005/36/EC verði innleidd sem fyrst í löggjöf EES/EFTA-landanna. Af Íslands hálfu var þess getið að í undirbúningi væri frumvarp til laga um viðurkenningu menntunar og prófskírteina og væri stefnt að því að afgreiða það sem fyrst. EFTA-skrifstofan gerði grein fyrir fundi sínum með DG MARKT (DG Internal Market & Services) þar sem rætt var um lista yfir lögbæra viðurkenningaraðila einstakra fagstétta. Ennfremur var mælt til þess að löndin tækju sig á í að senda upplýsingar vegna uppfærslu á gagnagrunnum er varða tilskipun 2005/36/EC og þátttöku sérfræðinga í nefndum og vinnuhópum.

Öryggi sjúklinga

Þann 15. desember 2008 samþykkti framkvæmdastjórn ESB orðsendingu og tillögu til ráðherraráðsins að tilmælum um öryggi sjúklinga. Bakgrunnur málsins er að á hverju ári verða 8-12% af þeim sjúklingum, sem lagðir eru inn á sjúkrahús í löndum ESB, fyrir einhvers konar skaða sem rekja má til meðhöndlunar eða umhverfis, þar af eru svonefndar sjúkrahússýkingar mest áberandi. Talið er að hægt sé að koma í veg fyrir mikið af þessu heilsutjóni með markvissum aðgerðum í hverju landi fyrir sig og sameiginlegu átaki að auknu öryggi sjúklinga.

Evrópuþingið samþykkti ofangreind tilmæli 23. apríl 2009 með ákveðnum breytingum sem fram komu í umfjöllun málsins. Samþykkt var um leið skýrsla sem mælir með því að átak verði gert í því að draga úr sjúkrahússýkingum. Ráðning sérhæfðra hjúkrunarfræðinga, betri menntun, stuðningur við rannsóknir og betri upplýsingar til sjúklinga eru meðal þeirra aðgerða sem Evrópuþingið lýsti stuðningi við. Þann 8. júní 2009 samþykkti síðan ráðherraráð ESB umrædd tilmæli um ráðstafanir til þess að þess að auka öryggi sjúklinga, þ.m.t. að fyrirbyggja sýkingar í heilbrigðisþjónustunni. Samþykkt þessara tilmæla er um leið hvatning til EFTA-landanna að gefa betri gaum að öryggi sjúklinga og sýkingum á heilbrigðisstofnunum.

Úttekt á heilbrigðistækni

Á síðustu tveimur áratugum hefur athygli manna beinst í vaxandi mæli að mati á notkunargildi heilbrigðistækni og er þá gert ráð fyrir að heilbrigðistækni nái til allra tækja, lyfja, aðferða, forvarna og skipulags heilbrigðisþjónustu. Hugtakið heilsutæknileg úttekt hefur líka verið notað sem þýðing á *Health Technology Assessment* (HTA). Ástæður þess að ráðist hefur verið í þessi verkefni eru bæði kostnaðarsjónarmið og ekki síður krafan um að sú meðferð sem beitt er hverju sinni í heilbrigðisþjónustunni sé gagnreynd og skili árangri.

EUnetHTA - European Network of Health Technology Assessment kom til sögunnar í kjölfar þess að framkvæmdastjórn og ráðherraráð ESB ákváðu árið 2004 að mat á heilbrigðistækni (HTA) skyldi fá forgang og mikil þörf væri á að koma á fót sjálfbærri evrópsku tengslaneti á þessu sviði. Upphafsverkefnið náði til tímabilsins 2006-2008 og spannar það alls átta verkefnaflokka sem hver um sig er undir stjórn eins samstarfsaðila í tengslaneti EUnetHTA. Unnið er að lokaskýrslu verkefnisins og er gert ráð fyrir að hún muni liggi fyrir á árinu 2009. Sigurður Helgason, læknir og meðlimur stýrihóps um klínískar leiðbeiningar hjá Landlæknisembættinu, hefur tekið virkan þátt í þessu samstarfi.

Framkvæmdastjórn ESB boðaði til funda í Brussel 20. febrúar og 15. apríl sl. til þess að ræða niðurstöður EUnetHTA og lyfjavettvangs ESB. Á fundunum var almenn ánægja með afrakstur EUnetHTA og töluðu flestir fyrir því að Danir héldu áfram því starfi sem þeir hafa leitt undanfarin ár. Varðandi tillögur lyfjavettvangsins töldu Frakkar til dæmis erfitt að hugsa

sér að lyfjaframleiðendur kæmu beint að matsferlinu. Það verður þó haldið áfram að kanna forsendur og útfæra tillögur að sameiginlegum verkefnum á næstu misserum.

Framkvæmdastjórn ESB lýsti því yfir að gaumgæfilega yrði farið yfir niðurstöður EUnetHTA og lyfjavettvangsins og athugað hvort möguleikar væru á samþættingu einstakra verkefna. Í kjölfar þessa samráðsferlis má jafnvel búast við að framkvæmdastjórnin komi með tillögu að tilskipun um fyrirkomulag þessara mála til framtíðar.

Vettvangur stefnumörkunar í heilbrigðismálum

Evrópusambandið starfrækir opinn umræðuvettvang ([The Health Policy Forum](#)) til þess að tryggja að sjónarmið fagaðila, sérfræðinga, frjálsra félagsamtaka og annarra séu ávallt virkur þáttur í stefnumörkun og starfsemi ESB á sviði heilbrigðismála. Markmið hans er að skapa tækifæri til skipulegs samráðs, skiptast á skoðunum og reynslu á fjölmörgum sviðum, og aðstoða við framkvæmd og eftirfylgni tiltekinna verkefna.

Umræðuvettvangi ESB um stefnumörkun á sviði heilbrigðismála var komið á fót árið 2001 og hafa aðilar hans komið saman tvisvar til þrisvar sinnum á ári. Alls eiga nú 49 félagsamtök aðild að umræðuvettvanginum. Á fundunum er fjallað um fjölmörg málefni á sviði lýðheilsu og samþykktar ályktanir sem beint er til Evrópustofnananna.

Aðildarsamtökum umræðuvettvangsins má skipta í fjóra meginhópa:

1. Frjáls félagsamtök á sviði lýðheilsu og sjúklingasamtök.
2. Samtök fagstétta og launþegasamtaka.
3. Samtök veitenda heilbrigðisþjónustu og sjúkratryggingar.
4. Atvinnurekendur í heilbrigðisiðnaði.

Á síðasta fundi vettvangsins, sem haldinn var í lok janúar á þessu ári, voru til umræðu málefni eins og aðgerðir gegn krabbameini, frumkvæði framkvæmdastjórnar varðandi Alzheimersjúkdóminn, barátta gegn HIV/AIDS og aðgerðir til þess að draga úr ójöfnuði í heilsufari. Fyrir fundinum lágu ítarleg vinnuskjöl um hvert þessara mála, þar sem staðan var skilgreind og metin, fjallað um hvaða möguleikar væru fyrir hendi, og loks gerðar tillögur um aðgerðir og mat á árangri.

Ljóst er að umræðuvettvangur ESB er mjög áhrifaríkur um það hvaða málefni eru tekin á dagskrá og fá stuðning hjá stofnunum Evrópusambandsins. Ekki þarf annað en að skoða fréttatilkynningar frá framkvæmdastjórninni það sem af er árinu til þess að sjá að öll ofangreind málefni hafa verið til umfjöllunar hjá ESB á undanförunum vikum og mánuðum. Umræðuvettvangurinn er þannig í senn bæði uppspretta og farvegur hugmynda í heilbrigðismálum sem líklegar eru til þess að öðlast brautargengi í völunderhúsi evrópskra heilbrigðismála.

Spornað við Alzheimer

Evrópuþingið samþykkti [yfirlýsingu 3. febrúar 2009](#) þar sem mælt er til þess að baráttan gegn Alzheimersjúkdómnum verði gerð að forgangsmáli, jafnt á evrópskum vettvangi sem í aðildarríkjunum.

Frumkvæði að ályktuninni átti evrópuþingskonan Francoise Grossetete, sem jafnframt gegnir formennsku fyrir Evrópska Alzheimerbandalagið, og nokkrir kollegar hennar á Evrópuþinginu. Með þessari yfirlýsingu eru þau að skora á framkvæmdastjórn ESB og

aðildarríkin að viðurkenna Alzheimersjúkdóminn sem forgangsverkefni á sviði lýðheilsu. Jafnframt óska þau eftir að ráðist verði í gerð evrópskrar aðgerðaráætlunar í því skyni að efla rannsóknir á orsökum, forvörnum og meðferð sjúkdómsins. Einnig telja þau brýnt að bæta og flýta sjúkdómsgreiningu, einfalda alla stjórnsýslu kringum þennan sjúklingahóp og efla hlutverk frjálsra félagasamtaka á þessu sviði.

Frakkar, sem gegndu formennsku í ESB síðari helming ársins 2008, lögðu áherslu á það í formennskuáætlun sinni að bæta þyrfti þjónustu við Alzheimersjúklinga og aðstandendur þeirra. Mikilvægt væri að deila með sér reynslu og upplýsingum um hvernig best mætti koma til móts við þarfir þessara sjúklinga og draga úr þessum heilsuvanda. Alzheimersjúkdómurinn var á dagskrá tveggja funda heilbrigðisráðherra ESB á árinu 2008. Ráðherrarnir töldu þýðingarmikið að stefnumörkun á sviði lýðheilsu tæki til baráttunnar gegn tauga- og hrörnunarsjúkdómum tengdum hækkandi aldri, einkum og sér í lagi Alzheimersjúkdómnum.

Með hliðsjón af ofangreindu má gera ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB muni á næstu misserum leggja fram tillögur sem miða að því að auðvelda baráttuna gegn Alzheimersjúkdómnum. Til mikils er að vinna því í dag er áætlað að í aldurshópnum 85 ára og eldri þjáist ein af hverjum fjórum konum og einn af hverjum fimm körlum af þessu þjóðarmeini.

Skimun fyrir krabbameinum

Framkvæmdastjórn ESB birti í byrjun ársins [skýrslu um árangur af skimun](#) eftir krabbameinum og er hún liður í að fylgja eftir ályktun ráðherraráðsins frá 2. desember 2003 (2003/878/EC) um krabbameinsskimun.

Krabbamein er annað algengasta dánarmeinið innan Evrópusambandsins. Brjósta-, legháls- og ristilkrabbamein valda 32% krabbameinsdauðsfalla hjá konum og ristilkrabbi veldur 11% krabbameinsdauðsfalla hjá körlum. Með hækkandi aldri íbúanna má vænta þess að þessar tölur hækki nema ráðist verði í umfangsmiklar fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að draga úr krabbameinsdauða. Mikilvægt er að tryggja íbúunum tilhlýðilega skimun fyrir brjósta-, legháls- og ristilkrabbameinum.

Í skýrslunni koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Brjóstakrabbamein; 22 aðildarríki reka eða hafa komið á fót íbúatengdum skimunarkerfum.
2. Leghálskrabbamein; 15 aðildarríki reka eða hafa komið á fót íbúatengdum skimunarkerfum.
3. Ristilkrabbamein; 12 aðildarríki reka eða hafa komið á fót íbúatengdum skimunarkerfum.

Jafnframt er að finna í skýrslunni leiðbeiningar um hvernig auka megi umfang skimunar fyrir krabbameinum í Evrópu.

Á árinu 2009 áformar framkvæmdastjórn ESB að koma á fót evrópsku samstarfi í baráttunni gegn krabbameini og fá til liðs við sig fagfólk og hagsmunaaðila til þátttöku í sameiginlegum aðgerðum gegn þessum vágesti. Í lok júní var tilkynnt að þessu átaki yrði hleypt af stokkunum á haustdögum 2009.

Mælikvarðar á heilsufar

Í tengslum við verkefni er varða vöktun heilsu og heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins hefur framkvæmdastjórnin unnið að þróun [mælikvarða á heilsufar](#). Árangurinn er listi mælikvarða eða vísbindinga um stöðu lýðheilsu í samræmi við ákveðnar hugmyndir um hvað teljist góð

heilsa og mat á helstu áhrifavöldum heilsufars. Við val á mælikvörðum var stuðst við eftirtalin viðmið:

1. Umfang mælikvarða (Comprehensiveness).
2. Þörfum íbúa mætt (Meeting user needs).
3. Notkun fyrirliggjandi gagna (Using earlier work).
4. Notkun gagna úr verkefnum á sviði vöktunar og lýðheilsuáætlunum (Using Health Monitoring Programme and Public Health Programme results).

Mælikvarðarnir spanna lýðfræðilega og félags- og efnahagslega þætti, auk sérstakra mælinga á heilbrigðisástandi, svo sem lífslíkum, ungbarnadauða, dánarorsökum, tíðni HIV/AIDS og smitsjúkdómum.

Í gagnaseríunni er hægt að skoða og bera saman fjörutíu atriði innan hvers lands og á milli landa. Unnt er að lagskipta öllum þessum gögnum eftir aldri og kyni. Áform eru uppi um að þróa betur þessa gagnasöfnun og úrvinnslu á næstu misserum og árum.

Heilsufarslegur ójöfnuður (Health Inequalities)

Þann 25. febrúar 2009 óskaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eftir hugmyndum frá fjölmörgum aðilum um aðgerðir til þess að draga úr heilsufarslegum ójöfnuði í hverju landi fyrir sig og í Evrópu sem heild.

Í [orðsendingu framkvæmdastjórnar](#) ESB kemur fram að stærð og umfang þess mismunar sem fram kemur á heilsufari í mismunandi hlutum Evrópusambandsins og munur á þeim sem eru félagslega vel staddir og þeim sem teljast illa staddir félagslega sé á skjön við skuldbindingar sambandsins um samstöðu og jöfn tækifæri borgaranna. Ójöfnuður í heilsufari sé því miður viðvarandi hvort sem um er að ræða samanburð eftir félagshagfræðilegum mælikvörðum, menntun eða búsetu.

Skýrslur sýna að mikill munur er á lífslíkum einstaklinga eftir löndum og fjölda ára við góða heilsu (Healthy Life Years). Fólk í nýjum ríkjum ESB lifir að jafnaði mun skemur en íbúar í Vestur-Evrópu. Meðaltalstölur sýna að hvað varðar karla er bilið mest 14 ár, en 8 ár hjá konum. Munurinn á árafjölda við góða heilsu er einnig meiri, eða til dæmis allt að 18 árum hjá konum. Tíðni sjúkdóma og dánartíðni vegna þeirra er líka breytileg frá einu landi til annars. Sem dæmi má nefna að tíu sinnum fleiri konur deyja úr hjartasjúkdómum í Litháen en í Frakklandi og tuttugu og fimm sinnum fleiri greinast með berkla í Rúmeníu en á Kýpur.

Óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um stöðu mála í aðildarríkjunum og væntanlegri þróun í átt til jöfnuðar eða mismunar í heilsufari. Spurt var um hvers konar mælikvarða sé hægt að styðjast við svo unnt sé að vakta vísbendingar um þróun ójöfnuðar og bregðast við honum í tíma. Sömuleiðis var talið forvitnilegt að fá fram sjónarmið um hvað talið sé að ESB geti lagt af mörkum til þess að bæta heilbrigðisástandið í Evrópu. Fylgst verður nánar með hvernig þessari vinnu vindur fram.

Áfengi og heilsa

Þann 30. apríl 2009 var haldinn í Brussel annar fundur [Evrópska umræðuvettvangsins](#) um áfengi og heilsu. Þessir fundir eru haldnir árlega til þess að veita stofnunum, félagsamtökum og einstaklingum tækifæri til þess að fylgjast með starfi umræðuvettvangsins og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Umræðuvettvanginum er ætlað að vera grundvöllur upplýsingamiðlunar og umræðna um áfengismál og heilsu. Miklar vonir eru bundnar við að hér skapist tækifæri til þess að byggja upp tengslanet milli þeirra fjölmörgu aðila sem láta sig áfengismálin og skaðlega neyslu áfengis einhverju varða.

Á þessum fundi var áhersla einkum lögð á að kynna verk og aðgerðir Evrópska umræðuvettvangsins um áfengi og heilsu og jafnframt var gerð grein fyrir þróun áfengismála innan ESB, í aðildarríkjunum og á alþjóðavísu.

Fyrir fundinum lá fróðleg [athugun um stöðu áfengismála](#) í löndum Evrópusambandsins sem unnin var af RAND Europe stofnuninni fyrir framkvæmdastjórn ESB. Heiti úttektarinnar er: "The affordability of alcoholic beverages in the European Union - Understanding the link between alcohol affordability, consumption and harms." Þar er m.a. bent á að þrátt fyrir að gagnreynt sé að hátt verð á áfengi dragi úr neyslu þá fari verð og skattar á áfengum drykkjum lækandi í löndum Evrópusambandsins. Heilbrigðisviðhorf eigi einfaldlega mjög erfitt uppdráttar í þessu samhengi í Evrópu.

Sjaldgæfir sjúkdómar

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti í nóvember 2008 tillögur að orðsendingu ([COM\(2008\)679](#)) og tilmælum til ráðherraráðsins ([COM\(2008\)726](#)) varðandi sjaldgæfa sjúkdóma þar sem lagt er til að mótuð verði yfirgripsmikil stefna sem nái til sjúkdómsgreiningar, meðferðar og umönnunar þeirra sem þjást af þessum sjúkdómum. Þann 8. júní 2009 samþykkti ráðherraráð ESB tilmæli um aðgerðir á sviði sjaldgæfra sjúkdóma og er ætlunin að þær snúi sérstaklega að virku mati á ástandi, forvörnum, sjúkdómsgreiningu, meðferð, umönnun og rannsóknum á þessum sjúkdómum. Ennfremur vinnur framkvæmdastjórnin að því að koma á fót nefnd sérfræðinga sér til halds og trausts í þessum málaflokki.

Sjaldgæfir sjúkdómar eru skilgreindir sem sjúkdómar með lágt algengi sem hafi ekki áhrif á heilsu fleiri en 5 af hverjum 10.000 íbúum í Evrópu. Í dag er talið að finna megi á bilinu 5.000 til 8.000 sjaldgæfa sjúkdóma sem ógni heilsu 6-8% íbúa álfunnar einhvern tíma á lífsleiðinni. Margir þessir sjúkdómar eru erfðafræðilegs eðlis, aðrir eru sjaldgæfir krabbameinssjúkdómar, enn aðra má rekja til bresta í ónæmiskerfinu, meðfædd vansköpun af ýmsu tagi er einn flokkur, eitranir og smitsjúkdómar eru svo meðal margra annarra sjúkdómsflokka þar sem rætur þessara sjúkdóma liggja.

Talið er að evrópsk samvinna á þessum sviðum geti átt sinn þátt í að samhæfa nýtingu fjármuna og þekkingar í glímuni við sjaldgæfa sjúkdóma. Sameiginlegar aðgerðir geti auðveldað bæði fagfólki og sjúklingum samstarf þvert yfir landamæri og þannig stuðlað að útbreiðslu þekkingar og upplýsinga um þessa sjúkdóma. Í aðgerðum sínum við að hrinda orðsendingunni í framkvæmd mun framkvæmdastjórnin njóta fulltingis Ráðgjafarnefndar ESB um sjaldgæfa sjúkdóma (EUACARD). Sú nefnd nýtur aðstoðar sérstakrar vísindaskrifstofu og um leið er þessi vinna hluti af heilbrigðisáætlun ESB.

LYFJAMÁL

Gegn afnámi samkeppnishafa í lyfjasölu

Þann 19. maí sl. kvað [Evrópudómstóllinn](#) upp úrskurð gegn afnámi samkeppnishafa í lyfjasölu í Evrópu. Úrskurðurinn gæti þýtt að eignarhald og rekstur lyfjabúða yrði eingöngu í höndum lyfjafræðinga. Þetta þykja slæmar fréttir fyrir lyfjakeðjur og stórmarkaði sem eru að reyna að hasla sér völl á lyfjamarkaðinum í Evrópu.

Evrópudómstóllinn úrskurðaði að aðildarríkin geti við sérstakar aðstæður sett skorður við því hverjir geti átt og rekið lyfjabúðir án þess að brjóta löggjöf ESB, jafnvel þó sú staðreynd, að aðrir en lyfjafræðingar séu útilokaðir frá því að geta fjárfest í lyfjabúðum „feli í sér takmarkanir á frelsi til stofnunar fyrirtækja og frjálsu fjármagnsflæði“. Þessa takmörkun sé engu að síður hægt að réttlæta með skírskotun til þess hversu mikilvægt sé að geta tryggt almenningi nægjanlegt magn lyfja sem uppfylli tilgreindar gæðakröfur.

Takmarkanir varðandi það hverjir megi reka lyfjabúðir eru í gildi í mörgum hinna stærri landa ESB, þar með talin Frakkland, Ítalía, Spánn og Þýskaland. Í þessu tilviki voru tvö mál höfðuð fyrir dómstólnum til þess að fá skorið úr því hvort ítölsk og þýsk löggjöf gæti sett skorður við því hverjir geti átt og rekið lyfjabúðir.

Lyfjapakkar ESB

Frá árinu 2000 hefur staðið yfir umfangsmikil endurskoðun á lyfjareglum ESB. Tvær nýjar tilskipanir voru settar árið 2001, nr. 2001/82/ESB og nr. 2001/83/ESB, sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu *Lyfjapakkin*.

EFTA-skrifstofan hefur staðið fyrir mikilli vinnu, í samstarfi við sérfræðinga landanna, við að meta upptöku tilskipananna í EES-samninginn og var tillaga þess efnis send til framkvæmdastjórnarinnar 18. nóvember sl. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tillöguna síðan á fundi sínum 29. maí 2009 og er því hægt að hefjast handa við að innleiða lyfjapakkan í löggjöf EFTA-landanna.

Þann 11. desember 2008 samþykkti framkvæmdastjórn ESB eina orðsendingu og þrjár lagatillögur í lyfjamálum sem nú fara til umfjöllunar á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu. Saman mynda umræddar tillögur [nýjan lyfjapakka](#) sem gera má ráð fyrir að verði tekinn upp í EES-samninginn, og þar með íslenska lyfjalöggjöf, þegar niðurstaða ESB liggur fyrir. Tillögurnar miða, líkt og fyrri lyfjapakkar ESB, að því að tryggja að evrópskir borgarar geti notið góðs af samkeppnishæfum lyfjamarkaði sem sjái þeim fyrir öruggum, áhrifaríkum og aðgengilegum lyfjum.

Á fundi ráðherraráðs ESB 8. júní 2009 var nýi lyfjapakkin til umfjöllunar og snerust umræðurnar um hann aðallega um aðgerðir til að hindra markaðssetningu falsaðra lyfja, skýrslu um verkanir og aukaverkanir lyfja, og upplýsingagjöf lyfjaiðnaðarins til neytenda. Ráðherrarnir voru sammála um að tillögurnar þörfuðust frekari skoðunar. Gert er ráð fyrir að fyrsta umræða um málið verði á Evrópuþinginu í fyrsta lagi á haustdögum 2009.

Gagnsæi í lyfjamálum

Um árábil hefur verið í gildi tilskipun ESB nr. [89/105/EEC](#) þar sem tilgreind eru ákvæði sem eiga að tryggja gagnsæi aðgerða, sem samþykktar eru af viðkomandi lyfjafirvöldum í aðildarríkjunum, í þeim tilgangi að hafa stjórn á lyfjaverðlagningu og niðurgreiðslu lyfja. Þessi tilskipun er venjulega nefnd „Gagnsæistilskipunin“ eða „Transparency Directive“. Á vegum framkvæmdarstjórnar ESB og á grundvelli umræddrar tilskipunar starfar sérstök nefnd (Transparency Committee) og vinnuhópur (INFOPRICE Working Group) og koma þessir aðilar saman a.m.k. tvisvar á ári. EFTA-löndunum býðst að taka virkan þátt í þessu starfi og hafa Norðmenn nýtt sér það til fullnustu en íslenskir sérfræðingar hafa sótt einstaka fundi.

Samkvæmt áætlunum framkvæmdastjórnarinnar er gert ráð fyrir að „Gagnsæisnefndin“ fái aukið hlutverk við miðlun þekkingar og reynslu um fyrirkomulag á verðlagningu lyfja og endurgreiðslu lyfjakostnaðar í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin (DG Enterprise) er á þessu ári, í framhaldi af mati á niðurstöðum lyfjavettvangs ESB, að vinna að umfangsmikilli stefnumótun á þessu sviði. Það er því mikilvægt að öll EFTA-ríkin nýti sér þá möguleika sem þátttaka í þessu samstarfi býður upp á.

IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL

ORKUMÁL

Orkumál eru og hafa verið ofarlega á dagskrá ESB að undanfögnu og nokkrir mikilvægir áfangar á sviði orkumála náðust á fyrri hluta ársins 2009, eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Þar ber hæst samþykkt á hinum svokallaða þriðja orkupakka, sem og samþykkt á tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá eru tillögur að nýjum eða breyttum lagagerðum um orkunýtni og um vishönnun vöru sem notar orku til umfjöllunar hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu. Iðnaðarráðuneytið tekur þátt í starfi vinnuhóps EFTA um orkumál, en vinnuhópurinn hittist fjórum sinnum á fyrri hluta ársins til að fjalla um framangreind mál með sérfræðingum frá framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB.

Þriðji orkupakkinn

Í september 2007 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur sem ætlað er að auka enn frekar samkeppni á orkumarkaði. Tillögurnar, sem hafa verið nefndar þriðji orkupakkinn, fela í sér ítarlegri útfærslu á núgildandi löggjöf í orkumálum, með breytingu á tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað, reglugerð um raforkuviðskipti milli landa, reglugerð um sérstaka stofnun fyrir samstarf eftirlitsaðila (Agency for the Cooperation of Energy Regulators) og tvær lagagerðir varðandi gasmarkaðinn.

Nokkrar breytingar voru gerðar á tillögunum í meðförum ráðherraráðs ESB og Evrópuþingsins, en að því loknu var endanlegur texti samþykktur formlega af Evrópuþinginu þann 24. apríl og af ráðherraráðinu 25. júní og gert er ráð fyrir að lagagerðirnar verði birtar í Stjórnartíðindum ESB á næstunni.⁷

⁷ Tengla á textana sem ráðherraráðið samþykkti er að finna í fréttatilkynningu frá ráðherraráði ESB (bls. 17), á vefslóðinni: http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/envir/108792.pdf. Þeir textar eiga eftir að fara í yfirllestur hjá laga- og málfarssérfræðingum, en verða að því loknu birtir í Stjórnartíðindum ESB, væntanlega í ágúst eða september.

Breytingarnar á tilskipuninni um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað fela m.a. í sér ákvæði um sjálfstæði eftirlitsaðila og um aðskilnað á eignarhaldi flutningskerfa frá samkeppnisstarfsemi, en þess má geta að Malta samdi um undanþágu frá því ákvæði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort Ísland muni óska eftir aðild að hinni nýju stofnun fyrir samstarf eftirlitsaðila.

Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum

Þann 23. apríl var tilskipun um aukna notkun endurnýjanlegrar orku formlega samþykkt af ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og var endanlegur texti birtur í Stjórnartíðindum ESB 5. júní.⁸ Tilskipuninni er ætlað að leysa af hólmi tvær fyrri tilskipanir, annars vegar tilskipun 2003/30/EB um að auka framleiðslu á lífrænu eldsneyti, sem er ekki hluti af EES samningnum, og hins vegar tilskipun 2001/77/EB um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, sem þegar hefur verið tekin upp í EES samninginn og innleidd hér á landi.

Í tilskipuninni eru sett fram bindandi markmið fyrir einstök aðildarríki um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og er þeim ætlað að stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020 sem og því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% af heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020. Sérstakt ákvæði er um hvernig reikna skuli út þessi hlutföll og sem dæmi má nefna að Svíþjóð, sem er það aðildarríki ESB sem er með hæst hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í dag, er ætlað að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa úr 39,8% árið 2005 í 49% árið 2020. Reyndar hefði hlutfallið fyrir Svíþjóð átt að fara yfir 50% en sett var sérstakt þak á aukninguna til að tryggja að ekkert aðildarríki þyrfti að fara yfir 50% hlutfall varðandi notkun endurnýjanlegra orkugjafa.

Sérviðmið gilda varðandi flugsamgöngur, en þar er miðað við að hlutfall orkunotkunar í flugsamgöngum skuli ekki verða meira en 6,18% af heildarorkunotkun hvers ríkis og 4,12% fyrir Möltu og Kýpur vegna einangrunar og fjarlægðar frá öðrum ríkjum.

Þá er hverju aðildarríki skylt að gera sérstaka aðgerðaáætlun fyrir endurnýjanlega orku í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út,⁹ en aðgerðaáætlanirnar þarf að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. júní 2010, auk þess sem ákveðnar upplýsingar þurfa að vera fyrirliggjandi hálfu ári áður. Jafnframt þarf hvert aðildarríki frá og með desember 2011 að skila inn sérstakri framvinduskýrslu á tveggja ára fresti.

Í tilskipuninni er einnig að finna ákvæði um tölfræðilegar færslur á orku milli aðildarríkja (statistical transfers), sameiginleg verkefni (joint projects) milli aðildarríkja og við þriðju ríki, og sameiginlegar stuðningsáætlanir aðildarríkja (joint support schemes). Að auki hefur tilskipunin að geyma ákvæði er varða ýmsa stjórnsýslulega þætti, upplýsingagjöf og upplýsingaöflun stjórnvalda hvað varðar þau svið sem tilskipunin kveður á um. Jafnframt eru ákvæði um að bjóða eigi upp á kennslu, próf og faggildingu fyrir þá iðnaðar- og tæknimenn sem koma að uppsetningu og viðhaldi á hvers kyns búnaði til vinnslu og notkunar á endurnýjanlegri orku.

⁸ Directive 2009/28/EC of the European Parliament and of the Council of 23 April 2009 on the promotion of the use of energy from renewable sources and amending and subsequently repealing Directives 2001/77/EC and 2003/30/EC. Á vefslóðinni:
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:140:0016:0062:EN:PDF>

⁹ Sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:182:0033:0062:EN:PDF>

Í tilskipuninni er einnig að finna sérstök ákvæði um upprunaábyrgð á hitun, kælingu og raforkuframléiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, þar á meðal heimildir til að gefa út slíkar ábyrgðir, heimildir til að framselja þær, eftirlit o.fl. Þá er að finna ákvæði um starfsemi flutningskerfa og aðgerðir til að auka aðgengi raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum að flutningskerfum. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja að slík raforka skuli annað hvort hafa forgang (priority access) eða öruggan aðgang (guaranteed access) um flutningskerfi á hinum innri raforkumarkaði bandalagsins.

Loks er í tilskipuninni að finna fjölmörg ákvæði varðandi lífrænt eldsneyti (biofuels) og aðra lífræna vökva (bioliquids), m.a. um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að það teljist vera sjálfbært (sustainability criteria). Lífrænt eldsneyti og lífrænir vökvar sem ekki uppfylla þau skilyrði teljast ekki með í útreikningum fyrir notkun endurnýjanlegrar orku.

Visthönnun vöru sem notar orku (ecodesign)

Árið 2005 samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið tilskipun um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun og orkunýtni fyrir vörur sem nota orku (tilskipun 2005/32/EB). Markmiðið er að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi. Tilskipunin setur fram helstu efnisþætti sem framkvæmdastjórninni er ætlað að útfæra nánar varðandi einstaka vöruflokka og á síðustu mánuðum hefur framkvæmdastjórn ESB samþykkt eftirfarandi fimm reglugerðir á grundvelli tilskipunarinnar:

- Commission Regulation (EC) No [1275/2008](#) - ecodesign requirements for standby and off mode electric power consumption of electrical and electronic household and office equipment
- Commission Regulation (EC) No [107/2009](#) - ecodesign requirements for simple set-top boxes.
- Commission Regulation (EC) No [244/2009](#) - ecodesign requirement for non-directional households lamps
- Commission Regulation (EC) No [245/2009](#) - ecodesign requirements for fluorescent lamps
- Commission Regulation (EC) No [278/2009](#) - ecodesign requirements for no-load condition electric power consumption and average active efficiency of external power supplies.
- Commission Regulation (EC) No [640/2009](#) - ecodesign requirements for electric motors.
- Commission Regulation (EC) No [641/2009](#) - ecodesign requirements for glandless standalone circulators and glandless circulators integrated in products.
- Commission Regulation (EC) No [642/2009](#) - ecodesign requirements for televisions.
- Commission Regulation (EC) No [643/2009](#) - ecodesign requirements for household refrigerating appliances.

Í reglugerðum þessum er að finna grunnkröfur sem viðkomandi vörur skulu uppfylla svo að setja megi þær á markað og taka í notkun. Reglugerðirnar taka til nýrrar vöru og íhluta og undireininga hennar, sem nýta orku, og flutt er inn, tekin í notkun eða framleidd eftir gildistöku reglugerðanna. Reglugerðirnar eru settar að höfðu samráði við ráðherraráð ESB, Evrópuþingið, sérstaka reglugerðarnefnd (Ecodesign Regulatory Committee) og sérstakan ráðgefandi sérfræðingahóp (Ecodesign Consultative Forum).¹⁰ Fleiri reglugerðir eru væntanlegar á næstunni¹¹ og að auki hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu um breytingar á grunntilskipuninni, tilskipun 2005/32/EB, þar sem lagt er til að gildissvið hennar verði víkkað þannig að það nái einnig til orkutengdrar vöru.¹²

¹⁰ Ecodesign Consultative Forum: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/forum_en.htm

Ecodesign Regulatory Committee: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/regulatory_committee_en.htm

¹¹ Sjá vinnuáætlun fyrir 2009-2011: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/working_plan_en.htm

¹² Proposal for a Directive establishing a framework for the setting of ecodesign requirements for energy related products: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2008/0151>

Orkunýtni (energy efficiency)

Í tengslum við endurskoðun á orkustefnu ESB (second strategic energy review)¹³ sem hófst í október 2008 lagði framkvæmdastjórnin fram þrjár lagatillögur sem ætlað er að auka orkunýtni og stuðla að orkusparnaði á mikilvægum sviðum. Þar er um að ræða tillögu um að styrkja gildandi löggjöf um orkunýtni bygginga (Ísland er með undanþágu frá núgildandi tilskipun), tillögu um merkingu hjólbarða með tilliti til eldsneytisnýtingar og annarra mikilvægra viðmiða, og tillögu um merkingar og upplýsingagjöf um orkunotkun orkutengdrar vöru.¹⁴ Þá hyggst framkvæmdastjórnin síðar á þessu ári endurskoða aðgerðaáætlun fyrir orkunýtni sem sett var fram árið 2006.

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL

LANDBÚNAÐUR

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB

Hin almenna landbúnaðarstefna Evrópusambandsins á sér enn sem fyrr meginstoð það samkomulag sem náð var árið 2003. Samkomulagið (Reform 2003) var byggt á tillögum framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á Agenda 2000 er markaði stefnu ESB í landbúnaðarmálum. Aðalmarkmið framkvæmdastjórnarinnar þá var að hverfa frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og greiða þá almennt án markaðstruflandi áhrifa s.s. með hliðsjón af umhverfisþáttum, dýravernd og heilbrigði dýra og afurða og aðlaga landbúnaðarstyrkjakerfið að væntanlegum niðurstöðum WTO. Jafnframt hefur orðið endurskilgreining á stuðningi við landbúnaðinn, sem skiptir honum í rekstrartengdan stuðning undir Stoð I (Pillar I) og dreifbýlistengdan (Rural) stuðning undir Stoð II (Pillar II). Um 4/5 hlutar stuðningsins falla í dag undir fyrri stoðina en 1/5 undir þá síðari. Núverandi áfangi landbúnaðarstefnunnar rennur út árið 2013.

Einnar-greiðslu kerfi (SPS) – stoð I

Megineinkenni þessa kerfis frá 2003 er svokallað einnar-greiðslu kerfi (SPS - Single Payment Scheme). Greiðslur til bænda fara fram að mestu leyti sem árleg eingreiðsla og í henni eru sameinaðar hinar ýmsu stuðningsgreiðslur sem bóndinn fékk árin fyrir 2003 eftir mismunandi styrkjakerfum fyrir hverja búgrein eða afurð.

Markmið breytinganna árið 2003 voru í meginatriðum þessi:

¹³ Forgangsmálin í endurskoðun orkustefnunnar eru m.a. að stuðla að auknu orkuöryggi í Evrópu, auk þess sem leggja á aukna áherslu á orkumál í alþjóðlegum samskiptum sambandsins, sem og á aukið samráð aðildarríkjanna varðandi samskipti við þriðju ríki á sviði orkumála. Einnig er lögð mikil áhersla á auknar fjárfestingar í flutnings- og dreifikerfum til að auka orkuöryggi, jafnframt því sem fjallað er sérstaklega um olíubirgðahald, kjarnorku og vindorku. Nánari upplýsingar um endurskoðun orkustefnunnar er að finna í síðustu yfirlitsskýrslu sendiráðsins og á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB, á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/energy/strategies/2008/2008_11_ser2_en.htm

¹⁴ Proposal for a Directive on the energy performance of buildings (COM(2008)780), Proposal for a Directive on labelling of tyres with respect to fuel efficiency and other essential parameters (COM(2008) 779), Proposal for a Directive on the indication by labelling and standard product information of the consumption of energy and other resources by energy-related products (COM(2008) 778).

- Framleiðsluval bænda ráðist af markaði án opinberrar íhlutunar.
- Hvetja til að búskapur verði sjálfbær umhverfislega og efnahagslega.
- Gera landbúnaðarstefnuna einfaldari fyrir bændur og framkvæmdaraðila hennar.
- Styrkja stöðu ESB í samningum um WTO.

Í október 2006 var samþykkt starfsáætlun um einföldun CAP „Simplification of the Common Agricultural Policy” sem er unnið eftir í dag. Þann 20. nóvember sama ár staðfesti framkvæmdastjórnin ramma um svokallaða „heilbrigðisúttekt“ (Health Check) landbúnaðarstefnunnar, sem skal endurmóta hana frá og með árinu 2009 til loka samningsins án þess þó að víkja frá grunni hennar. Innan verkefna rammans falla atriði svo sem loftslagsbreytingar, vatn sem takmörkuð auðlind og lífrænir orkugjafar frá landbúnaði.

Niðurstöður af „Health Check“

Þann 20. nóvember 2008 náðu landbúnaðarráðherrar ESB samkomulagi um 'Health Check' pakkann. Helstu atriði sem náðist samkomulag um eru eftirfarandi:

- Mjólkurkvótar

Mjólkurkvóti ríkjanna verður aukinn árlega næstu fimm árin um 1% frá og með apríl 2009 þar til kvótinn verður ekki endurnýjaður og fellur niður í apríl 2015. Ennfremur hækka viðurlög við umframframleiðslu þannig að fari hún yfir 6% innan ríkis á viðkomandi ári skal álagið vera 50 % hærra en hið almenna álag.

- Nýmótun – „Modulation“

Reform 2003 kveður á um að 5 % greiðslna innan landbúnaðarstefnunar verði færður frá Stoð I yfir á Stoð II. Hlutfallið skal hækka verulega eða í 10% árið 2012 í eftirfarandi skrefum: 7% 2009, 8% 2010, og 9% 2011. Upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir að skerðingin yrði misjöfn hjá hverju býli eftir styrkþrepum en það fékkst ekki samþykkt þannig að þessi hækking á skerðingu tekur einungis til bænda með landbúnaðarstyrki á bilinu 5,000 til 299,999€ á ári. Skerðing til bænda umfram það í styrk verður 4 %-stigum hærri.

Fjármunum sem losna á þennan hátt skal veitt til nýrra verkefna s.s. vegna loftslagsbreytinga, lífrænna orkugjafa, lífræns fjölbreytileika og vatnsbúskapar. Nýtt er að fjármunum megi einnig ráðstafa til aðstoðar framleiðslu, sem er leyft nú við að styrkja mjólkurframleiðslugeirann við aðlögun að afnámi mjólkurkvótans.

ESB veitir mótframlag til nýmótunar skv. áður sögðu er nemur 75% en 90% á aðlögunarsvæðum (convergence regions).

- Afnám framleiðslutengingar – „Decoupling“

Núverandi tengingar milli framleiðslu jarðargróða (arable crops) og framlaga sem standa eftir skv. *Reform 2003* verða afnumdar frá árinu 2010. Þó með þeirri undantekningu að fyrir hnetur, prótein nytjajurtir, hör og hamp gerist það í einu lagi árið 2012.

- Markaðsíhlutun

Mjólkurafurðir: Uppkaupakerfinu er haldið óbreyttu frá ákvörðunum í *Reform 2003*.

Korn: Nýtt er að uppkaup skulu fara fram á brauðhveiti á fullu uppkaupsverði (101,31€) á allt að 3 milljón tonnum árlega. Hætt er markaðsafskiptum af byggi en þeim haldið áfram óbreyttum á durum hveiti og hrísgrjónum.

- „Grein 68“

Hverju ríki er heimilað að ráðstafa allt að 10% af fjármunum þess til eingreiðslna – SFP –. Stuðninginum má ráðstafa með hliðsjón af fyrri ákvæðum sem er að finna í gr. 69 -nú gr. 68. Ráðstafa má 3,5%-stigum (af 10 %) framleiðslutengdum. Tilfærslur skv. gr. 68 má gera milli búgreina en voru áður bundnar við að teknir fjármunir skiluðu sér á nýju formi til sömu búgreinar. Leyft verður að styðja mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu, kindakjötsframleiðslu og framleiðslu á hrísgrjónum sem efnahagslega viðkvæmar framleiðslugreinar og eins framleiðslugreinar sem eru umhverfislega viðkvæmar.

Nýju aðildarríkin 12 öðlast ekki rétt til áður nefndrar ráðstöfunar fyrr en þau fá rétt til SFP útreiknaðan árið 2013

- *Þróun dreifbýlis*

Sérstök framlög eru tekin upp sem tekjustuðningur árin 2011 – 2013 (€4.500 á fyrsta ári og €3.000 og €1.500 þau seinni) fyrir landbúnaðarbýlisem þurfa að fara í aðlögun vegna hinna nýju reglna gegn því að umþóttunaráætlun liggja fyrir. Einkum er þessi stuðningur ætlaður tóbaksframleiðendum sem tapa opinberum stuðningi árið 2010. Enn fremur eru gerðar breytingar vegna áætlana um þróun dreifbýlis sem leyfa fjárfestingarstyrki til mjólkurgeirans til viðbótar víðtækum möguleikum til stuðnings mjólkurframleiðenda við aðlögun að breytingum á mjólkurkvótum og möguleikum hvikulleika í mjólkurverðum við afnám kvótans.

Formennskuáætlun Svíþjóðar

Svíþjóð tekur í arf frá formennskutíð Tékkla tillögur, sem þeir lögðu fyrir landbúnaðarráð ESB í júní sl. um þróun landbúnaðarstefnunnar eftir 2013, sem var hafnað af aðildarríkjunum á fundi í Lúxemborg. Tillögur Tékklands fólu m.a. í sér þá kröfu nýju aðildarlandanna að aftengja landbúnaðarstuðning landanna við forsögulegan grundvöll, sem gildir í dag. Þeim var hafnað af löndum eins og Bretlandi, Danmörk, Svíþjóð og Hollandi, sem vilja meir tengsl milli ákvarðana bænda um framleiðslu og markaðsaðstæðna, sem telja ekki að gildandi beingreiðslukerfi ESB nái þessum tilgangi. Þessi ágreiningur verður þess valdandi að það fellur í hlut Spánar, sem tekur við formennsku eftir Svíþjóð eða í hlut Belga seinni hluta ársins 2010, að koma fram með samræmt álit ráðsins um landbúnaðarstefnu eftir 2013. Megin áhersla Svía í landbúnaðarmálum verður á áhrif og aðgerðir landbúnaðarins varðandi loftlagsbreytingar og matvælaöryggi heimsins auk þess sem þeir munu leggja ríka áherslu á velferð dýra

Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun

Nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir kom til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem var undirstrikað í þessu samkomulagi. Óformlegar umræður hófust á fyrri hluta ársins 2008 um framkvæmd samningsins og um möguleika á endurskoðun hans. Biðstaða er í þessu máli um sinn einkum vegna efnahagsörðugleika á seinni hluta ársins 2008.

Bókun 3 – endurskoðun

Á grundvelli óska framkvæmdastjórnarinnar í lok árs 2006 um endurskoðun á viðskiptaívilnunum skv. bókun 3, hafa farið fram samningaviðræður milli ESB og Íslands um endurskoðun bókunarinnar. Norskum stjórnvöld hafa fylgst með þessari umræðu og ekki kosið að koma að henni, en telja að samningurinn á því formi og með því efnisinnihaldi sem er, þjóni vel hagsmunum allra aðila og þurfti ekki endurskoðunar við að svo komnu máli.

Ísland gerði grein fyrir því á sameiginlegum fundi samningsaðila um bókun 3 þann 16. júní sl., að vegna efnahagsörðugleika og væntanlegrar umsóknaraðilda að ESB myndi Ísland ekki í stakk búið til frekari samingsumleitana.

Lífrænn landbúnaður

Í júní árið 2007 var birt reglugerð ráðherraráðsins (EC) No 834/2007 um lífræna framleiðslu, og merkingar lífrænna afurða, sem felldi úr gildi reglugerð 2092/1991 um sama efni. Reglugerð 834/2007 var unnin af ráðherraráðinu og enginn aðgangur fyrir Ísland og Noreg að koma að vinnslu hennar á fundum á vegum þess. Meðal atriða í þessari nýju reglugerð eru ákvæði sem banna notkun á grindum í búpeningshúsum við lífræna framleiðslu. Einnig er í þeim að finna í viðauka V lista yfir fódurefni sem má nota við lífræna framleiðslu og um takmarkanir á notkun fódurefnanna, sem geta átt við skv. ákvæði í 22. gr. reglugerðarinnar. Þannig er notkun á fiskafurðum sem fódur við lífræna framleiðslu, einungis leyfð séu þær fengnar með sjálfbærum veiðum. Þá er ennfremur sett sú takmörkun á notkun þeirra sem fódurs, að einungis er heimilt að fódra önnur dýr en grasbíta á fiskimjöli eigi afurðirnar að teljast lífrænt ræktaðar, sem er þrengri reglur en „TSE reglugerðin“ 999/2001 ákveður. Reglugerðin tólk gildi í byrjun árs 2009.

Lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs.

Framkvæmdastjórnin hefur unnið að því að fella búskap með lagardýr og lagargróður undir reglur um lífræna framleiðslu. Reglurnar skulu ná til framleiðslu í fiskeldi, eldi lindýra og öflun á þangi og þara. Þær fjalla um m.a. aðbúnað, ræktun, fódur, lyfjanotkun og flutning á lifandi fiski og þéttleika í kerjum við framleiðslu. Tæknilegar útskýringar er að finna í viðaukum. Rík áhersla er lögð á sjálfbærni framleiðslu s.s. við uppskeru á þara og þangi og öflun fódurs til lífrænnar framleiðslu. Með breytingum á reglugerð 889/2009 um lífræna framleiðslu, eru hinar nýju reglur leiddar í lög.

Í lok júní sl. lagði framkvæmdastjórnin fram endurskoðaða tillögu að breytingu reglugerðarinnar (889/2008), sem fella ákvæði um lífræna framleiðslu lagardýra og gróðurs undir ákvæði hennar. Af hálfu Íslands, Noregs, Bretlands, Írlands, Frakklands, Spánar og Finnlands lágu fyrir tillögur um að auka leyfilegt hámark á þéttleika nokkurra tegunda í fiskeldi með hliðsjón af að tillögur framkvæmdastjórnarinnar leyfðu ekki nægjanlegan þéttleika til að framleiðslan geti verið hagkvæm (m.a. auka þéttleika bleikju (artic charr) úr 20 kg í 50 kg). Ekki fékkst tekið tillit til þessara tillagna. Hinsvegar vitnaði COM til ákvæða í 95 grein reglugerðarinnar, sem gera ráð fyrir að leyfa aðlögun að ákvæðum hennar, sem er fólgin í að leyfa þeim, sem fyrir gildistöku reglnanna (1.júlí 2010), að nota í 3 ár til viðbótar (til 1. júlí 2013) þær framleiðsluáðferðir sem þá gilda, þó þær séu á svig við hinar nýju reglur.

Súnósur

Í matvælalöggjöf, reglugerð 178/2002, er lögð áhersla á að takmarka eftir föngum að sjúkdómar berist frá dýrum í fólk, svonefndar súnósur. Um er að ræða sjúkdóma svo sem BSE/TSE (*bovine/transmissible spongiform encephalopatier*), salmonella, campýlóbakter og MRSA (*Methicillin-resistant Staphylococcus aureus*). Gerðar hafa verið og eru í gangi kannanir á mengun af salmonella í afurðum alifugla og svína, sem upphaf á setningu reglna um takmarkanir á sölu þessara afurða sé mengun af salmonella möguleg. ESB hefur samþykkt löggjöf, sem kemur til framkvæmda um nk. áramót og leyfir því aðeins innflutning á varphænsnum og eggjum til útgununar að afurðin komi frá landi, sem uppfyllir reglur ESB um eftirlit með salmonella í varphænsnum.

Salmonella, kampýlóbakter og MRSA

Á grundvelli ákvörðunar (2007/407) hafa verið teknar ákvarðanir um skimun eftir salmonella og kampýlóbakter á kjúklingabúum og í nýslátruðum kjúklingum (2007/516/EC) og ákvörðun um athugun á tíðni salmonella og MRSA („Methicillin-resistant Staphylococcus aureus”) í alisvínahjörðum (2008/55/EC). Athuganirnar skulu fara fram í hverju aðildarlanda ESB fyrir sig árið 2009. Framkvæmdastjórnin endurgreiðir meginhluta þess kostnaðar sem löndin verða fyrir.

Í 8. gr. reglugerðar 843/2004 um heilbrigði dýraafurða, eru ákvæði sem leyfa að sérstakar tryggingar gegn mengun af salmonella í alifugla og svínaafurðum og kjöthakki, sem voru samþykktar fyrir Finnland og Svíþjóð við aðild að ESB, megi veita á tilteknum landsvæðum eða í löndum, sem uppfylla sömu skilyrði og áður nefndum löndum er gert. Í júní 2008 var þetta mál til umræðu í fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um öryggi matvæla og heilbrigði dýra (SCFCAH). Framkvæmdastjórnin lagði fram drög að leiðbeiningum um efnislegt innihald og kröfur sem eftirlitsáætlanir sem þessar þurfa að uppfylla. Leiðbeiningarnar sem slíkar eru ekki bindandi að lögum en setja umgjörð um þetta verkefni.

Danmörk ákvað á grundvelli áðurnefndra reglna að sækja um fyrrnefnd réttindi um eftirlit á sl. ári, sem var upphaflega gert ráð fyrir að tækju til eggja og kjúklinga. Vegna neikvæðrar þróunar var horfið frá því að sækja um hvort tveggja en aðeins beðið um sérstaka tryggingu vegna eggja. Umsóknin sætti verulegri andstöðu tiltekinna ríkja í fastanefnd ESB um matvæli og heilbrigðismál dýra og var nýlega samþykkt með naumum meirihluta í nefndinni.

Eftirlitsskylda með tríkínnum.

Eftirlit með að kjöt sé ekki mengað með tríkínnum er nauðsynlegt þar sem sníkjudýrið er lífshættulegt fólki. Ákvæði um eftirlit við slátrun er að finna í reglugerð 2075/2005 sem tekur til eftirlits með tríkínnum. Skyld er að rannsaka allar tegundir kjöts fyrir tríkínnum, sem geta innihaldið tríkínur, með nokkrum undanþágum. Þannig er ekki skylt að leita eftir tríkínnum í svínakjöti, ef það er fryst fyrir sölu og neyslu því frýsting drepur sníkjudýrið **sbr. grein 3 (1) í 2075/2005:** *”By way of derogation from Article 2(1), meat of domestic swine that has undergone a freezing treatment in accordance with Annex II under the supervision of the competent authority shall be exempt from Trichinella examination”.* Aðrar undanþágur eru frá fullkominni rannsókna á svínakjöti, ef svæði eða lönd fást viðurkennd sem laus við tríkínur.

Í reglum um fyrirkomulag eftirlits, sem koma með reglugerð 882/2004 eru ákvæði sem leiða til þess að allar rannsóknastöðvar sem annast m.a. skimun fyrir tríkínnum mengun, skulu hljóta fullgildingu fyrir nk. áramót. Því fylgir verulegur kostnaður, allt að 10 þús. € á stöð að því talið er, og því eru áform um að veita lengri aðlögun, alla vegana fyrir minni rannsóknastöðvar, sem starfa á vegum eða innan tiltekinna sláturhúsa.

MATVÆLAMÁL

Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn

Þann 26. október 2007 var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með stjórnskipulegum fyrirvara, löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis eins og lengi hefur verið stefnt að. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í

matvælaíðnaði og eftirlit með fódri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði matvæla og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Með reglugerðum er verið að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálstan flutning öruggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga við framleiðslu matvæla; frá framleiðslu matvæla og fódurs til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga) því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvæla.

Upptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þá kafla EES samningsins sem varðar dýraafurðir þ.e.a.s. Viðauka I og II. Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir ESB hvað það varðar. Undanþágur sem Ísland hafði skv. þessum viðaukum skulu þó gilda áfram um löggjöf er varðar lifandi dýr önnur en lifandi fisk, nema í nokkrum tilfellum þar sem innleiddar verða gerðir er varða lifandi dýr, sem hafa fyrst og fremst möguleg áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem verða yfirteknar. Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, áfram verður leyfilegt að fódra jórturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara (samþykki Alþingis er forsenda þess) til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonella í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellamengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva hann standist hann ekki skoðun. Ennfremur að viðhalda kröfu um að innflutt kjöt sem ekki er soðið skuli flutt inn frosið og að innflutningur smitberandi afurða s.s. rotmassa sem er blandaður með alidýraáburði, skuli ekki leyfður.

Löggjöfin sem er verið að innleiða, byggir á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra með virku eftirliti í öllu ferlinu ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Megin reglugerðir um framkvæmd matvælastefnunnar sem koma til innleiðingar við þessar breytingar eru:

- Reglugerð EB nr. 178/2002 um „almenn ákvæði og reglur í matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla“.
- Reglugerð EB nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaíðnaði.
- Reglugerð EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- Reglugerð EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fódur og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.
- Reglugerð EB nr. 1774/2002 um „heilbrigðisreglur varðandi úrgang frá framleiðslu dýraafurða, sem ekki er til neyslu“.
- Reglugerð EB nr. 999/2001 um „reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum“ (BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier) er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Frá 1. janúar 2008 hafa þeir málaflokkar sem varða matvæli verið sameinaðir og falla nú undir verksvið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og sá þáttur matvælamála sem tilheyrði umhverfisráðuneytinu hefur færst þangað yfir. Ljóst er að innleiðing áður nefndra reglugerða felur í sér viðamiklar lagabreytingar á Íslandi. Innleiðing löggjafarinnna býður staðfestingar Alþingis á frv. það varðandi.

HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008

Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB er tæki til að stjórna fiskveiðum og fiskeldi og tekur hún til verndar, stjórnunar og nýtingar lifandi auðlinda sjávar, fiskeldis og vinnslu og markaðssetningar fisk- og fiskeldisafurða.¹⁵ Einn af hornsteinum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er jafn aðgangur að miðum aðildarríkjanna og eru markmið hennar þau sömu og markmið landbúnaðarstefnunnar, þ.e. að auka framleiðni, tryggja sjómönnum sanngjörn lífskjör, stuðla að jafnvægi á mörkuðum, tryggja stöðugt framboð á vörum og að tryggja neytendum sanngjarnt verð.

Það var árið 1970 sem EB tók að setja reglur um sjávarútveg og varð sjávarútvegsstefnan ítarlegri í framhaldi af útfærslu landhelgi aðildarríkjanna árið 1977. Árið 1983 tók hún á sig þá mynd sem hún hefur í raun enn í dag, en þá sömdu aðildarríkin meðal annars um að skipta heildarkvóta helstu fiskistofna á milli sín samkvæmt svokölluðum hlutfallslegum stöðuleika (relative stability). Í því felst að fyrst og fremst er miðað við veiðireynslu sem skip aðildarríkjanna höfðu á árunum 1973-1978 þegar veiðiheimildum er úthlutað, en jafnframt tekið tillit til þarfa svæða sem eru sérstaklega háð fiskveiðum og þeirrar skerðingar á veiðitækifærum sem aðildarríkin urðu fyrir vegna útfærslu lögsögu ríkja utan EB í 200 mílur. Árið 1992 var sjávarútvegsstefnan endurskoðuð og hún mótuð 10 ár fram í tímann eða til ársins 2002 þegar hún var endurskoðuð á ný. Þá náðist ekki samstaða meðal aðildarríkjanna um að hrófla við ákvæðinu um hlutfallslegan stöðugleika en í raun er engin trygging fyrir því að það verði ekki gert síðar. Stefnt er að því að næstu endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni verði lokið fyrir lok árs 2012.

Endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB 2012

Framkvæmdastjórn ESB kynnti grænbók um endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar þann 22. apríl sl. Þeir þættir sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar sem varða verndun nytjastofna og stjórnun fiskiskipaflotans eru bundnir endurskoðun fyrir lok árs 2012. Þetta eru einnig þeir tveir þættir sem hafa verið mest gagnrýndir í sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

Gallar núverandi sjávarútvegsstefnu sem skilgreindir eru í grænbókinni eru einkum, stærð fiskiskipaflotans, ónákvæm skilgreining markmiða, fyrirkomulag ákvarðanatöku, skortur á ábyrgð hjá hagsmunaaðilum og skortur á pólitískum vilja til að framfylgja settum reglum.

Þrátt fyrir langvarandi tilraunir til að bregðast við því hversu stór fiskiskipaflotinn er, hefur það ekki tekist. Það er nauðsynlegt að fundnar verði lausnir til að tryggja að evrópski

¹⁵ Reglugerð ESB nr. 2371/2002, OJ L 358, 31.12.2002

fiskiskipaflotinn verði í samræmi við tiltækar fiskveiðiheimildir. Úreldingarstyrkir hafa ekki reynst árangursríkir við að ná þessu markmiði. Taka þarf til skoðunar hvort framseljanlegar aflaheimildir geti stuðlað að hagræðingu í fiskiskipaflotanum.

Núverandi markmið sjávarútvegsstefnunnar eru óskýr og óljós og þeim er ekki forgangsraðað. Umhverfis-, efnahags- og félagsleg sjónarmið geta farið saman þegar litið er til lengri tíma, en ekki ef litið er til skammtímalausna.

Samkvæmt núverandi sjávarútvegsstefnu ESB er ekki gerður greinarmunur á grundvallarreglum og framkvæmdareglum. Allar ákvarðanir eru teknar af ráðherraráðinu, sjávarútvegsráðherrum aðildarríkjanna. Samkvæmt Lissabon sáttmálanum á samráðsferlið við um allar ákvarðanir, nema um árlegt heildaraflamark. Það þýðir að öll ákvarðanatataka verður tímafrekari, þegar bera þarf ákvarðanir undir þingið. Þetta þýðir jafnframt að núverandi „micromanagement“ verðu ómöguleg í framkvæmd. Framkvæmdastjórnin veltir hér upp möguleikanum á að framselja ákveðið vald til framkvæmdastjórnarinnar í samvinnu við aðildarríkin (Comitology). Enn fremur er þeirri hugmynd velt upp að framselja ákveðið framkvæmdavald til tiltekinnar svæða eða aðildarríkja.

Nauðsynlegt er að hagsmunaaðilar beri sjálfir ábyrgð á auðlindinni að einhverju leyti. Hafa verður í huga að hér fer saman ábyrgð og réttur til nýtingar auðlindarinnar. Þá er í grænbókinni velt upp þeirri hugmynd hvort rétt sé að innheimta veiðigjald eða eftirlitsgjald en í núverandi kerfi er það hvergi raunin.

Í skýrslu Endurskoðunarréttar ESB frá 2007¹⁶ er gerð grein fyrir göllum á fiskveiðieftirlitskerfi ESB. Í framhaldi af þeirri skýrslu hafa nú verið kynnt drög að nýrri reglugerð um fiskveiðieftirlit.

Framkvæmdastjórnin setur fram þá hugmynd að komið verði á fót tvenns konar fiskveiðistjórnunarkerfi, annars vegar fyrir stórar útgerðir og hins vegar fyrir smábáta og strandveiðar, þar sem ákveðin svæði innan aðildarríkjanna eru efnahagslega mjög háð fiskveiðum. Þannig væri t.d. hægt að hafa fjárhagslegan stuðning við strandveiðar en ekki til hinna. Hér væri hins vegar mjög mikilvægt að skilgreina nákvæmlega hvaða veiðar teljast strandveiðar.

Þá kemur í Grænbókinni skýrt fram að sameiginlega sjávarútvegsstefnan eigi að tryggja að brottkasti verði hætt.

Reglan um hlutfallslegan stöðugleika var kynnt til sögunnar 1983 og felur það í sér að aðildarríki skulu halda sama hlutfalli af aflaheimildum ESB, þó svo að heildaraflamark breytist milli ára. Framkvæmdastjórnin telur að reglan tryggi ekki lengur að aflaheimildir haldist innan viðkomandi aðildarríkis vegna tíðra kvótaskipta milli aðildarríka og mögulegri útflöggun skipa. Þá telur framkvæmdastjórnin að þessi meginregla komi í veg fyrir hagræðingu í sjávarútvegi. Reglan hafi jafnframt leitt til þess skammtímasjónarmiðs að aðildarríki hafi einblínt á að heildaraflamark verði sem hæst svo að sem mest komi í þeirra hlut. Loks stuðli þessi regla að auknu brottkasti.

Mögulegar lausnir telur framkvæmdastjórnin felast í að úthluta fiskveiðiheimildum, í stað kvóta til aðildarríkja. Önnur leið væri að halda í regluna en stuðla að því að hún verði

¹⁶ Sérstök skýrsla Endurskoðunarréttisins nr. 7/2007, (OJ 2007/C 317/01).

sveigjanlegri. Loks er athyglisvert að þeirri hugmynd er varpað fram að e.t.v. megi útvíkka regluna um einkafiskveiðilögsögu aðildarríkja innan 12 mílna, þá sérstaklega með hagsmuni strandveiða í huga.

Að lokum kemur fram að þó svo að endurskoðun eigi að vera lokið fyrir árslok 2012, muni engu að síður verða unnið að betrubótum á núverandi kerfi fram að því. Það á einkum við um fiskveiðieftirlitið, baráttu við ólöglegar fiskveiðar (IUU), bann við brottkasti, samræmingu CFP við Maritime Policy, nýja stefnu um fiskeldi, langtímaáætlanir og reglur um rekjanleika.

Fundur Ráðsins (Agriculture and Fisheries Council) þann 25. maí 2009

Grænbókin var rædd á fundi sjávarútvegsráðherra ESB í lok maí 2009. Miklar umræður urðu um hana, en þetta var fyrsta umræða sjávarútvegsráðherra ESB um Grænbókina.

Varðandi einstök atriði sem rædd voru á fundinum er það ljóst að það var áberandi samstaða um nauðsyn þess að draga úr miðstýringu sjávarútvegsmála. Nauðsynlegt er að taka hér fram að ekki var rætt hvernig það verður gert, og ekki er ljóst hvort hugmyndir aðildarríkjanna fari saman hvað þetta varðar. Ef af þessu yrði myndi Ráðið væntanlega samþykkja einhverjar lágmarkskröfur og síðan myndu e.t.v. aðildarríkin eða Svæðisbundnu ráðin (RAC's) fylla inn í eyðurnar.

Varðandi hlutfallslegan stöðugleika var mikill meirihluti aðildarríkjanna andvígur því að hrófla við reglunni. Nokkur ríki voru tilbúin til að ræða endurskoðun á henni, m.a. Svíþjóð og Bretland, en Spánn var eina ríkið sem vildi afnema regluna um hlutfallslegan stöðugleika.

Umræðan er á frumstigi. Aðildarríkin eru hvert fyrir sig að byrja að vinna athugasemdir sínar í samráði við sína hagsmunaaðila. Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt að þeir muni leggja fram fyrstu lagatillögur í byrjun árs 2011.

Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í október 2007 fram tillögu að reglugerð¹⁷ og gaf út orðsendingu¹⁸ um aðgerðir sambandsins gegn ólöglegum fiskveiðum. Byggja hugmyndirnar á þeim aðgerðum sem þegar hafa verið samþykktar á ýmsum svæðisbundnum vettvangi og miða að því að nýta á breiðari grundvelli þau tæki sem þegar hafa skilað árangri sem sértækar aðgerðir. Þannig stendur m.a. til að beita víðar viðskiptaaðgerðum sem undanfarin ár hefur verið beint að ríkjum sem ekki hafa uppfyllt skyldur sínar sem fánaríki í túnfiskveiðum. Áhersla er lögð á að hindra að afurðir ólöglegra veiða komist á markaði innan ESB, án þess að hafa neikvæð áhrif á verslun með löglegar afurðir.

Umtalsverður árangur hefur náðst í Norður-Atlantshafi. Samstarf þjóðanna þar, bæði sín á milli og við fjarlægari þjóðir, hefur m.a. orðið til þess að í ár hafa engin ólögleg skip stundað karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Er það í fyrsta skipti í fjölda ára sem engin slík skip taka þátt í karfaveiðunum. Innan Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) hefur verið unnið mikið starf, sérstaklega varðandi samstarf um eftirlit á hafi, bann við því að skip sem staðfest er að hafi stundað eða stutt við ólöglegar veiðar komi til hafna í aðildarríkjunum og aukið eftirlit með löndun frystra afurða úr erlendum skipum. Á fundi ráðsins þann 24. júní 2008 var reglugerðin samþykkt og tekur hún gildi 1. janúar 2010.

¹⁷ COM (2007) 602, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0602en01.pdf

¹⁸ COM (2007) 601, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0601en01.pdf

Framkvæmdastjórn ESB vinnur nú að framkvæmdareglugerð með sérfræðingum aðildarríkjanna, til að undirbúa tæknilega framkvæmd reglugerðarinnar. Vonast framkvæmdastjórnin til þess að reglugerðin verði samþykkt haustið 2009. Jafnframt verða gefnar út leiðbeiningar um hvernig beita eigi reglugerðinni, þar á meðal um veiðivottorð (Catch certification scheme) og aðferðir sem þriðju ríki þurfa að fylgja er þau landa afla sínum í ESB ríkjum.

Ísland hefur átt í tvíhliða viðræðum við ESB, en ætlunin er að gera samkomulag við Ísland um að ESB viðurkenni fiskveiðistjórnun Íslands þannig að ekki verði nauðsynlegt að gefa út veiðivottorð fyrir afla frá Íslandi. Í stað þess verði unnt að styðjast við löndunavottorðin.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Almennt

Fyrstu drög að fjárhagsáætlun EES/EFTA fyrir árið 2010 hafa verið kynnt. Heildarframlög Íslands í evrum lækka um 4,6 milljónir evra milli ára. Undir liðnum menntun og æskulýðsmál greiðir Ísland 1,4 milljónir evra á yfirstandandi ári en um 928 þúsund evra á næsta ári.

Niðurstaða virðist hafa fengist í ágreiningsmáli EFTA við ESB um rétt íbúa EES/EFTA til starfa í framkvæmdaskrifstofum ESB (Executive Agencies). Framkvæmdastjórnin telur sig vera í fullum rétti til að veita þegnum ESB ríkjanna forgang við veitingu starfa.

Á fundi sínum í maí fjallaði ráðherraráðið um ósk Íslands og Noregs um þátttöku í opnu samráði um menningarmál. Niðurstaðan var nokkuð óljós en eftir því sem næst verður komist á að bíða þar til núverandi starfshópar hafa lokið fyrstu lotu í sínu starfi á næsta ári og þá að að skoða í stærra samhengi hvort æskilegt sé að víkka starfið út.

Árangur í áætlunum 2008

Samkvæmt tölulegri samantekt fyrir árið 2008 fengu Íslendingar um 3,4 millj. evra frá ESB til menntamála og gjöld til sama málaflokks voru um 1,2 milljónir evra. Ef allar áætlanir, sem heyra undir svið menntamálaráðuneytis, eru teknar saman runnu um 12,2 milljónir evra til Íslands og gjöldin námu um 8 milljónir evra. Að 7. rammaáætluninni um rannsóknir og þróun undanskilinni tóku Íslendingar þátt í um 210 verkefnum og alls tóku um 7 þúsund manns þátt í þeim og eru þá taldir með nemendum í samstarfsverkefnum skóla.

Nýjar áherslur í menntamálum og endurnýjuð stefna

Ráðherraráðið ályktaði um endurnýjaða menntastefnu ESB á fundum sínum 11. og 12. maí 2009. Framtíðarsýnin er að auka færni fólks á öllum sviðum með símenntun, eða námi alla ævi. Ákveðin voru fjögur meginmarkmið, sem eiga við um öll skólastig og alla fræðslu:

1. Símenntun / framhaldsfræðsla og hreyfanleiki (e. mobility) námsmanna verði að veruleika,
2. Auka gæði og skilvirkni í skólastarfi,
3. Auka jafnræði og virka þjóðfélagsþátttöku,
4. Virkja sköpunarkraft og auka nýsköpun og frumkvöðlastarf á öllum skólastigum.

Þessi meginmarkmið gilda fyrir árin 2009 til 2020 en fyrir hvert markmiðanna fjögurra eru einnig sett skammtímamarkmið, þ.e. fyrir næstu þrjú ár.

Hið svokallaða „opna samráð“ (OMC) hefur verið árangursríkt og haft mikið gildi fyrir mörg þátttökuríki, þ.á m. Ísland. Nýbreytnin núna er m.a. sú að ætlunin er að óformleg nefnd háttsettra (informal high level group, HLG) á að vera virkari í stjórn og stefnumótun OMC. Það eru ekki góðar fréttir fyrir EES/EFTA ríkin því þau eiga enga aðild að HLG, sem tengist ráðinu. Ætlunin er að ýmsir hagsmunaaðilar komi enn frekar að samstarfinu.

Gagnkvæm miðlun, jafningjafræðsla og samstarf í og um stefnumótun eru helstu verkfærin við framkvæmd menntastefnunnar auk þess sem menntaáætlunin, Cedefop og aðrar stofnanir koma við sögu. Til að skerpa á samstarfinu og framkvæmd stefnunnar verður aukin áhersla lögð á árangur og niðurstöður, útgáfur og kynningu. Núna gera aðildarríkin skýrslur árlega um árangur í menntamálum og á grunni þeirra gera framkvæmdastjórnin og ráðið sameiginlegar árangursskýrslur á tveggja ára fresti. Þessu verður fram haldið en breytingin verður sú að í framtíðinni á að hafa sérstakar áherslur, þ.e. skoða nákvæmlega tiltekna þætti, eins og t.d. hvort tekist hafi að auka lestrarskilning barna.

Hagnýt markmið: Ákveðið var að halda sig við fimm hagnýt markmið (benchmarks), sem að nokkru leyti eru byggð á þeim sem gilda til 2010. Þau eru:

1. Árið 2020 skuli a.m.k. 15% fullorðins fólks (25 til 64 ára) vera í námi af einhverju tagi.
2. Árið 2020 skuli hlutfall þeirra 15 ára nemenda, sem fá lakan vitnisburð í lestri, reikningi og „vísindagreinum“ (science) vera minna en 15% (hér er vísað til OECD/PISA um frekari skilgreiningar á hugtökum).
3. Árið 2020 skuli a.m.k. 40% fólks á aldrinum 30-34 ára hafa lokið háskólaprófi (eða gráðu að loknum framhaldsskóla).
4. Brottfall skuli vera minna en 10% árið 2020. Hér er átt við að minna en 10% af 18-24 ára fólki skuli vera aðeins með grunnskólapróf eða þaðan af minni menntun.
5. Árið 2020 skuli a.m.k. 95% 4-6 ára gamalla barna njóta forskólakennslu (hér er miðað við börn frá 4ra ára aldri til skólaskyldualdurs, sem er mismunandi eftir ríkjum).

Eins og gefur að skilja ákveða aðildarríkin sjálf hvort þau vilji taka mið af þessum markmiðum og hið sama gildir um það sem kallað hefur verið mælistikur (e. indicators) en það eru tölfraðilegar mælistikur sem menn koma sér saman um að styðjast við til að meta árangur í átt að markmiðum, sem samstaða er um að brýnt sé að vinna að á sviði menntamála. Þau eru núna 20 en ráðherraráðið ákvað á framangreindum fundi að gefa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum frest til næsta árs að endurskoða markmiðin/verkefnin og einnig að gera tillögur um þrjú ný hagnýt markmið á sviðum er varða hreyfanleika (mobility), atvinnutækifæri í kjölfar aukinnar menntunar og tungumálakunnáttu.

Ráðherraráðið leggur mikla áhersla á samstarf menntastofnana og atvinnulífsins og það var forgangsmál hjá tékknesku formennskunni. Ráðið samþykkti ályktun þess efnis en öll helstu atriði hennar eru Íslendingum vel kunn því óvíða eru nánari tengsl milli þessarra þátta en á Íslandi.

Ráðherraráðið ályktaði einnig á fundi sínum 11. og 12. maí um samstarf avinnulífs og skóla, og byggist ályktunin á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá síðasta ári um „nýja færni fyrir ný störf“.

Ný æskulýðsstefna ESB 2009

Framkvæmdastjórnin kynnti í lok apríl nýja stefnu í málefnum ungs fólks **“An EU strategy for Youth- Investing and empowering”**. Þar er þessi framtíðarsýn:

- a) „Fjárfesta í ungu fólki“ (Investing in Youth), sem hvetur til meiri áherslu á málaflokka, sem varða ungt fólk og velferð þess.
- b) „Vald til unga fólksins“ (Empowering the Youth), sem stuðlar að því að kraftar unga fólksins nýtist betur við samfélagsmótunina.

Síðan koma langtímamarkmið í þremur hlutum:

- a) Skapa fleiri möguleika fyrir ungt fólk í menntun og störfum (Creating more opportunities for youth in education and employment).
- b) Auka aðgengi og þátttöku ungs fólks í samfélaginu (Improving access and full participation of all young people in society).
- c) Efla samstöðu samfélagsins og unga fólksins (Fostering mutual solidarity between society and young people).

Undir hverjum lið eru nokkur „aðgerðasvið“ (Field of Action). Undir fyrsta lið eru t.d. aðgerðasviðin menntun, atvinna og nýsköpun og frumkvöðlastarf. Tilgreind eru markmið á hverju sviði og þar næst eru skilgreindar einfaldar aðgerðir, t.d. vinna að betra samstarfi menntayfirvalda og þeirra sem móta stefnu í málefnum ungs fólks. Gert er ráð fyrir að þessi langtímamarkmið gildi fyrir árin 2010-2012 og þá verði þau endurskoðuð. Auk fyrrgreindra langtímamarkmiða eru sett markmið og aðgerðir til að auka vægi skipulagðs æskulýðsstarfs.

Ný Æskulýðsskýrsla – sú fyrsta í sögu ESB

Í tilefni af endurskoðun æskulýðsstefnunnar og að ósk ráðherraráðsins, var gerð viðmikil skýrsla, sem á að endurspeglar í stórum dráttum aðstæður ungmenna í Evrópu. Hún tekur til fjölmargra þátta í lífi ungs fólks, byggir á tölulegum upplýsingum frá fjölmörgum stofnunum og dregur saman staðreyndir úr ýmsum rannsóknum og skýrslum. Auk Æskulýðsskýrslunnar voru gerðar ýmsar aðrar skýrslur og samantektir af sama tilefni og er allt þetta efni að finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/youth/news/news1458_en.htm

Erasmus Mundus II

Við mitt ár 2009 er staðan sú að þátttaka í Action I og Action III hefur verið færð í EES-samninginn og Noregur hefur óskað eftir að Action II verði einnig hluti af samningnum en án þátttöku Íslands. Niðurstaða er ekki fengin í því máli.

Ný orðsending / leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnar ESB um ríkisstyrki til fjölmiðla

Framkvæmdastjórnin kynnti á síðasta ári drög að nýrri orðsendingu um ríkisstyrki til fjölmiðla. Orðsendingin felur í sér óformlegar reglur og túlkun framkvæmdastjórnarinnar á ákvæðum Evrópusáttmálans og bókana við hann um ríkisstyrkta fjölmiðla. Flestir eru sammála um nauðsyn þess að endurnýja eldri orðsendingu frá 2001 með tilliti til breyttra aðstæðna. Óvenjumikið samráð hefur átt sér stað um málið enda er það afar pólitískt og viðkvæmt. Frá 2001 hefur framkvæmdastjórnin fella 20 úrskurði í málum er varða túlkun á ESB sáttmálanum og gildandi orðsendingu og Evrópudómstóllinn fellt nokkra dóma. Í þeirri útgáfu að tilkynningunni, sem kynnt var í maí 2009, er reynt að koma til móts við athugasemdir og gagnrýni, sem fyrri drögin hlutu, ekki síst á hún ekki að vera eins nákvæm.

Hún á hins vegar að vera hlutlæg (neutral platform) og taka meira mið af AVMS tilskipuninni en sú fyrri. Helsta nýmælið er að ríkisstyrktir fjölmiðlar mega ekki hefja nýja þjónustu nema að undangenginni nákvæmri athugun á áhrifum hennar á samkeppni og starfsemi annarra fjölmiðla. Gerð var EFTA athugasemd við drögin og þeim komið á framfæri.

Gildandi reglur um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar framlengdar til 2012

Enn hefur verið ákveðið að reglur frá 2001 um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar verði framlengdar og nú til ársloka 2012. Allnokkrar rannsóknir og skýrslur hafa verið gerðar til að gefa framkvæmdastjórninni grundvöll til að byggja nýjar reglur á en í raun eru það einungis mismunandi pólitískar áherslur sem ráða för. Nokkur aðildarríki, með Frakka í broddi fylkingar, hafna algjörlega tilburðum framkvæmdastjórnarinnar til að setja ríkisstyrkjum frekari hömlur enda sé um að ræða grundvallarreglu um stuðning ríkja við menningarstarf.

AVMS tilskipunin

Tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu nr. 2007/65/EBE (Audiovisual Media Services Directive) tók gildi þann 19. desember 2007. Aðildarríki ESB og EES-ríkin verða að innleiða tilskipunina í lög fyrir 19. desember 2009. Tilskipunin er breyting á tilskipun ESB nr. 89/552/EBE um sjónvarp án landamæra, sem síðar var breytt með tilskipun 97/36/EBE.

Tilskipunin hefur verið í smíðum í fimm ár. Upprunalega tilskipunin hafði það að markmiði að setja ákveðnar og sameiginlegar reglur fyrir sjónvarp sökum þess að fjölmiðlalöggjöf er ólík í ríkjum Evrópu. Þar sem sjónvarpsmerki fer á milli landa var ákveðið að setja reglur t.d. um lögsögu sjónvarpsstöðva, auglýsingar og kostun auk reglna, sem vernda börn gegn ótilhlýðilegu efni. Í mörgum grundvallaratriðum er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nú ólík gömlu tilskipuninum.

Í EES-samningnum eru undanþágur þess efnis að EES-ríkin hafa víðari heimildir en ESB-ríkin til að stemma stigu við áfengis-, tóbaks- og spilaauglýsingum, sem dreift er í kapalkerfum, þ.e. efni sem sent er á milli landa. EES-ríkin óskuðu eftir að þessar undanþágur, sem nú eiga einnig að ná til efnis sem dreift er með annarri tækni, yrðu einnig staðfestar þegar nýja tilskipunin verður færð í EES-samninginn. Því hefur framkvæmdastjórnin hafnað og EFTA hefur tilkynnt að undir stjórn Norðmanna verði reynt að fá breytingar á afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Tvö og hálf ár eru liðin frá því að Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007. Á þeim tíma er búið að undirrita og/eða gefa vilyrði fyrir 61 samningum um verkefni með íslenskri þátttöku. Heildarstyrkir til þessara verkefna nema um €147.000.000 og er hlutur íslenskra aðila a.m.k. €15.337.000 en því til viðbúar munu bætast við styrkir til íslenskra aðila úr mannauðsáætluninni. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er 24% sem er yfir meðaltali. Töluvert af umsóknum með íslenskri þátttöku eru í mati. Næstu upplýsingar um úthlutun úr áætluninni verða birtar í nóvember 2009.

Vísindanefnd ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (CREST)

Ísland á áheyrnaraðild að „*The Committee for Scientific and Technical Research*” (CREST), sem hefur það hlutverk að vera ráðgjefandi fyrir ráðherraráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um málefni rannsókna og tækniþróunar. Undir CREST starfa nokkrir vinnuhópar samkvæmt vinnulagi opins samráðs („*Open Method of Coordination – OMC*”) þar sem þátttökulöndin vinna að sameiginlegum stefnumótandi tillögum til aðildarlandanna annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar.

Á fyrrihluta ársins 2009 hefur CREST m.a. fylgst með og fjallað um vinnu Ljubljana ferlisins, mati á 6. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun, framkvæmd 7. rannsóknáætlunar ESB um rannsóknir og þróun og viðbrögðum aðildarlanda og samstarfslanda á sviði rannsókna, þróunar- og háskólamála við fjármálakreppunni.

Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA

Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA undir formennsku Tékkna var haldinn í maí 2009. Fundarefni var framtíðarsýn Evrópska rannsóknasvæðisins 2020, samspil þekkingarþríhyrningins (menntun, rannsóknir og þróun) á landsvísu, leiðir til að efla mannauð í rannsóknum og þróun og áhrif fjármálakreppunnar á rannsóknir og þróun. Í umræðum ráðherranna kom fram að mörg ríkjanna munu draga úr framlögum til rannsókna og þróunar, sum munu halda framlögum óbreyttum en einungis lítill hluti ríkjanna munu auka framlög sín. Framkvæmdastjóri ESB á sviði vísindamála, Janez Potocnick vakti sérstaka athygli ráðherranna á að Bandaríkin hefðu tekið ákvörðun um að stórauka framlag til rannsókna og þróunar gagnert vegna kreppunnar. Hann varaði við að bilið milli Bandaríkjanna og Evrópu á þessu sviði gæti aukist enn frekar en nú er ef Evrópa drægi saman fjármögnun á þessum sviðum.

Ljubljana ferlið

Nýrri stefnumótunarvinnu fyrir evrópska rannsóknasvæðið var hrundið af stað á fyrstu mánuðum ársins 2009. Þessari vinna, sem gefið hefur verið nafnið Ljubljana ferlið, er ætlað að undirbyggja evrópska rannsóknasvæðið með endurskoðaðri framtíðarsýn til ársins 2020, samstarf á fimm nýjum sviðum (sjá nánar hér að neðan), þróun sameiginlegra vegvísa til að mæla árangur einstakra landa og Evrópu og að koma á virkari stýringu og eftirliti á evrópska rannsóknasvæðinu af hálfu ráðherranna. Aukin stýring og eftirlit kallar m.a. á nýja og skýrari ákvörðun um hver séu hin landfræðilegu mörk evrópska rannsóknasvæðisins og hvaða lönd eigi að koma að stefnumótun Evrópusambandsins í rannsóknum og þróun. Þeirri vinnu var frestað í tíð fráfarandi formennsku Tékkna og stefna Svíar að því að leiða það mál til lykta undir sinni formennsku á síðari hluta árs 2009. Á meðal þess sem horft verður til er sú aukning sem orðið hefur á fjölda landa sem standa utan Evrópusambandsins en hafa gerst aðilar að Rammaáætlunum ESB um rannsóknir og þróun. Má ætla að í þessari vinnu sænsku formenskunnar verði litið þátta einsog til sérstöðu EFTA ríkjanna hingað til, svo sem aðkomu þeirra að óformlegum ráðherrafundum rannsóknaráðherra, og væntanlegrar aðildar Rússlands og fleiri að áætluninni.

Hrundið hefur verið af stað samstarfi á fimm sviðum sem undirbyggja eiga evrópska rannsóknasvæðið um: [meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana](#), [aukinn hreyfanleika og bættu starfsævi rannsóknafólks innan Evrópu](#), [mótun nýrra sameiginlegra rannsókn- og þróunaráætlana](#), [uppbyggingu samevrópskra rannsóknainnviða](#) og [samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs](#). Þrátt fyrir að Ljubljana yfirlýsing ráðherrafundar ESB frá 14. apríl 2008 tæki til EES/EFTA-ríkjanna, reyndist réttur EFTA-ríkjanna að þessari vinnu óljós. Í tveimur tilvikum var vinnan falin nefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar

þar sem Ísland átti þegar aðild að, þ.e. um *uppbyggingu rannsóknainnviða og um aukinn hreyfanleika og bættu starfsævi rannsóknafólks innan Evrópu*. Um eitt viðfangsefnanna, *meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana*, var stofnuð ný nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-ríkjunum boðið að tilnefna fulltrúa. Um tvö viðfangsefni, um *mótun nýrra sameiginlegra rannsókna- og þróunaráætlana* og *samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs*, voru hins vegar settar á fót nefndir háttsettra embættismanna á vegum ráðherraráðsins og var EFTA-ríkjunum ekki boðið að taka þátt í því samstarfi.

Í kjölfarið áttu fulltrúar Sviss, Noregs og Íslands óformlega fundi með fulltrúum nokkurra landa ESB þar sem málstaður EFTA-ríkjanna og aðild þeirra að evrópska rannsóknasvæðinu var reifaður. Í kjölfarið báru fulltrúar nokkurra þessara ríkja upp tillögu á fundum hinna nýskipuðu embættismannanefnda um áheyrnaraðild samstarfslanda rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun og var tillagan samþykkt. Vinna nefndanna er skammt á veg komið og óljóst hvort að þær tillögur um aðgerðir og samstarf sem þær skila af sér muni taka til EFTA-ríkjanna.

Nýjar framkvæmdastofnanir Evrópska rannsóknaráðsins og 7. rammaáætlunarinnar um rannsóknir og þróun

Umfang rammáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun hefur aukist mjög á undanförunum árum meðan fjöldi starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar sem fer með þennan málaflokk er óbreyttur. Til að bregðast við auknu vinnuálagi voru settar á fót á árinu tvær framkvæmdastofnanir, svokallaðar „executive agencies” til að sjá um framkvæmd áætlunarinnar að hluta. Rekstur þessara framkvæmdastofnana er greiddur af rekstrarframlagi 7. RÁ sem EFTA ríkin greiða til. EFTA fór fram á að ráðningar í stöður þessara framkvæmdastofnana væru opnar þegnum EFTA landanna og vísaði til ráðninga EFTA þegna til sambærilegra framkvæmdastofnana fyrir aðrar ESB samstarfsáætlanir. Var það samþykkt og í byrjun júní 2008 var auglýst eftir starfsfólki frá ESB og EFTA ríkjum. Í lok júní var auglýsingin hins vegar afturkölluð og í stað hennar birt ný auglýsing þar sem einungis þegar frá aðildarlöndum ESB uppfylltu formkröfur. EFTA tók málið þegar upp við stjórnardeild ESB sem fer með vísindamál (DG Research) en án árangurs. Málið var þá tekið upp við stjórnardeild utanríkismála (DG RELEX), sem hafnaði kröfu EFTA á þeim forsendum að ráðningar EFTA þegna gæti orðið fordæmisgefandi gagnvart öðrum samstarfslöndum rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun og vísaði þar sérstaklega til væntanlegrar aðildar Rússlands að áætluninni

Áhrif gengis íslensku krónunnar á þátttöku Íslands í 7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun

Íslenskir aðilar eru þátttakandur í yfir sextíu verkefnum sem styrkt eru af 7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun og er oft á tíðum um háar fjárhæðir að ræða. Reglur áætlunarinnar kveða á um að þátttakendur skuli senda áætluninni regluleg uppgjör á styrkhæfum verkefniskostnaði í íslenskum krónum og umreikna í evrur á gengi Evrópska seðlabankans á tilteknum degi. Sérstaklega er kveðið á um í reglunum að ekki sé tekið tillit til gengistaps.

Í kjölfar gjaldeyriskreppunnar s.l. haust og veikingar íslensku krónunnar, varð allt að helmingi munur á skráðu gengi íslenska seðlabankans og evrópska seðlabankans og í desember 2008 hætti evrópski seðlabankinn að skrá gengi á íslensku krónunni. Íslenskir aðilar sem samkvæmt samningi áttu að gera upp verkefnastyrki í október, nóvember og desember, stóðu frammi fyrir allt að 50% skerðingu á umsömdum styrk í evrum, annars vegar vegna veikingar íslensku krónunnar og hins vegar vegna mismunar á skráðu gengi íslenska seðlabankans og evrópska seðlabankans. Aðrir íslenskir þátttakendur stóðu hins vegar frammi

fyrir því að geta ekki gert upp neinn verkefniskostnað þar sem seðlabanki Evrópu var hættur að skrá gengi á íslensku krónunni.

Málið var tekið upp við framkvæmdastjórnina sem mat það svo að þær aðstæður sem skapast hefðu í gengismálum Íslands væri afbrigðilegar og samþykkti sérákvæði inn í þá samninga sem Ísland ætti aðild að og gera þyrfti upp á síðustu þremur mánuðum ársins 2008. Auk þess birtir framkvæmdastjórnin nýtt gengi fyrir íslenskur krónuna fyrsta dag hvers mánaðar og tekur það gengi mið af meðalgengi íslenska seðlabankans mánuðinn á undan. Þetta gengi skal nota í uppgjörum verkefna þar til evrópski seðlabankinn tekur að nýju upp skráningu íslensku krónunnar.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

Tékkar gegndu formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2009. Þeirra aðalmarkmið fyrir samgöngur var að stuðla að skilvirkni flutninga. Liður í því var að vinna með og ná samkomulagi í ráðherraráðinu um s.k. umhverfispakka sem meðal annars inniheldur tillögur að gjaldtöku fyrir innri og ytri kostnað við samgöngur. Þá lögðu þeir áherslu á framgang aðgerðaráætlunar um uppbyggingu upplýsinga- og stýrikerfis fyrir flutninga. Sömuleiðis var ráðgert að halda áfram umræðum um nýjar tillögur um Marco Polo áætlunina. Í flugi settu þeir sér markmið um að klára umræðu um SES II pakkann og að ná samkomulagi um kerfislýsingu SESAR verkefnisins. Þá ráðgerðu þeir að opna umræður um endurskoðun TEN-T verkefnisins með grænbók um framtíðarstefnu í samgöngukerfi Evrópu. Þeir stefnu einnig að því að ná samkomulagi milli þingsins og ráðsins um tillögur að breytingu á reglum um vinnu og hvíldartíma aðstoðarmanna bílstjóra. Ennfremur ráðgerðu þeir að taka fyrir tillögu að breytingu á reglugerð um skipurit fyrir rekstur leiðsögukerfa. Loks áformuðu þeir að opna umræður um endurskoðun á umferðaröryggisáætlun sambandsins og undirbúning nýrrar áætlunar fyrir árin 2011-2020.

Tékkar settu sér það markmið í fjarskiptum að ná samkomulagi við þingið um nýja fjarskiptapakann. Einnig að ná samkomulagi um breytingu á GSM tilskipuninni sem og reglugerð um reiki.

Á formennskutíma Tékkra funduðu samgönguráðherrar á vegum ráðsins í febrúar, mars og júní. Á fundinum í febrúar samþykktu þeir tillögur að tilskipun um gjaldtöku flugvalla óbreytta eftir aðra umræðu þingsins sem varð við það tilbúin til birtingar.

Á fundinum í mars ræddu ráðherrarnir tillögu að breytingu á tilskipun um gjaldtöku á vegum en mikið bar á milli þeirra hvernig best væri að lenda málinu. Málið er flókið og ríkir óvissa um afgreiðslu þess. Á sama fundi ræddu þeir tillögur um vinnu- og hvíldartíma aðstoðarmanna ökumanna og urðu sammála um áherslur í málinu. Þá náði fundurinn saman um ályktun um aðgerðaráætlun um þróun upplýsinga og stýrikerfis fyrir flutninga í Evrópu (Intelligent transport system). Fundurinn samþykkti einnig kerfislýsingu SESAR verkefnisins auk þess sem samþykkt var að hefja viðræður við Kanada um loftferðasamning auk þess sem samþykkt var heimild til undirskriftar á flugöryggissamning við Kanada. Þá ályktaði fundurinn um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um helstu áhersluatriði stefnu í

sjóflutningamálum. Einnig ályktaði fundurinn um orðsendingu um áætlun um rými til sjóflutninga án hindrana (EU maritime transport space without barriers).

Á fundinum í júní samþykktu ráðherrarnir að fela framkvæmdastjórninni að hefja viðræður við Georgíu um loftferðasamning. Einnig ályktuðu þeir um grænbók framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun stefnu varðandi samgöngukerfi Evrópu..

Eftirfarandi er slóð á fréttatilkynningar vegna funda ráðsins á tímabilinu:

<http://www.consilium.europa.eu/App/newsroom/loadbook.aspx?BID=87&LANG=1&cmsid=354>

Hér á eftir er fjallað nánar um málefni sem voru efst á baugi fyrri hluta ársins 2009. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í yfirlitsskýrslu sendiráðsins seinni hluta árs 2008 og eldri skýrslum.

FLUGMÁL

Almennt

Flugmál eru fyrirferðamikil hjá samgönguskrifstofu ESB um þessar mundir og er unnið að mörgum stórum og fyrirferðamiklum verkefnum á því sviði. Samkomulag náðist um SES II pakkann auk ýmissa annarra mála. Þá var byrjað á nýjum málum og m.a hafnar viðræður um loftferðasamning við ríki sem ósamið var við.

Loftferðarsamningar og samningar um gagnkvæmar viðurkenningar á flugöryggi

Framkvæmdastjórnin undirritaði loftferðasamning við Nepal í janúar og kemur hann í stað 7 tvíhliða saminga. Samningurinn opnar fyrir flug frá aðildarríkjum ESB án þess að takmarka réttindin við ríki ESB þar sem félagið er skrásett. Einnig var í febrúar skrifað undir loftferðasamning við Pakistan sem kemur í stað 18 tvíhliða samninga aðildarríkja ESB. Loks var 3. apríl skrifað undir samning um flugmál við Mongólíu sem eyðir réttaróvissu varðandi loftferðir á milli ESB og Mongólíu fyrir ESB ríki sem hafa gildandi loftferðasamning við ríkið.

Ráðherraráðið samþykkti á fundum sínum á tímabilinu lokatexta loftferðasamnings við Kanada. Ráðið samþykkti einnig samningsumboð til framkvæmdastjórnarinnar um að ganga til samninga fyrir hönd aðildarríkjanna að nýjum loftferðasamningum við Georgíu. Þegar á framkvæmdastjórnin í viðræðum við Ísrael, Ástralíu, Nýja Sjáland, Úkraínu og fleiri ríki um loftferðasaminga.

Miðað er við að ákvæði samninganna kveði á um frekari opnun flugmarkaða ríkjanna auk samstillingu regluverks samningsaðila er varðar flugöryggi, flugvernd, samkeppni, ríkisstyrki, umhverfismál, neytendavernd og flugumsjón.

Ísland hefur eins og sagði frá í síðustu skýrslu, áheyrnaraðild að fundum stýrinesfndar „Open Skies” samningsins á milli Bandaríkjanna og ESB. Fundur var haldinn í Brussel í júní. Samningstexti um aðild Noregs og Íslands liggur fyrir tilbúinn til undirritunar. Þá hefur Ísland áheyrnaraðild að viðræðum um annan áfanga „Open Skies” samningsins og komu aðilar einnig saman til fundar í Brussel í júní og ræddu næstu skref.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:

http://ec.europa.eu/transport/air/international_aviation/country_index/country_index_en.htm

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – „Single European Sky“

Í síðustu skýrslum var sagt frá öðrum tillögupakka framkvæmdastjórnarinnar um uppbyggingu sameiginlegs evrópsks loftrýmis eða s.k. SES II pakka. Þingið og ráðið náðu samkomulagi um pakkann og bíður hann nú birtingar. Með löggjöfinni fær Flugöryggisstofnun Evrópu hlutverk við öryggiseftirlit flugleiðsögu og flugvalla. Þá kveður hún á um uppbyggingu s.k. FAB eða loftrýmiseininga óháðum landamærum, að sett séu markmið um hagræðingu og um eftirfylgni markmiða um sameiginlegt evrópskt loftrými.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:

http://ec.europa.eu/transport/air/single_european_sky/single_european_sky_en.htm

Ráðherraráðið samþykkti eins og áður sagði kerfislýsingu SESAR verkefnisins. SESAR JU samvinnufélagið tók einnig til starfa og vinnur við að hrinda kerfislýsingunni í framkvæmd.

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- [Reglugerð 668/2008 um almenn skilyrði fyrir flugleiðsöguþjónustu](#)
- [Reglugerð 1008/2008 um almennar reglur fyrir flugleiðsöguþjónustu](#)
- [Reglugerð 30/2009 breyting á reglugerð 1032/2006 um flugfjarskipti](#)
- [Reglugerð 1361/2008 um samvinnufélag um SESAR verkefnið](#)
- [Reglugerð 262/2009 um samræmda úthlutun flugkóða](#)
- [Reglugerð 80/2009 um bókunarkerfi flugferða](#)

Flugvallapakinn

Í fyrri skýrslum var sagt frá sk. flugvallapakka sem samanstendur af tillögu að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum, tilkynningu um afkastagetu flugvalla í Evrópu og skýrslu um framkvæmd reglugerðar um flugafgreiðslu. Ráðherraráðið afgreiddi tillöguna og var í framhaldi af því birt tilskipun 11. mars sem fékk nr. 2009/12 Tilskipunin gildir fyrir alla flugvelli sem um fara 5 milljón farþega eða fleiri. Að auki gildir hún um stærsta flugvöll í hverju aðildarríki um sig. Skv. þessu fellur Keflavíkurflugvöllur undir hana.

Sjá: http://ec.europa.eu/transport/air/airports/airport_charges_en.htm

FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL

Flugöryggisnefnd framkvæmdastjórnarinnar kom saman í byrjun apríl sl. og fjallaði um tillögur að nýjum bannlista yfir flugfélög sem er óheimilt að fljúga til ríkja sambandsins. Samþykktur var nýr listi sem má finna á eftirfarandi slóð:

http://ec.europa.eu/transport/air-ban/list_en.htm

Framkvæmdastjórnin birti á tímabilinu tillögu að nýrri reglugerð um gjaldtöku fyrir flugverndarráðstafanir á flugvöllum. Tillagan hefur ekki komið til umfjöllunar hjá stofnunum ESB enn sem komið er. Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=198272

Eftirfarandi er slóð á vefsíðu ESB um flugöryggi:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- [Reglugerð 216/2008 um flugöryggisreglur og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu](#)
- [Reglugerð 300/2008 um almennar flugverndarreglur](#)
- [Reglugerð 820/2008 um innleiðingu flugverndarreglna](#)
- [Reglugerð 272/2009 um flugverndarstaðla](#)

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu og fyrri skýrslna varðandi þetta efni. Tilskipun um losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið birt og fékk númerið 2008/101. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar á vegum umhverfisstjórnunarinnar.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm

http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm

<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st16/st16855.en07.pdf>

SIGLINGAMÁL

Stefna ESB í málefnum hafsins – „Maritime Policy“

Á fyrri hluta ársins voru haldir fundir í sérfræðinganefnd „Maritime Policy“ auk tengiliðanefndar háttsettra embættismanna. Auk þess voru haldnar ráðstefnur um skipulags- og nýtingarmál hafs og stranda í Brussel og á Ítalíu. Fyrirhuguð er lokaráðstefna um málið í Stokkhólmi í haust.

Þá auglýsti framkvæmdastjórnin eftir áhugasömum til þess að taka þátt í tilraunaverkefni um samþættingu vöktunarkerfa annars vegar á Miðjarðarhafinu og hins vegar í s.k. “Northern European Sea Basins” sem inniheldur m.a. Eystrasalt. Frestur til þess að skila umsóknum er til 15. september n.k. Þá er unnið að undirbúningi samræmnds gagnasafns um ástand og stöðu sjávar. Loks var haldin viðamikil ráðstefna í Róm í maí sl. um stefnu í málefnum sjávar þar sem Miðjarðarhafið var einkum tekið fyrir. Vísað er til síðustu skýrslu til frekari upplýsinga um þetta málefni.

Vefslóð fyrir skipulagningu á verndun og nýtingu hafsins:

<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

Þriðji siglingapakinn

Evrópuþingið afgreiddi frá sér þriðja siglingapakinn í mars sl. Var þá 3ja ára erfiðri umfjöllun um pakkann lokið þar sem þingið og ráðið tókust á um ýmis álitamál

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/maritime/safety/third_maritime_safety_package_en.htm

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- *Tilskipun 2009/21 um skyldur fánaríkja*
- *Tilskipun 2009/15 um kröfur til flokkunarfélaga og skoðunarstofa*
- *Reglugerð 391/2009 um staðla fyrir flokkunarfélög og skoðunarstofur*
- *Tilskipun 2009/16 um hafnarríkiseftirlit*
- *Tilskipun 2009/17 um eftirlitskerfi með skipaferðum*
- *Tilskipun 2009/18 um sjóslysarannsóknir*
- *Reglugerð 392/2009 um ábyrgð útgerða farþegaskipa*
- *Tilskipun 2009/20 um ábyrgðartryggingar skipa*

Aðrar tillögur á sviði siglinga

Framkvæmdastjórnin birti í desember tillögu að reglugerð um réttindi farþega á skipum. Tillagan var birt samhliða sambærilegrar tillögu um réttindi farþega langferðabifreiða og strætisvagna. Hún miðar meðal annars að því að bæta farþegum fjárhagslega fyrir farmiða ef ferðir tefjast eða falla niður. Þá er þeim bættur skaði vegna taps á farangri auk þess sem settar eru reglur um réttindi fatlaðra. Evrópuþingið lauk fyrstu umræðu um málið í maí sl. Ráðið hefur ekki lokið umfjöllun sinni um málið.

http://ec.europa.eu/transport/passengers/maritime/maritime_en.htm

Evrópuþingið og ráðið náðu samkomulagi um tillögu að breytingu á reglugerð um Marco Polo verkefnið sem miðar að því að auðvelda fyrirtækjum að fá stuðning frá sjóðum verkefnisins. Samkvæmt því verður auðveldara fyrir minni og meðalstór fyrirtæki að sækja um stuðning við verkefni sín á milli. Þá er þröskuldur fyrir áætlaðan ávinning lægri og hámarksstyrkir hækkaðir. Loks verður einfaldara að sækja um styrk og hraðari útborgun styrkja. Sjá:

http://www.europarl.europa.eu/news/expert/infopress_page/062-54186-111-04-17-910-20090422IPR54185-21-04-2009-2009-false/default_en.htm

Þingið og ráðið hafa samþykkt tillögu að reglugerð um öryggisstaðla fyrir farþegaskip: Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196478

Til meðferðar hjá ráðinu tillaga að tilskipun um mengun frá skipum og að brot varði við refsilöggjöf ríkjanna.

Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196825

Framkvæmdastjórnin birti í byrjun ársins orðsendingu er fjallaði um stefnumarkandi áhersluatriði og tillögur fyrir mótun stefnu í sjóflutningum til ársins 2018. Einnig fylgdi orðsending um rými til sjóflutninga án þröskulda. Samgönguráðherrar fjölluðu um orðsendingarnar á fundi sínum í júní og sendu frá sér ályktun um það. Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197854

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197853

Framkvæmdastjórnin birti í byrjun ársins tillögu að tilskipun um afgreiðslu flutningaskipa. Lagt er til að tekin verði upp einfaldari afgreiðsla skipa sem greiði fyrir sjóflutningum. Evrópuþingið hefur málið til meðferðar í fyrstu umræðu. Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197852

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- *Reglugerð 536/2008 um botnmálingu skipa.*

FLUTNINGAMÁL

Flutningapakinn og flutningamál (Freight transport logistics)

Vísað er til fyrri skýrslna til frekari upplýsinga um þetta mál. Samkomulag náðist á milli þingsins og ráðsins um flutningapakann og bíður hann nú birtingar.

Slóð á forsíðu verkefnisins:

http://ec.europa.eu/transport/logistics/index_en.htm

Framkvæmdastjórnin birti í lok desember orðsendingu með aðgerðaráætlun um uppbyggingu samræmds upplýsinga- og eftirlitskerfis í flutningum (intelligent transport systems). Væntingar eru um að slík kerfi stuðli að umhverfissvænni, öruggari og skilvirkari flutningum. Unnið hefur verið að málinu í nokkrum ríkjum ESB en samræma þarf vinnuna þannig að kerfin tali saman yfir landamæri og vinnan gagnist í öllum ríkjunum. Fimm skrifstofur ESB standa að orðsendingunni, samgöngu-, upplýsingasamfélags-, rannsóknar-, atvinnuvega- og umhverfisskrifstofan. Orðsendingin var rædd á fundi samgönguráðherra í júní. Einnig birti framkvæmdastjórnin tillögu að tilskipun um skipulag væntanlegs kerfis. COM(2008) 887.

Sjá: http://ec.europa.eu/transport/its/road/action_plan_en.htm

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197768

VEGA- OG UMFERÐARMÁL

Grænbók um samgöngur í borgum

Framkvæmdastjórnin vinnur að aðgerðaráætlun fyrir borgarsamgöngur en ekki liggur fyrir hvenær hún verður birt.

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/preparation_en.htm

Endurskoðun TEN-T áætlunarinnar um uppbyggingu grunnnets samgangna í Evrópu

Framkvæmdastjórnin birti umræðuskjal fyrir grænbók um endurskoðun TEN-T áætlunarinnar um uppbyggingu samgöngukerfis Evrópu. Frestur til þess að skila athugasemdum var til 30. apríl sl.

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/infrastructure/consultations/2009_04_30_ten_t_green_paper_en.htm

Önnur umferðar- og vegamál

Framkvæmdastjórnin birti í október tillögu að breytingu á tilskipun 2002/15 sem fjallar um vinnu og hvíldartíma aðstoðarmanna bílstjóra. Fallið er frá ákvæðum gildandi tilskipunar um að hún komi innan tiltekins tíma til með að taka til einyrkja. Þingið kláraði fyrstu umræðu um tillöguna og samþykkti að hún næði til einyrkja. Ágreiningur er á milli þingsins annars vegar og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar um þetta atriði.

Eftirfarandi er slóð á tillöguna:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197502

Framkvæmdastjórnin birti í desember tillögu að reglugerð um réttindi farþega í strætisvögnum og áætluðarferðum á vegum. Tillagan miðar meðal annars að því að bæta farþegum fjárhagslega fyrir farmiða ef ferðir tefjast eða falla niður. Þá er þeim bætur skaði vegna taps á farangri auk þess sem settar eru reglur um réttindi fatlaðra. Evrópuþingið lauk fyrstu umræðu um málið í maí sl. og samþykkti m.a. breytingar sem takmarka gildissvið tillögunnar. Ráðið hefur ekki lokið umfjöllun sinni um málið.

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/passengers/road/road_en.htm

Tillaga að tilskipun um eftirfylgni yfir landamæri

Tillaga að tilskipun um eftirfylgni yfir landamæri hefur verið til umfjöllunar hjá ráðinu. Hún leggur til að setja á laggirnar kerfi sem miðlar upplýsingum um eigendur bifreiða sem nást vegna hraðakstursbrota, skorts á notkun bílbelta og vegna ölvunaraksturs. Ríkin eru sammála um markmið tilskipunarinnar en ekki fyllilega um hvort hún eigi heima undir samgöngumálum. Ekki liggur fyrir afstaða EES-EFTA ríkjanna varðandi þetta efni.

Sjá:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196862

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- *Tilskipun 2009/4 um ráðstafanir til þess að fyrirbyggja fölsun ökurita.*
- *Tilskipun 2009/5 um lágmarksskilyrði reglna um félagsmál varðandi þá sem starfa við flutning eftir vegum*
- *Reglugerð 68/2009 um ökurita*
- *Leiðbeiningar 2009/60 um verklag við eftirlit ökuritum*

ALMENN SAMGÖNGUMÁL

Framkvæmdastjórnin birti sl. sumar svokallaðan **grænan samgöngupakka** sem m.a. inniheldur tillögu að breytingu á tilskipun um gjaldtöku á vegum og áhrifagreiningu tillögunnar. Hún gildir fyrir bifreiðar yfir 3,5 tonn að þyngd. Lagt er til að heimilt verði að taka gjald fyrir ytri kostnað þ.e. tafatíma, hávaða og mengun og gjaldið verði mismunandi eftir álagstíma en valkvætt fyrst um sinn. Samgöngunefnd þingsins hefur lokið fyrstu umræðu um pakkann. Ráðið hefur einnig rætt tillögurnar en mikið ber á milli sjónarmiða aðildarríkja. Líklegt er að nokkurn tíma þurfi til þess að klára umræðuna.

Sjá: http://ec.europa.eu/transport/greening/doc/road/2008_07_greening_transport_road_proposal_en.pdf

Galileo

Í síðustu skýrslum var greint ítarlega frá Galileo verkefninu sem er forgangsverkefni ESB og líklega stærsta verkefni sem sambandið hefur ráðist í. Noregur hefur náð samningum um þátttöku í Galileo verkefninu og liggur fyrir drög að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar þar um. Ísland tók þátt í viðræðum um aðild að verkefninu og snérist þær m.a. um fjárframlög sem eru umtalsverð. Í ljósi efnahagsástandsins var ákveðið að slá þátttöku á frest en mögulegt er að taka upp þráðinn síðar ef svo ber undir

Slóð fyrir Galileo verkefnið:

http://ec.europa.eu/dgs/energy_transport/galileo/index_en.htm

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- [Ákvörðun 2009/334 um skipun nefndar um vernarmál gervihnattaleiðsögukerfa](#)
- [Ákvörðun 2009/240 um heimild til aðildarríkja um að víkja frá tilteknum atriðum reglugerðar 2008/68 um hættulegan farm](#)

FJARSKIPTAMÁL

Endurskoðun fjarskiptapakans

Mikil umfjöllun var um fjarskiptapakka framkvæmdastjórnarinnar á tímabilinu. Samkomulag náðist á milli þingsins og ráðsins um afgreiðslu hans. Þingið afgreiddi hins vegar samkomulagið með breytingu og setti það málið í uppnám. Breytingin gekk gegn málaflutningi Frakka sem vildu setja heimildarákvæði í samræmi við frumvarp sem liggur fyrir franska þinginu um að skerða mætti aðgang að netinu. Málið bíður nýs Evrópuþings. Vísað er til ítarlegrar umfjöllunar um pakkann í síðustu skýrslu. Eftirfarandi eru slóðir á pakkann og umfjöllun um hann:

http://www.europarl.europa.eu/news/expert/infopress_page/058-55086-124-05-19-909-20090505IPR55085-04-05-2009-2009-true/default_en.htm

Eftirfarandi er slóð á upphaflegu tillögur framkvæmdastjórnarinnar og fylgiskjöl:

http://ec.europa.eu/information_society/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=3701

Gjaldtaka fyrir lok símtala

Í síðustu skýrslu var vikið að samráðsvinnu framkvæmdastjórnarinnar varðandi lúknungargjöld. Framkvæmdastjórnin hefur nú birt ráðleggingar sínar varðandi málið: (2009/396). Hér er einnig að finna frekari útskýringar: (COCOM08-36)

Slóð:

http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecommlibrary/public_consult/termination_rates/index_en.htm

Tillaga að breytingu á reglugerð um alþjóðlegt reiki

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu um þetta mál. Samkomulag náðist á milli þingsins og ráðsins um málið, reglugerðin birt og tók hún gildi innan ESB 1. júlí sl. Unnið er að því að innleiða hana á EES svæðið og að fá aðlögun fyrir Ísland frá ákvæðum um að miða skuli gjaldskrár við gengi Evrópska seðlabankans. Áhersla er lögð á að hraða málinu.

Slóð: http://ec.europa.eu/information_society/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=5097

Tillaga að breytingu á tilskipun um úthlutun GSM tíðna

Framkvæmdastjórnin birti í nóvember sl. tillögu að tilskipun um breytingu á tilskipun um úthlutun tíðna fyrir farsíma eða s.k. GSM tilskipun. Lagt er til að opna notkun 900 Mhz tíðnina fyrir 3ju kynslóðar sem og aðra tækni. Evrópuþingið kláraði fyrstu umræðu um málið í maí sl.

Sjá: http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197643

Samráð varðandi mögulega aðgangsskyldu að næstu kynslóðarnetum

Framkvæmdastjórnin birti samráðsskjal varðandi hugmyndir og leiðir til þess að setja kvaðir í reglugerð um aðgang samkeppnisaðila að næstu kynslóðar netum þ.e. ljósleiðurum. Frestur til þess að skila umsögnum var til 14. nóvember. Framkvæmdastjórnin er langt komin með að vinna úr athugasemdunum og hefur kynnt drög sem tekur tillit til þeirra.

Slóð:http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecom/library/public_consult/nga/index_en.htm

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- Ákvörðun 1351/2008 um verkefni er vinnur að öruggum aðgangi barna að netinu
- Ákvörðun 2009/343 um samræmingu notkun tíðna fyrir stuttbygljubreiðbands-útsendingar (ultra wide band)
- Ákvörðun 2009/381 um samræmingu notkun tíðna fyrir stuttbylgjuútsendingar
- Ákvörðun 671/2008 um ráðstöfun 169,4-169,8125 Mhz tíðni
- Ákvörðun 2008/477 um ráðstöfun 2500-2690 Mhz tíðni
- Ákvörðun 2008/411 um ráðstöfun 3400 – 3800 Mhz tíðni
- Ráðleggingu 2008/295 um úthlutun leyfa til fjarskipta í flugvélum
- Ákvörðun 2008/324 um skipun ráðgjafarnefndar um framkvæmd tilskipunar um varðveislu gagna um fjarskiptatengingar
- Tilskipun 2006/24 um varðveislu gagna um fjarskiptatengingar
- Ákvörðun 2008/432 um tíðni fyrir RDIF merki.
- Ákvörðun 2008/294 um tíðni fyrir fjarskipti í flugvélum
- [Reglugerð 1007/2008 um fjarskiptaöryggistofnun Evrópu.](#)

PÓSTMÁL

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslum um nýja tilskipun um frjálsræði í póstburðarmálum. Samkvæmt henni opnast markaðir fyrir póstburð frá og með 2011 utan nokkurra ríkja sem hafa heimild til þess að fresta gildisstökunni til 2013. Framkvæmdastjórnin vinnur að því með aðildarríkjunum að útfæra ákvæði tilskipunarinnar og greiða fyrir innleiðingu hennar í lög aðildarríkjanna.

Slóð fyrir póstmál: http://ec.europa.eu/internal_market/post/index_en.htm

SVEITARSTJÓRNARMÁL

EFTA ríkin unnu að því að stofna vettvang sveitarstjórnar innan EFTA sem samsvarar héraðanefnd ESB. Málið er ekki útkljáð. Vísað er til síðustu skýrslu varðandi málið.

UMHVERFISMÁL

1. Ráðherraráðið og Evrópuþingið staðfesta formlega „orku- og loftslagspakkan“.

Hinn 6. apríl sl. staðfesti ráðherraráðið formlega sjö lagatexta varðandi svokallaðan „orku- og loftslagspakka“. Þingið staðfesti „pakkan“ síðan 24. apríl og voru hlutaðeigandi tilskipanir, reglugerðir og ákvörðun birtar í stjórnartíðinum ESB (Official Journal) í byrjun júní sl. Aðildarríkin hafa 18 mánuði til að leiða hlutaðeigandi lagatexta í landsrétt. „Pakkinn“ samanstendur af:

1. Tilskipun um endurnýjanlega orku (Directive 2009/28/EC). Ætlunin að endurnýjanleg orka verði 20% af heildarorkunotkun 2020. Talin EES tæk af hálfu ESB og fellur undir iðnaðarráðuneytið.
2. Tilskipun um Endurskoðað ETS, viðskipti með gróðurhúsalofttegundir (directive 2009/29/EC), þar sem bætt er við nýrri starfsemi (s.s. ál- og járnblendiframleiðslu) og tveimur nýjum gastegundum til viðbótar við CO₂, þ.e. nitrous oxide og perflurocarbons, en markmiðið er 21% minnkun losunar þeirra þátta sem undir tilskipunina falla árið 2020 m.v. 2005. Tilskipunin er talin tæk af hálfu ESB og fellur undir umhverfisráðuneytið. Ísland er þegar aðili að gildandi tilskipun um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir, ETS, (directive 2003/87/EC) en engin starfsemi á Íslandi fellur undir tilskipunina sem stendur en á því verður breyting frá og með 1. jan. 2013 þegar ál- og járnblendiframleiðsla verður felld undir viðskiptakerfið.
3. Ákvörðun (decision 406/2009/EC) um skiptingu byrðarinnar innan ESB landanna (effort sharing) þar sem lagðar eru mismunandi byrðar á löndin um að minnka losun m.v. verga þjóðarframleiðslu á mann vegna starfsemi sem ekki fellur undir ETS (NON-ETS). Ætlunin er að losun frá þessari starfsemi (landbúnaður, samgöngur, þjónusta, smærri iðnfyrirtæki, byggingar (húshitun) og úrgangur) skili 14% minni losun 2020 m.v. 2005. Ekki er um að ræða EES tæka ákvörðun að mati ESB.
4. Tilskipun (directive 2009/31/EC) um föngun og geymslu CO₂ í jarðlögum og um magn kvóta til ráðstöfunar til að fjármagna þá tækni. Talin EES tæk af hálfu ESB og fellur undir umhverfisráðuneytið.
5. Tilskipun (directive 2009/30/EC) um gæði eldsneytis sem kveður á um 10% minnkun gróðurhúsalofttegunda 2020 með betri nýtingu eða umhverfisvænna eldsneyti í samgöngum. Tilskipunin er talin EES tæk af hálfu ESB og fellur undir samgönguráðuneytið.
6. Reglugerð (regulation (EC) 443/2009) um takmörkun CO₂ losunar frá einkabílum þannig að frá 2015 verði nýir bílar með 130g CO₂/km og 90g 2020. Talin EES tæk af hálfu ESB og fellur undir samgönguráðuneytið.
7. Tilskipun um umhverfisvænni ökutæki (Directive 2009/33/EC). Talin EES tæk af hálfu ESB og fellur undir samgönguráðuneytið.

„Orku- og loftslagspakkin“ verður framlag ESB til loftslagsviðræðnanna sem fara fram sem stendur og ætlunin er að leiði til nýs loftslagssamning í Kaupmannahöfn í desember næstkomandi, sem tæki við af Kyotobókuninni sem rennur sitt skeið 31. desember 2012. Meginmálið er að draga úr losun CO₂ um 20% árið 2020 miðað við 1990. ESB löndin eru reiðubúin að ganga lengra eða í allt að 30% minnkun losunar náist alþjóðlegt samkomulag um það. Óháð því hvort samkomulag næst um nýjan loftslagssamning mun „orku- og loftslagspakkin“ gilda innan ESB landanna frá og með 1. janúar 2013.

Ofangreindar gerðir (tilskipanir og reglugerð) hafa verið sendar til íslenskra stjórnvalda af hálfu EFTA með beiðni um skil á staðalskjölum og eru málin til meðferðar í hlutaðeigandi ráðuneytum.

Að öðru leyti er vísað til ítarlegrar umfjöllunar um „orku- og loftslagspakkan“ í hálfárskýrslna sendiráðsins í Brussel á síðara misseri ársins 2007 og fyrra og síðara misseri ársins 2008.

<http://www.europolitics.info/xg/europolitique/politiquessectorielles/environnement/>

2. Vinna framkvæmdastjórnar ESB við framkvæmd ETS (viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir).

Langstærstu málin sem unnið er að á vegum framkvæmdastjórnar ESB eru án efa loftslagsmálin og gerð nýs loftslagssamnings eftir að Kyotobókunin rennur sitt skeið í árslok 2012. Þessi vinna er nátengd þeirri vinnu sem tilskipun um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir (Directive 2003/87/EC) og breytingar á henni um að fella flugstarfsemi (aviation) undir tilskipunina (Directive 2008/101/EC) frá og með 1. janúar 2012 og breytt viðskiptakerfi frá og með 1. janúar 2013, sbr. tl. 1. hér að ofan, hafa í för með sér. Á vegum framkvæmdastjórnarinnar starfar sérstök loftslagsnefnd (DG Environment Climate Change Committee), sem hefur það hlutverk að yfirfara og ganga endanlega frá tillögum til framkvæmdastjórnarinnar um einstaka þætti mála sem snúa að viðskiptakerfinu og föngun og geymslu CO₂ í jarðlögum. Það er síðan hlutverk framkvæmdastjórnarinnar að ganga endanlega frá málum til Ráðherraráðsins, sem tekur það til afgreiðslu og sendir Evrópuþinginu síðar til staðfestingar.

Á vegum loftslagsnefndarinnar starfa nokkrar undirnefndir (Working Groups) og undir þeim tækninefndir (Technical Working Groups) þar sem grunnvinnan fer fram. Undirnefnd 3 (Working Group 3) fjallar um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir m.a. flugstarfsemi og föngun og geymslu CO₂ í jarðlögum og á hennar vegum starfa nokkrar tækninefndir, s.s. um frammistöðuviðmið (benchmarks) og um uppboð á losunarheimildum (auctioning). Náíð samstarf er einnig við hlutaðeigandi aðili utan stjórnkerfa ESB landanna (stakeholders) s.s. við atvinnulífið og umhverfisverndarsamtök. Næsta haust tekur til starfa ný tækninefnd á vegum undirnefndar 3, sem mun fjalla um nýja starfsemi og nýjar gastegundir sem teknar verða undir viðskiptakerfið frá og með 1. janúar 2013 (new sectors and new gases-opt.ins) en þar fellur undir ál- og járnblendiframleiðsla þannig að málið varðar Ísland miklu þar sem það er aðili að viðskiptakerfinu þótt gildandi kerfi til 2013 geri ekki kröfu til aðgerða af hálfu Íslands þar sem engin starfsemi á landinu fellur undir kerfið. Frá og með 1. janúar 2012 fellur flugstarfsemi undir kerfið og þá fyrst þarf Ísland að taka virkan þátt í kerfinu og frá 1. janúar 2013 af fullum þunga.

Ísland, ásamt hinum EES/EFTA löndunum Liechtenstein og Noregi, tekur þátt í starfi allra ofangreindra nefnda með þeim réttindum sem því fylgja öðrum en atkvæðisrétti.

3. Áherslur Svíþjóðar á formenskumissemi innan ESB á síðari hluta ársins 2009.

Svíþjóð tók við formensku innan ESB 1. júlí 2009 af Tékklandi og fer með formensku á síðara misseri ársins. Megináherslur Svíþjóðar á formenskumissemi verða að leiða loftslagsmálin til lykta á Kaupmannahafnarfundinum í desember n.k. (COP 15) á þeirri forsendu að ná fram metnaðarfullri niðurstöðu í málinu í samræmi við nauðsyn aðgerða og liggur þar til grundvallar „orku- og loftslagspakki“ ESB, sbr. tl. 1 hér að framan. Það kemur í hlut Svíþjóðar að leiða viðræðurnar af hálfu ESB. Lögð verður áhersla á að ESB verði sem

fyrir í forystusveit alþjóðasamfélagsins í loftslagsmálun enda eina ríkjasambandið sem hefur lagt fram metnaðarfullar og frágengnar tillögur um framhaldið eftir að Kyotobókunin rennur sitt skeið. Þar skiptir miklu máli að mynda trúnað og traust milli ólíkra heimshluta og menningarsvæða.

Svíþjóð mun einnig leggja áherslu á umhverfissvæna efnahagsstefnu með það að leiðarljósi að lausn efnahagskreppunnar í heiminum verði tengd aðkallandi aðgerðum í loftslagsmálum og að tækifærið verði nýtt til að stórauka rannsóknir og vinnu við umhverfissvæna tækni s.s. í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa sem jafnframt verði atvinnuskapandi. Þar verði höfð að leiðarljósi sjálfbær þróun s.s. í tengslum við tiltekin verkefni og má þar nefna sjálfbær bæjarfélög og sjálfbærar byggingar.

Líffræðilegu fjölbreytileiki verður eitt af áhersluatriðunum á formennskumissgerinu sérstaklega í tengslum við framkvæmdaáætlun ESB um að koma í veg fyrir að framandi tegundir skjóti rótum í Evrópu og að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni á árinu 2010 en horfur eru á að það takist ekki þótt margt hafi áunnist.

Málefni hafsins skipa stóran sess á formennskutímanum sérstaklega í tengslum við mengunarvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir sem og aðgerðaráætlanir um úrbætur. Áhersla verður lögð á Eystrasaltið og Norður Atlantshafið (heimskautasvæðið).

Svíþjóð mun leggja áherslu á að ná fram breytingum á tilskipun um samþættar mengunarvarnir í iðnaði og eftirlit með þeim (IPPC) þannig að lögð verði áhersla á að „besta fánlega tækni“ (BAT) verði notuð og að undantekningar frá því verði fáar og strangar auk þess sem tilskipunin nái til fleiri og minni fyrirtækja en nú er s.s. stærri sorpbrennslna og þauleldis á alifuglum og svínum. Einnig að gerðar verði breytingar á tilskipun um meðhöndlun raftækja og raffangaúrgangs (WEEE) þannig að markmið um endurvinnslu slíks úrgangs náist og því tengist takmörkun á notkun tiltekinnar hættulegra efna.

Tveir ráðherraráðsfundir verða haldnir á formennskumissgerinu, þann 23. október í Luxembourg þar sem lagðar verða línunar fyrir loftslagsviðræðunum í Kaupmannahöfn í desember n.k. og 22. desember þar sem m.a. verður fjallað um niðurstöður fundarins í Kaupmannahöfn og viðbrögð við þeim.

<http://www.se2009.eu/>

4. Helstu mál á næstunni fimm árum að mati framkvæmdastjórnar ESB.

Að frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB (DG Environment) hittast ráðuneytisstjórnar umhverfisráðuneyta ESB landanna, EES/EFTA landanna (Íslands, Liechtenstein og Noregs), Sviss og þeirra landa sem eiga inni aðildarumsókn að ESB, tvisvar á ári til þess að ræða helstu áherslur í umhverfismálum. Um er að ræða hóp sem gengur undir nafninu "European Policy Review Group" (EPRG). Ráðuneytisstjórnin í umhverfisráðuneytinu á Íslandi og fulltrúi umhverfisráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel hafa tekið virkan þátt í þessu starfi. Á fundunum er farið yfir helstu áherslur framkvæmdastjórnar ESB á því tímabili sem stjórnin situr sem er 5 ár. Nýtt tímabil hefst í haust þegar gengið verður frá því hver verður forseti framkvæmdastjórnarinnar og hverjir skipa hinar 27 stöður framkvæmdastjóra einstakra málaflokka. Á síðasta fundi EPRG sem haldinn var 27. maí sl. voru sérstaklega rædd forgangsverkefni næstu fimm árin og ríkti einhugur um að áherslunar væru:

1. Samþykkt nýs loftslagssáttmála um stóruka minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda.

2. Verndun líffræðilegrar fjölbreytni en Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að árið 2010 verði tileinkað málinu.
3. Loftgæði og minnkun ryks frá starfsemi og umferð.
4. Gæði og gnægð vatns.
5. Meðhöndlun úrgangs.

Ljóst er að sameiginlega landbúnaðarstefnan (Common Agricultural Policy - CAP) og sameiginlega fiskveiðistefnan (Common Fisheries Policy - CFP) eru nátengdar því að árangur náist og því er nauðsynleg að taka þessar áætlanir til endurskoðunar og það sama gildir um fjármálastefnu ESB sem verður í ríkari mæli að taka tillit til umhverfismála og lausn efnahagsvandamálsins sem heimurinn stendur frammi fyrir verður að taka mið af sjálfbærri þróun og að ekki megi slá á frest aðgerðum í umhverfismálum vegna efnahagsvandamála.

5. Endurskoðun tilskipunar um samþættar mengunarvarnir í iðnaði og eftirlit með þeim (IPPC).

Meirihluti ráðherraráðsins samþykkti nýlega endurskoðun IPPC varðandi notkun á bestu fáanlegu tækni (BAT) að tillögu framkvæmdastjórnar ESB þar að lútandi, en féllst hins vegar ekki á að kröfurnar (skilyrðin) yrðu látin ná yfir smærri verksmiðjur (installations) með 20 - 50 MW orkunotkun en lágmarkið er nú 50 MW. Lagt er til að IPPC nái einnig yfir stærri sorpbrennslustöðvar, skógariðnað og landbúnað þar sem um iðnað sé að ræða (verksmiðjur) en að gefinn verði hæfilegur aðlögunarfrestur til að íþyngja þessum atvinnugreinum ekki um of. Málið fer nú í aðra yfirferð hjá Evrópuþinginu og til ráðsins en búist er við að skoðanir verði skiptar milli ráðs og þings þar sem þinginu þykir ekki nógu langt gengið.

6. Verndun jarðvegs.

Hafnar eru samningaviðræður um tillögu framkvæmdastjórnar ESB að tilskipun um verndun jarðvegs (COM/2006/323/final) sem lögð var á ís í desember 2007 vegna andstöðu Þýskalands, Bretlands, Hollands, Austurríkis og Frakklands sérstaklega vegna mikils kostnaðar og mikillar yfirbyggingar sem tilskipunin er talin geta valdið. Franska forystan vann sérstaklega að málinu á síðari hluta síðasta árs og tók Tékkland upp þráðinn á formennskutíma fyrri hluta árs 2009 en tókst ekki að ljúka málinu og vísaði því til sænsku formenskunnar sem tók við 1. júlí en hún mun ekki leggja áherslu á málið. Er því viðbúið að Spánn sem formenskuland á fyrra misseri 2010 reyni að leiða málið til lykta. Það sem helst telst til breytinga frá tillögu framkvæmdastjórnarinnar snýr að auknu svigrúmi fyrir mengunarvalda að skilgreina mengunina á þeirri forsendu að þeir geti sjálfir gripið til skipulagðra aðgerða til að bregðast við. Breytingarnar snúa líka að rýmri tímasetningum og að aðláherslan verði lögð á svæði þar sem mengun er talin valda verulegum skaða fyrir heilsu manna sem og umhverfisskaða og þar skiptir grunnvatnið mestu máli. Fljótt á litið virðist um töluverða „útvötnun“ á tillögum framkvæmdastjórnarinnar að ræða.

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2006:0232:FIN:EN:PDF>

7. Ræktun og dreifing erfðabreyttra lífvera út í umhverfið (GMO).

Framkvæmdastjórn ESB ákvað að reyna að ógilda bann Austurríkis við ræktun á erfðabreyttu maís. Framkvæmdastjórnin staðhæfir á grundvelli nýrrar skýrslu "Biotechnology: Prospects and challenges for agriculture in Europe" og afstöðu EFSA (European Food Safety Authority) að ekkert staðfesti að slík ræktun ógni heilsu manna og dýra né umhverfinu. EFSA vísar rökum Austurríkis á bug. Til að ógilda ákvörðun Austurríkis þarf að ná viðunandi meirihluta aðildarríkjanna.

<http://www.europolitics.info/Search=243398?isPortalAccessed=true>

Austurríki og Ungverjarland hafa lagt algjört bann við ræktun erfaðbreyttrar maísteigundar (Zea maís) og vísa til öryggisreglna. Mikill meiri hluti ESB ráðherranna samþykkti að hægt væri að nota þessar öryggisreglur og kom það eins og köld vatnsgusa yfir framkvæmdastjórnina sem hafði lagt til að þar sem engin hætta væri á að ræktunin hefði í för með sér hættu fyrir heilsu og umhverfi m.a. að mati Matvælastofnunar Evrópu (EFSA) væri löndunum óheimilt að beita fyrir sig öryggisreglunum. Er þetta í þriðja skiptið sem framkvæmdastjórnin er gert afturreka með ákvarðanir um að fallið verði frá beitingu öryggisreglnanna að viðlagðri dómstólameðferð (ESB dómstóllinn). Aðeins Svíþjóð, Finnland, Bretland og Eistland studdu tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Hvað getur framkvæmdastjórnin gert í stöðunni? Annað hvort að koma með nýja og breytta tillögu, leggja niður öryggisreglurnar eða lagt til nýja löggjöf. Það virðist því nóg komið af umræðum um málið sem staðið hafa lengi og engu skilað. Ljóst virðist þó að breyta þurfi löggjöfinni um ræktun GMO eftir allt sem yfir hefur dunið. Sumir mundu kalla þetta „pattstöðu“ en sennilega er réttara að kalla þetta „skák og mát“ á framkvæmdastjórnina.

Nú þegar hefur hluti ESB þjóða sammælt um bann við ræktun Mon 810 maís í framhaldi af því að framkvæmdastjórninni mistókst að ná því í gegn að Ungverjalandi og Austurríki væri óheimilt að banna slíka ræktun fortakslaus. Síðasta vígið sem féll, ef svo má segja, er Þýskaland. Löndin vilja að það sé hvers lands að ákveða slíkt og á þeirra eigin áhættumati og verður framkvæmdastjórnin að taka tillit til þess hvað sem Matvælaöryggisstofnunin (EFSA) segir. Þegar hafa Þýskaland, Frakkland, Grikkland, Austurríki, Ungverjaland og Lúxemborg lýst yfir banni og fleiri munu væntanlega bætast í hópinn. Bannið byggist á öryggisreglunni (safeguard clause) og nær til allra bænda og ræktunarsvæða þeirra og er grunntóninn nýjar vísindalegar upplýsingar um meinta skaðsemi slíkrar ræktunnar, skv. rannsókn sem fram fór í Frakklandi í fyrra. Væntanlega verður framkvæmdastjórnin að taka málið upp að nýju og leggja til endurskoðaðar reglur sem taka mið af ofangreindu.

Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu nýlega að það sé skylda að auglýsa og auðkenna nákvæmlega þau svæði sem ætluð eru til ræktunar GMO (Case C-552/07) en á málið reyndi vegna kæru sem barst dómstólnum 2004 vegna ákvörðunar sveitarfélags í Frakklandi (Haute Alsace) um að slíkt væri ekki skylt. Málið fór fyrst fyrir stjórnlagadómstól í Frakklandi, sem tók ekki afstöðu en vísaði því áfram til æðra dómstigs (Council of State) sem tók ekki heldur afstöðu en vísaði því til Evrópudómstólsins, sem tók afstöðu eins og áður segir. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að undir engum kringumstæðum væri hægt að veita undanþágur frá þessum skyldum með því að vísa til almannareglu eða atvinnuhagsmuna enda hagsmunir borgaranna ríkari en hagsmunir bóndans til einkalífs eða atvinnuöryggis.

8. Skógareyðing í Evrópu.

Umhverfisnefnd Evrópuþingsins hefur fjallað um skógareyðingu en lagt hefur verið til að hluti tekna vegna ETS (viðskiptakerfisins með gróðurhúsalofttegundir) verði varið til að berjast gegn skógareyðingu en skógareyðing er talin standa fyrir um 20% losunar gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Ekki er ætlunin að breyta lögum ESB vegna þessa hvað sem síðan verður. Núverandi stefna ESB er ekki talin ganga nógu langt svo nauðsynlegt er talið að grípa til viðeigandi ráðstafana sem tekur mið af því að vernda skóga í Evrópu í stað þess að einblína á regnskógaeyðingu eins og nú er. Eyðing skóga í A - Evrópu er mikil og verndarandlag hátt ekki síst vegna lífræðilegs fjölbreytileika, sem sífellt raskast.

<http://www.euractiv.com/en/climate-change/lawmakers-push-deforestation-credits-ets/article-179438>

9. Mengunarlöggjöf og refsíákvæði.

Samgöngunefnd þingsins styður tillögu framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á tilskipun 2005/35 um "ship-source pollution and on the introduction of penalties for infringements", sbr. nánar COM(2008)134. Breytingarnar hafa í för með sér að ESB löndin þurfa að setja refsíákvæði í lög þegar um er að ræða tiltekna mengun hafsins. Sjá nánar: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0064:FIN:EN:PDF>

Þetta mál þarf að skoða nánar vegna refsíákvæða í lögum er varða umhverfið, sbr. og tilskipun 2008/99/EC sem hefur verið til umfjöllunar í stjórnkerfinu á Íslandi og er ekki talin EES tæk tilskipun þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin telji svo vera og styðst hún þar við niðurstöðu Evrópudómstólsins frá okt. 2007. Niðurstaða Íslenskra stjórnvalda byggist á því að refsireglur ESB séu ekki hluti EES samningsins.

Breytingin hefði í för með sér að setja þyrfti slík ákvæði í refsilög (almenn hegningarlög eða um hvern málaflokk, s.s. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda), enda viðhorfið allt annað í dag um „glæpsamlegt eðli“ slíkra brota sem áður voru frekar talin sóðaskapur. Niðurstaða dómsins var að um væri að ræða mál sem félli undir fyrstu stoðina, í þessu tilviki "Common Transport Policy", en ekki undir þriðju stoðina "Justice and Home Affairs".

Evrópuþingið hefur fallist á framkomnar hugmyndir um refsiviðurlög þegar um er að ræða mengun sjávar. Þingið staðfesti skýrslu sem lögð var fram af hálfu Luis de Grandes Pascual (þingmanns frá Spáni) með miklum meiri hluta (588 gegn 42) þar sem lagt er til að ESB ríkin verði skylduð til að taka upp í landslög refsiviðurlög vegna ólöglegrar losunar frá skipum sé um að ræða ásetning eða vítavert gáleysi (culpa). Skýrslan víkur aðeins frá tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á tilskipun 2005/35/EC um mengun frá skipum og refsingum því tengdu, sbr. COM(2008)134 final, sem er til umfjöllunar í stjórnkerfinu á Íslandi.

Breytingin er fólgin í því að hér eftir verði beitt hegningarlögum þar sem í dag er heimilt að velja milli refsilaga eða stjórnarsýsluáðgerða. Enn sem áður verður gert ráð fyrir að í vægari tilvikum verði heimilt að beita stjórnarsýsluáðgerðum en séu brot ítrekuð, þótt ekki teljist þau stórfelld, skal beita hegningarlögum eins og um glæp sé að ræða. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar COM(2008)134 er gert ráð fyrir að málin snúi að persónum en þingið kynnti nýja grein sem einnig tekur til lögpersóna t.d. fyrirtækja sem geta hagnast á slíkum brotum. Til hvaða refsinga verður gipið til er í höndum einstakra ríkja en ekki ESB en opnað er fyrir heimild til að beita fangelsisrefsingu. ESB ríkin hafa 12 mánuði til að breyta lögum í þessu skyni sem ekki telst langur tími en hafa verður í huga að Evrópudómstóllinn hefur þegar fjallað um málið (Case C-440/05) en á grundvelli þess dóms frá 2007 hefur ESB krafist þess að refsíákvæði umhverfislaga sem falla undir EES samninginn verði tekin upp í lög EES/EFTA ríkjanna, sbr. COM (2008)134 sem ESB telur EES tæka tilskipun. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun COM (2008)134 er á forræði samgönguráðuneytisins á Íslandi en fylgir böggull skammrifi því niðurstaðan varðar alla umhverfislöggjöfina á Íslandi og skiptir því umhverfisráðuneytið miklu.

Málið yrði væntanlega viðfangsefni laga um varnir gegn mengun sjávar og stranda nr. 33/2004 verði tilskipunin talin EES tæk en til þessa hefur verið litið svo á að refsíákvæði ESB laga falli ekki undir EES samninginn. Sá þáttur er nú til umfjöllunar hjá undirnefnd V hjá EFTA um lögfræðileg málefni.

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0134:FIN:EN:PDF>

10. Vistfræðilegar merkingar - Ecolabel og EMAS kerfið.

Umhverfisnefnd Evrópuþingsins hefur fjallað um ofangreind mál og tillögur framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi og styður annars vegar frekari notkun vistfræðilegra merkinga, Ecolabel, og á fleiri sviðum ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem teljast miðlungsstór og lítil. Einnig að EMAS kerfinu verði bjargað en ekki er skylda til að taka það upp. Talið er að framkvæmd þess hafi litlu skilað til þessa. Aðeins um 4000 fyrirtæki innan ESB taka þátt í EMAS í dag og skýtur það skökku við miðað við að undir alþjóðastaðlinum ISO 14001 sem EMAS „keppir“ við eru skráð yfir 130000 fyrirtæki þar af um 35000 innan ESB. Því er um tvennt að ræða að mati umhverfisnefndar þingsins að leggja EMAS niður eða skerpa það og auka verulega og hefur síðari kosturinn orðið ofan á. Mikið er einnig talið vanta upp á leiðbeiningar um EMAS og kynningu á kerfinu.

11. Meðhöndlun raffanga- og rafmagnstækjaúrgangs (WEEE).

Illa hefur gengið að framfylgja ákvæðum tilskipana 2002/95/EC og 2002/96/EC um meðhöndlun (endurvinnslu) raffanga- og rafmagnstækjaúrgangs sem hafa verið í gildi frá febrúar 2003. Aðeins tekst að safna um þriðjungu slíks úrgangs innan ESB og meðhöndla en afgangurinn fer ýmist í urðun eða til meðferðar utan ESB og það þá oft ólöglega. Í desember sl. lagði framkvæmdastjórnin því fram tillögu að breyttri tilskipun (recast), til að takast á við vandann og ört vaxandi úrgang af þessu tagi með það að leiðarljósi að ná settum markmiðum. COM leggur til skyldubundin markmið 65%. Einnig er ætlunin að setja markmið varðandi sóttmengaðan úrgang (medical devices) og að einfalda umsýsluna ekki síst á vegum stjórnvalda þ.e.a.s. færa ábyrgðina meira yfir á framleiðendurna undir ströngu eftirliti hins opinbera. Ekki er ætlunin að framkvæmdastjórnin fái frekara vald til afskipta en nú er þannig að framkvæmdin verður algjörlega á ábyrgð aðildarríkjanna.

Málið er nú í þeim farvegi að framkvæmdastjórnin hefur hafið viðræður við þingið (Environmental Committee) og ráðherraráðið um málið. Ekki er að vænta afgreiðslu málsins (co-decision) fyrr en í fyrsta lagi í haust þegar nýtt þing kemur saman.

12. Loftslagsmálin og fjárhagsstuðningur við þróunarríkin (fjármálaráðherrar ESB-Ecofine).

Umhverfisráðherrar ESB hafa rætt sérstaklega fjárstuðning við þróunarlöndin vegna loftslagsaðgerða þar sem þeir virðast sammála um að árangurs sé aðeins að vænta á heimsvísu að til komi slíkur stuðningur. Málið náði þó ekki fram að ganga hjá ráðherrunum þar sem Pólland „blokkeraði“ málið. Fjármálaráðherrarnir (Ecofine) hafa einnig fjallað um málið en ekki náð samkomulagi um hvernig standa beri að málum þótt þeir samþykktu að ríku löndin þ.á.m. ESB löndin yrðu að hjálpa þróunarlöndunum fjárhagslega til þess að takast á við vandann. Þeir leggja hins vegar meiri áherslu á frjáls fjárframlög en framlög sjálfra ESB ríkjanna (public fund) og markaðstengdar aðgerðir í fátækustu löndunum sem byggja á „hreinni“ þróunaráætlunum. Fjármálaráðherrunum hefur hins vegar ekki tekist að benda á beinar tölur og afgerandi aðgerðir. Fjármálaráðherrarnir sem nú ná ekki saman um viðfangsefnið höfðu þegar í júní 2008 fengið ósk um að slík áætlun yrði unnin varðandi fjárhagsleg atriði sem leggja þyrfti til grundvallar í baráttunni við loftslagsbreytingar, sbr. ummæli Stavros Dimas, framkvæmdastjóra ESB á sviði umhverfismála á þeim tíma "without money for developing countries, no agreement will be possible" sem er nú orðin að frasa "no money-no agreement". Fjármálaráðherrarnir fallast ekki á að gefa út „blankan tékka“ til þróunarlöndanna í þessu skyni enda verði þau lönd sem eru í mestri hættu vegna loftslagsbreytinga að setja áætlanir og grípa til aðgerða þó að frátöldum þeim löndum sem eru skemmst á veg komin og smáeyjum sem teljast til þróunarlöndanna. Þessi lönd verði eigi síðar en 2012 að próa að setja fram áætlanir sem nái til allra þátta (sectors). Fjármálaráðherrarnir kalla

einnig eftir alþjóðlegum kolefnamarkaði (global carbon market) og uppsetningu ETS og vilja að OECD ríkin ríði á vaðið milli 2009 og 2015 og þau þróunarlönd sem lengra eru komin fyrir 2020. Fjármálaráðherrarnir segja að CDM sé og verði eitt áhrifaríkasta tækið í þessu skyni. http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ecofin/106576.pdf eru.

13. Nýja reglugerð um ósoneyðandi efni væntanleg.

Á vegum framkvæmdastjórnar ESB er unnið að endurskoðun reglugerðar 2037/2000, um efni sem hafa áhrif á ósonlagið (substances that deplete the ozone layer). Ætlunin er að ný reglugerð taki gildi 1. janúar n.k. en athugasemdum við drög að reglugerð átti að skila fyrir 15. júní sl. Stærstu breytingarnar fyrir utan einföldun stjórnkerfisins snúa að notkun halóns, þar sem ekki verður hjá því komist að nota það áfram sem slökkvimiðils í flugvélum og að hluta til í skipum. Útfösun hófst 1994 og hefur ekki gengið sem skyldi og er talið að óraunhæft sé að henni verði lokið í flugi á næstunni þar sem fullnægjandi staðgönguefni eru ekki til. Í skipum hefur tekist betur til innan ESB landanna en sá hængur er á að auðvelt er að skipta um fána á skipum og því er skipaútgerðum innan ESB gert að setja ríkari kröfur á eigin skip en skip sem væru í reynd gerð út frá ESB löndunum en undir öðrum fánum og yrði þar um að ræða gríðarlega samkeppnisröskun. Hvað Ísland varðar snertir málið fyrst og fremst flugið og fiskiskipin en útfösun á haloni sem slökkvimiðli í fiskiskipum á Íslandi er nánast lokið.

Einnig er við endurskoðun reglugerðarinnar sérstaklega litið til flúorkælimiðla (HCFC - 22) og veitingu undanþága í því tilviki. Íslensk fiskiskip eru búin slíkum miðlum og mega vera það til 2016.

Sérstök stjórnarnefnd undir stjórnarskrifstofu ESB um umhverfismál (DG Environment), fjallar um framkvæmd reglugerðar 2037/2000, og gerir tillögur til framkvæmdastjórnarinnar. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi nefndarinnar enda hefur notkun hlutaðeigandi efna s.s. halóns sem slökkvimiðils og HCFC - 22 sem kælimiðils verið ríkjandi á Íslandi.

14. Evrópuþingið vill „orkufríar“ byggingar (zero-energy buildings) fyrir 2019.

Til að ná markmiðinu (einangrun og endurnýjanleg orka) er verið að leita fjármögnunarleiða og hefur framkvæmdastjórn ESB verið falið að koma með tillögu fyrir 30. júní 2010. Einnig er kallað eftir frekari framlögum innan aðildarríkjanna (public investment) og lagt að aðildarríkjum ESB að setja sér markmið um tiltekið hlutfall bygginga sem verði „orkufríar“ 2015. Lagt er til að virðisaukaskattur verði lækkaður vegna byggingarvara og þjónustu til orkusparnaðar og notkunar endurnýtanlegrar orku í byggingum. Sérstaklega er fjallað um meiri háttar viðhald bygginga þ.e. sem fari yfir 20% af verðmæti byggingar eða 25% af flatarmáli. Undanþága sem átti að taka til frístundahúsa sem notuð eru minna en 4 mánuði á ári náði ekki fram.

15. Raflínur

Evrópuþingið hefur nýlega fjallað um rafbylgjur (raflínur, farsímar og þráðlaus net) og hugsanlega hættu af þeirra völdum fyrir heilsu manna, sem ekki eru þekktar í dag þótt því hafi verið haldið fram að bylgjurnar séu krabbameinsvaldandi (Man-made electromagnetic fields: are we at risk?). Tengist m.a. umræðunni á Íslandi, sérstaklega um heilsufarsáhrif raflína, sem lagðar hafa verið í byggð. Þessi mál hafa á komið upp á Íslandi við mat á umhverfisáhrifum raflína á síðari árum. Í skýrslu sem Frédérique Ries, belgísk þingkona, hefur lagt fram á þinginu varðandi málið er hvatt til þess að allrar varkárni sé gætt þar til vísindalegar

niðurstöður liggja fyrir. Benda má á að engin ESB lög eru til um öryggi farsíma, heldur aðeins tilmæli. Eigi að síður hafa 9 ESB lönd sett mörk sem byggja á 3 voltum á metra. Alþjóða heilbrigðisstofnunin telur að afleiðingar rafbylgna af völdum farsíma (novelty of mobile telephony) verði ekki kortlagðar fyrr en 2015. Í skýrslu þingkonunnar er lagt til að ESB mörk verði 3 volt á metra, tengingar og símamöstur verði sett í ákveðinni fjarlægð frá sjúkrahúsum og skólum og kort er geymi upplýsingar um háspennulínur, útvarpsbylgjur og örbylgjur verði gert almenningi aðgengilegt á netinu. Ljóst er að ekki er þess langt að bíða að ESB setji sér löggjöf á þessu sviði.

http://www.europarl.europa.eu/news/public/documents_par_theme/911/default_en.htm

16. Líffræðilegur fjölbreytileiki - ástandið óviðunandi.

Nýjar rannsóknir sýna að 59% frosktegunda og 42% skriðdýrategunda innan ESB landanna eru í hættu og er ástandið sérstaklega slæmt hjá 23% frosktegunda og 21% skriðdýrategunda. Ástandið hjá þessum tegundum er miklu verra en þegar kemur að villtum spendýrum (15%) og villtum fuglum (13%). Niðurstöður þessara rannsókna verða teknar til sérstakrar athugunar við gerð fyrsta válista fyrir þessar tegundir (European red lists/ERLs) en margar þeirra er aðeins að finna í Evrópu. Sérstaklega er ástandið slæmt í S-Evrópu en ferskvatnskerfið þar er undir miklu álagi og er um kennt auknum mannfjölda, breyttri landbúnaðarframleiðslu og aukinni landnotkun undir þéttbýli. Líffræðilegur fjölbreytileiki, varðveisla hans og stöðvun hnignunar, verða eitt af megin viðfangsefnum ESB á næstu árum.

17. Frárennismál - styrkjakerfi ESB.

Að mati Endurskoðunarréttar ESB (European Court of Auditors) hefur styrkjakerfi ESB haft mjög jákvæð áhrif á framvindu mála hvað varðar fráveitur í þéttbýli innan ESB. Svipuðu styrkjakerfi var komið á fót á Íslandi 1995 og gildi til og með 2008. Þó er framkvæmdastjórn ESB beðin að vera meira sjálfri sér samkvæm og strangari við mat og eftirfylgni verkefna sem njóta styrkja. Af 73 fráveitum sem nutu styrkja voru aðeins 23 kannaðar sérstaklega og 18 þeirra taldar standa rétt að framkvæmdinni í samræmi við fráveitulöggjöfina (wastewater treatment directive). Endurskoðunarrétturinn sendir ESB ríkjunum engin sérstök skilaboð en beinir spjótum sínum að framkvæmdastjórninni að kalla þau til ábyrgðar framkvæmdar.

18. Ný sæfiefnareglugerð í burðarliðnum.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að nýrri sæfiefnareglugerð (COM (2009)267) sem ætlað er að koma í stað tilskipunar 98/8/EC sem nú er í gildi. Tillagan hefur þegar verið send til ráðherraráðsins. Ætlunin er að auka öryggi þessara efna og vara sem innihalda slík efni með því að „fasa út“ hættulegustu efnunum með nýjum reglum um vörur sem innihalda sæfiefni og einfalda gildandi reglur og hvetja fyrirtækin til að nota hættuminni efni. Reglugerðin skilgreinir ný skilyrði til að minnka notkun hættumestu efnanna s.s. þeirra sem talin eru krabbameinsvaldandi og stuðla að ófrjósemi og að í staðinn verði notuð öruggari efni þar sem slíku verður við komið. Einnig er kveðið á um nýjar reglur um sæfiefni í neytendavörum sem aðeins verði meðhöndlaðar með viðurkenndum efnum og merktar með viðvörðunum þar sem fram komi hvaða hættur geta fylgt þeim. Um er að ræða reglugerð í stað tilskipunar þannig að hún þarfnast ekki sérstakrar lagasetningar í hverju og einu ESB landi heldur gildir í löndunum öllum eftir birtingu í stjórnartíðindum ESB (Official Journal).

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2009:0267:FIN:EN:PDF>

VIÐSKIPTAMÁL

Undir svið viðskiptaráðuneytis falla m.a. fjármálaþjónusta, váttryggingar, neytendaréttur, samkeppnisréttur og félagaréttur. Málefni tengd fjármálaþjónustu og fjármálamörkuðum hafa verið áberandi á síðustu mánuðum og efst á forgangslista Evrópusambandsins. Mikið af málum eru í gangi á þessum sviðum á vettvangi ESB og verður hér á eftir farið helstu málín sem hafa verið til umræðu á fyrri hluta ársins. Viðskiptaráðuneytið tekur þátt í starfi vinnuhópa EFTA þar sem fylgst er með framgangi þessara mála og þau rædd við sérfræðinga frá framkvæmdastjórn ESB. Að auki tekur viðskiptaráðuneytið þátt í starfi fjölda nefnda á vegum framkvæmdastjórnar ESB.

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Endurskoðun á reglum og eftirliti með fjármálamörkuðum

Þann 25. febrúar skilaði vinnuhópur háttsettra sérfræðinga undir forystu Jacques de Larosière, fyrrverandi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skýrslu til framkvæmdastjórnar ESB þar sem settar eru fram tillögur um umbætur á regluverki og eftirliti með fjármálamörkuðum Evrópu, sem og um aukna alþjóðlega samvinnu. Skýrslan skiptist í fjóra kafla og þar er að finna 31 tillögu. Í fyrsta kafla skýrslunnar er fjallað um orsakir fjármálakreppunnar, í öðrum kafla er fjallað um úrbætur á regluverki á fjármálamarkaði, þriðji kaflinn fjallar um breytingar á eftirliti á fjármálamarkaði og loks er í fjórða kafla fjallað um breytingar sem gera þarf á alþjóðavettvangi. Helstu tillögur skýrsluhöfunda snúa að því að mótaðar verði nýjar reglur sem miði að því að draga úr áhættu, bæta áhættumat og kerfislegar leiðir til að bregðast við áföllum, draga úr sveiflum og bæta gagnsæi. Þá er lagt til að eftirlit með fjármálamarkaði verði samræmt og bætt og gert er ráð fyrir meiri samvinnu eftirlitsaðila með öllum greinum fjármálaþjónustu innan ESB. Þá er lögð áhersla á að minnka verði sveigjanleika einstakra aðildarlanda við innleiðingu reglna á fjármálamarkaði til að tryggja samkeppni á innri markaðnum. Loks eru gerðar tillögur um virkari krísustjórnun en nú er.¹⁹

Þann 27. maí gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu með tillögum um nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu (Communication on European Financial Supervision), en þar er m.a. byggt á tillögum Larosière-sérfræðingahópsins frá 25. febrúar.

Helstu tillögurnar eru eftirfarandi:

- Lagt er til að stofnað verði *European Systemic Risk Council (ESRC)*, sem stýrt verði af bankastjóra Seðlabanka Evrópu og m.a. skipað fulltrúum seðlabanka allra aðildarríkjanna.
- Lagt er til að núverandi eftirlitsnefndir á sviði banka-, verðbréfa- og váttryggingamála (CEBS, CESR og CEIOPS) verði eflar og breytt í stofnanir (Agencies).
- Lagt er til að stofnað verði *European System of Financial Supervisors (ESFS)*, sem m.a. verði skipað fulltrúum hinna nýja eftirlitstofnanna og fulltrúum eftirlitsstofnana aðildarríkjanna.

Samráðsferli vegna skýrslunnar stendur yfir til 15. júlí.²⁰ Í framhaldi af samráðsferlinu og að teknu tilliti til athugasemda er þar berast er gert ráð fyrir að tillögur að löggjöf til að hrinda þessum tillögum í framkvæmd verða lagðar fram í haust.

¹⁹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/finances/committees/index_en.htm#delarosierereport

²⁰ Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2009/fin_supervision_may_en.htm

Innstæðutryggingar

Tilskipun 2009/14/EB, um breytingar á tilskipun 1994/19/EB um innstæðutryggingar²¹ (Deposit Guarantee Schemes) var formlega samþykkt af ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu þann 11. mars, en þar er m.a. kveðið á um að lágmarkstryggingarfjárhæðin sem tryggingarsjóðum innstæðueigenda beri að greiða, ef banki eða annað aðildarfyrirtæki að viðkomandi tryggingarsjóði verður gjaldþrota eða ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu verði hækkuð verulega í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanganum eiga aðildarríkin að hækka lágmarksinnstæðutryggingu úr 20.000 evrum í a.m.k. 50.000 evrur, fyrir 30. júní 2009 og í öðrum áfanganum þurfa aðildarríkin síðan að hækka lágmarkstrygginguna í 100.000 evrur fyrir 31. desember 2010. Það verður jafnframt samræmd hámarksupphæð, þ.e. ekki verður leyfilegt fyrir einstök aðildarríki að hafa innstæðutrygginguna hærrí en 100.000 evrur, þó með ákveðnum undantekningum t.d. varðandi lífeyrissparnað. Þá er í tilskipuninni kveðið á um að útgreiðslutímabil skuli vera 25-35 dagar, þ.e. 5 dagar fyrir eftirlitsaðila að taka ákvörðun um greiðsluskyldu og 20 dagar til að greiða út, með möguleika á 10 daga framlengingu.

Verið er að skoða hvort gera þurfi frekari breytingar á tilskipuninni. Spurningarlisti hefur þegar sendur til aðildarríkja og opið samráðsferli um hugsanlegar breytingar stendur yfir til 27. júlí. Þar eru fjölmörg atriði til skoðunar, en m.a. er verið að skoða hvort þær breytingar sem gerðar voru með tilskipun 2009/14/EB séu raunhæfar (sérstaklega hækkun lágmarkstryggingar upp í 100.000 evrur og styttri útgreiðslutími), auk þess sem verið er að skoða hvort samræma eigi fjármögnun innstæðutryggingasjóða og hugsanlega setja upp Evrópskan innstæðutryggingarsjóð. Skýrsla um málið verður gefin út í desember og henni munu hugsanlega fylgja tillögur að lagabreytingum.²²

Breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga

Tvær breytingar á tilskipunum 2006/48 og 2006/49 um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga (Capital Requirements) voru samþykktar á fyrri hluta ársins og tillögur að enn frekari breytingum eru væntanlegar síðar á árinu.

Fyrst ber að nefna að tvær nýjar tilskipanir um tæknilegar breytingar á viðaukum við tilskipun 2006/48 og tilskipun 2006/49 um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga voru samþykktar af framkvæmdastjórn ESB í apríl²³ og júlí,²⁴ en þar er um að ræða ýmsar tæknilegar breytingar varðandi áhættustjórnun.

Í öðru lagi hefur náðst óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um lokatexta á tillögu um veigameiri breytingar á tilskipununum og var það samkomulag samþykkt á Evrópuþinginu 6. maí 2009, en beðið er eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Markmiðið með þeim breytingum er m.a. að takmarka hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (large exposures), bæta áhættustjórnun og renna styrkari stoðum undir samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.²⁵

²¹ Directive 2009/14/EC amending Directive 94/19/EC on deposit-guarantee schemes as regards the coverage level and the payout delay: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:068:0003:0007:EN:PDF>

²² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2009/deposit_guarantee_schemes_en.htm

²³ Commission Directive 2009/27/EC amending certain Annexes to Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of the Council as regards technical provisions concerning risk management, sjá nánar á vefslóðinni: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:094:0097:0099:EN:PDF>

²⁴ Commission Directive 2009/83/EC of 27 July 2009 amending certain Annexes to Directive 2006/48/EC of the European Parliament and of the Council as regards technical provisions concerning risk management, sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:196:0014:0021:EN:PDF>

²⁵ Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5696832>

Frekari endurskoðun á þessum tilskipunum er síðan í undirbúningi. Þar er um að ræða endurskoðun á þáttum er tengjast viðskiptabók, verðbréfun og starfskjörum (*CRD II review: trading book, securitisation and remuneration issues*), en tillögur um breytingar þar að lútandi voru lagðar fram af framkvæmdastjórninni þann 13. júlí.²⁶

Í október eru síðan væntanlegar enn frekari breytingatillögur (*through-the-cycle expected loss provisioning; specific incremental capital requirements for residential mortgages denominated in a foreign currency; and the removal of national options and discretions, and changes to simplify the Bank Branch Accounts Directive (89/117/EEC)*). Samráðsferli vegna þessara breytinga stendur yfir til 4. september.²⁷

Verðbréfasjóðir (UCITS)

Ný tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS) var samþykkt á Evrópuþinginu 13. janúar 2009 og af ráðherraráði ESB þann 22. júní og gert er ráð fyrir að hún verði birt í Stjórnartíðindum ESB á næstunni. Með tilskipuninni er verið að sameina upphaflegu UCITS tilskipunina (85/611/EEC) og breytingar á henni síðastliðin ár í eina tilskipun. Að auki er þar að finna breytingar sem ætlað er að draga úr skrifinnsku og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir dreifingu eigna verðbréfasjóða yfir landamæri, búa til umgjörð fyrir samruna milli verðbréfasjóða, skilgreina lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (Key Investor Information) sem koma á í staðinn fyrir núverandi ákvæði um einfaldaða lýsingu (Simplified Prospectus) og bæta samvinnu milli eftirlitsaðila í aðildarríkjunum.²⁸

Endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir

Þann 6. maí samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið breytingar á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og tilskipun 2002/47/EB um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir.²⁹ Ekki er um að ræða verulegar breytingar á þessum tveimur tilskipunum heldur er fyrst og fremst verið að uppfæra þær með tilliti til breytinga á regluverki og mörkuðum síðan þær voru upphaflega samþykktar, m.a. með því að einfalda og skýra tiltekin ákvæði. Helstu breytingarnar snúa að vernd vegna uppgjors að næturlagi og tengdum greiðslukerfum, auk þess sem gildissvið beggja tilskipananna er víkkað þannig að það taki einnig til lánakrafna sem eru veðhæfar hjá seðlabönkum.

Tilmæli um starfskjör í fjármálageiranum

Í lok apríl samþykkti framkvæmdastjórn ESB tilmæli um starfskjör í fjármálageiranum. Tilmælin eru ekki lagalega bindandi heldur er aðildarríkjunum boðið að setja ákveðnar reglur á þessu sviði. Lagt er til að aðildarríkin setji reglur sem tryggi að starfskjarastefna fyrir starfsmenn sem taki áhættu (risk-taking staff) sé í samræmi við og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustjórnun. Jafnvægi skuli vera milli fastra launa og bónusgreiðslna og greiðsla meginhluta bónusgreiðslna skal frestað til að tekið sé tillit til sveiflna í viðskiptalífínu og hagkerfinu sem geta haft áhrif á árangur. Mælingar á frammistöðu skulu taka tillit til langtímaárangurs og skulu aðlagðar til að taka tillit til undirliggjandi þátta varðandi áhættu,

²⁶ Sjá nánar á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm#revision

²⁷ Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm#consultation

²⁸ Textann sem ráðherraráðið samþykkti er að finna á vefslóðinni:

<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/09/st03/st03605-re01.en09.pdf>. Sá texti á eftir að fara í yfirllestur hjá laga- og málfarssérfræðingum, en verður að því loknu birtur í Stjórnartíðindum ESB.

²⁹ Directive 2009/44/EC amending Directive 98/26/EC on settlement finality in payment and securities settlement systems and Directive 2002/47/EC on financial collateral arrangements as regards linked systems and credit claims: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:146:0037:0043:EN:PDF>

fjármagnskostnað og aðgang að lánsfé. Fjármálastofnanir ættu einnig að geta krafist endurgreiðslu á bónusgreiðslum ef í ljós kemur að þær hafi verið byggðar á röngum upplýsingum. Starfskjarastefnan ætti einnig að vera gagnsæ og skýr og innihalda ákvæði til að draga úr hagsmunaárekstrum. Stjórn og annað starfslið sem kemur að hönnun og framkvæmd starfskjarastefnunnar ætti að vera óháð og upplýsa ætti hluthafa um starfskjarastefnuna á viðeigandi hátt. Loks ættu eftirlitsaðilar á fjármálamarkaði að yfirfara og leggja mat á starfskjarastefnu fjármálastofnana til að tryggja að stefnan sé í samræmi við skilvirka áhættustjórnun.³⁰

Framkvæmdastjórnin hefur einnig samþykkt tilmæli um starfskjör stjórnenda í félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkað, en fjallað er um þau tilmæli í kaflanum um félagarétt.

Reglugerð um matsfyrirtæki

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um lokatexta nýrrar reglugerðar um matsfyrirtæki (Credit Rating Agencies) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 23. apríl 2009 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Með reglugerðinni er verið að bregðast við gagnrýni sem fram hefur komið á starfsemi matsfyrirtækja og matseinkunnir þeirra varðandi styrk og áhættu einstakra fjármálastofnana, fjármálagerninga (t.d. áhættusamra skuldabréfavafninga) og landa, en matsfyrirtækin þykja hafa vanmetið áhættuna og gefið út of háar matseinkunnir, m.a. vegna hagsmunaárekstra. Í reglugerðinni er m.a. að finna ákvæði um leyfi, starfshætti og eftirlit með matsfyrirtækjum, sem eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að betra mati og meira gagnsæi varðandi matsaðferðir.³¹

Stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um breytingar á tilskipun um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim (e-money) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 24. apríl 2009 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðsins. Tilskipuninni er ætlað að koma í staðinn fyrir og víkka gildissvið tilskipunar 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim, auk þess sem hún felur í sér breytingar á tveimur öðrum tilskipunum. Tilskipunin hefur m.a. að geyma hlutlausari og einfaldari skilgreiningu á rafeyri, ný ákvæði varðandi eftirlit og skýrari ákvæði um beitingu innlausnarákvæða.³²

Greiðslur yfir landamæri

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um breytingar á reglugerð um greiðslur yfir landamæri (Cross border payments) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 24. apríl 2009 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Breytingarnar fela í sér að ákvæði upphaflegu reglugerðarinnar, um að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum verði hliðstæð því sem gerist innan lands fyrir færslur að fjárhæð allt að 50.000 evrum, skuli nú einnig ná til beingreiðslna (direct debit) og að settar verði á stofn sérstakar nefndir fyrir lausn deilumála utan dómstóla (out-of-court redress bodies), en markmiðið með því ákvæði er að styrkja neytendavernd á þessu sviði. Einnig er líkt og í gildandi reglugerð gert ráð fyrir að aðildarríki sem ekki notar evruna geti ákveðið að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi einnig um gjaldmiðil þess.³³

³⁰ Commission Recommendation 2009/384/EC on remuneration policies in the financial services sector, sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:120:0022:0027:EN:PDF>

³¹ Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5714682>

³² Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5699642>

³³ Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5700232>

Átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum

Tillaga að breytingum á tilskipun um **átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum** (Late payments in commercial transactions) var lögð fram þann 9. apríl. Þar er sérstök áhersla á reglur sem eiga að draga úr greiðsludrætti opinberra aðila.³⁴

Áætlun til að styðja við aðgerðir á sviði fjármálaþjónustu, reikningsskila og endurskoðunar

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um lokatexta að ákvörðun um að stofna áætlun til að styðja við sérstakar aðgerðir á sviði fjármálaþjónustu, reikningsskila og endurskoðunar (Community Programme to support specific activities in the field of financial services, financial reporting and auditing) var samþykkt á Evrópuþinginu 6. maí 2009 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Gert er ráð fyrir að 38,7 milljónir evra verði til umræða í áætluninni á tímabilinu 2010-2013.³⁵

Reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir nógildandi tilskipun um verðbréfasjóði

Tillaga að tilskipun um reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir nógildandi tilskipun um verðbréfasjóði var lögð fram 29. apríl. Markmiðið með tillögunni er m.a. að tryggja að engir meiriháttar verðbréfasjóðir komist undan reglum og eftirliti, en tillagan felur þó í sér ákveðnar undanþágur fyrir minni sjóði. Fyrsta umræða um tillöguna í Evrópuþinginu fer væntanlega fram í nóvember 2009.³⁶

Breytingar á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta

Samráðsferli vegna hugsanlegra breytinga á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta (Directive 97/9/EC on investor-compensation schemes) lauk 8. apríl og tillögur að lagabreytingum eru væntanlegar í desember.³⁷

Lánasaga neytenda, ábyrgar lánveitingar og lántökur

Samráðsferli um ábyrgar lánveitingar og lántökur (Responsible lending and borrowing in the EU) stendur yfir til 31. ágúst, en það tengist endurreisnaráætlun ESB þar sem framkvæmdastjórninni var falið að vinna tillögur um þetta efni. Sérstakur samráðsfundur um málið verður haldinn 3. september.³⁸

Sérfræðinganefnd um **lánasögu neytenda** (credit histories) hefur skilað skýrslu með tillögum um leiðir til að bæta upplýsingaskipti og aðgang að gögnum um lán. Samráðsferli um efni skýrslunnar stendur yfir til 31. ágúst,³⁹ en þetta mál tengist samráðsferlinu um ábyrgar lánveitingar og lántökur.

Samráðsferli og væntanleg lagafrumvörp

Á seinni hluta ársins er von á tillögum að breytingum á nokkrum lagagerðum og samráðsferli vegna þeirra breytinga, sem og vegna tillagna að lagagerðum á sviðum, hefur staðið yfir að undanfögnu. Helstu málin sem þar hafa verið til skoðunar eru eftirfarandi:

³⁴ Nánari upplýsingar: http://ec.europa.eu/enterprise/regulation/late_payments/index.htm

³⁵ Sjá: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2009/0001>

³⁶ Proposal for a Directive on Alternative Investment Fund Managers (AIFM). Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2009/0064>

³⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/isd/investor_en.htm

³⁸ Nánari upplýsingar: http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/credit/responsible_lending_en.htm

³⁹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/credit/history_en.htm

- Samráðsferli vegna endurskoðunar á tilskipun um **markaðsmisnotkun** (Market Abuse Directive) stóð yfir til 10. júní og tillögur að lagabreytingum eru væntanlegar í nóvember. Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2009/market_abuse_en.htm
- Endurskoðun á tilskipun um **útbóðs- og skráningarlýsingar verðbréfa** (prospectus) stendur yfir og tillögur um breytingar á tilskipuninni eru væntanlegar í september. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/prospectus/index_en.htm
- Samráðsferli vegna endurskoðunar á lagaramma fyrir **vörslu og greiðslumiðlun verðbréfa** (securities holding and transactions) stóð yfir til 11. júní. Sjá nánar á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/financial-markets/securities-law/index_en.htm
- Tillaga að tilskipun um **lagalegt öryggi í verðbréfavíðskiptum** (Legal certainty in securities trading) er væntanleg fyrir árslok.
- Samráðsferli um tillögur til að bæta tiltekin atriði í tilskipun ESB um **fjármála-samsteypur** (Financial Conglomerates Directive) stendur yfir til 28. ágúst. Sjá: <http://www.c-eps.org/Publications/Consultation-Papers/All-consultations/3L3-Cross-sectoral/JCFC-09-10.aspx>
- Undirbúningur stendur yfir vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um **fjárfestingarafurðir** (Packaged Retail Investment Products: investment funds, insurance-based investment products, retail structured securities and structured term deposits) á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 29. apríl. M.a. er lagt til að sett verði ný löggjöf um upplýsingagjöf um þessar fjárfestingarafurðir og um söluferli þeirra. Samráðsfundur (open hearing) um málið verður í Brussel 15. júlí. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/investment_products_en.htm
- Skýrsla um **afleiður** (derivatives) var gefin út af framkvæmdastjórn ESB þann 3. júlí (Communication on ensuring efficient, safe and sound derivatives markets). Þar er m.a. fjallað um þátt afleiðna í fjármálakreppunni, kosti og galla afleiðumarkaða, tilboðsmarkaði með afleiður (over the counter), skuldatryggingar (credit default swaps) og metið hvernig minnka megi áhættu tengda afleiðum. Samráðsferli vegna skýrslunnar stendur yfir til 31. ágúst.⁴⁰
- Hvítbók um hvernig bregðast megi við tímanlega til að **tryggja stöðugleika bankakerfisins** (White Paper on early intervention tools to ensure bank stability) er væntanleg á seinni hluta ársins.

VÁTRYGGINGAR

Gjaldþol vátryggingafélaga

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um breytingar á tilskipun um **gjaldþol tryggingarfélaga** (Solvency II) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 22. apríl 2009 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Tilskipuninni er m.a. ætlað að bæta neytendavernd, nútímavæða eftirlit og auka alþjóðlega samkeppnishæfni evrópskra vátryggjenda. Markmið Evrópureglna um gjaldþol er að tryggja að vátryggingafélög hafi fjárhagslegan styrk og að þau hafi jafnframt styrk til að ganga í gegnum erfiðleika. Þannig eru hagsmunir vátryggingataka varðir og stöðugleiki fjármálakerfisins í heild. Í nýju tillögunum er sú krafa gerð til vátryggjenda að taka tillit til allra áhættuþátta sem standa að rekstrinum og takast á við þær hættur með skilvirkari hætti. Auk þess er lagt til að vátryggingafélög í hópi (e. insurance groups) muni lúta eftirliti hópeftirlitsaðila (e. group supervision) sem hafi betri möguleika að hafa

⁴⁰ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/financial-markets/derivatives/index_en.htm

eftirlit með hópnum í heild, en það ákvæði var umdeilt og var samþykkt að það yrði endurskoðað innan þriggja ára.⁴¹

Ökutækjatrýggingar

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB varðandi tilskipun um ökutækjatrýggingar (Motor Insurance) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 21. október 2008 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar heldur er verið að sameina fimm tilskipanir í eina tilskipun (codification).⁴²

Tryggingasjóður fyrir vátryggingartaka

Verið er að skoða hvort setja eigi reglur um tryggingasjóð fyrir vátryggingataka vegna gjaldþrota vátryggingafélaga. Hvítbók (White Paper) og hugsanlega lagatillögur um þetta mál eru væntanlegar fyrir árslok.⁴³

Skaðabætur vegna slysa utan heimalands

Samráðsferli varðandi málsmeðferð og skaðabætur vegna slysa sem verða utan heimalands stendur yfir til 30. júní.⁴⁴ Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvort ESB eigi að grípa til einhverra aðgerða á þessu sviði.

FÉLAGARÉTTUR

Tilmæli um starfskjör stjórnenda

Í lok apríl samþykkti framkvæmdastjórn ESB tilmæli (Recommendation) um **starfskjör stjórnenda í félögum sem skráð eru á hlutabréfamarkaði**. Tilmælin eru ekki lagalega bindandi heldur er aðildarríkjunum þar boðið að setja ákveðnar reglur á þessu sviði. Varðandi laun stjórnenda er t.d. lagt til að aðildarríkin setji reglur um hámarks lengd biðlauna fyrir stjórnendur sem hætta störfum og banni slíkar greiðslur fyrir stjórnendur sem hætta vegna óviðunandi frammistöðu. Einnig er lagt til að tryggt verði jafnvægi milli fastra og breytanlegra launa og að breytanleg laun verði tengd fyrirframákveðnum og mælanlegum frammistöðuviðmiðum, langtímaviðmið verði notuð og réttindi tengd hlutabréfum eða gengi þeirra taki ekki gildi fyrr en þremur árum eftir að þau hafa verið veitt, að hluta af hlutabréfum verði haldið eftir þar til störfum líkur og að fyrirtæki geti krafist endurgreiðslu á breytanlegum greiðslum eða bónusgreiðslum sem hafa verið greiddar á grundvelli rangra gagna um frammistöðu. Einnig er t.d. lagt til að aðildarríki tryggi aukið gagnsæi og upplýsingagjöf fyrir hluthafa varðandi starfskjarastefnu og tryggi að hluthafar, sérstaklega stofnanafjárfestar, mæti á aðalfundi fyrirtækja sinna og nýti atkvæðisrétt sinn í atkvæðagreiðslum um starfskjör stjórnenda.⁴⁵

⁴¹Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5512082>

⁴² Frekari upplýsingar má finna á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5614652>

⁴³ Sjá nánar á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/guarantee_en.htm#whitepaper

⁴⁴ Compensation of victims of cross-border accidents in the EU (effects of application of foreign law to claims arising from cross-border road traffic accidents). Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/motor_en.htm#consultation

⁴⁵ Commission Recommendation 2009/385/EC complementing Recommendations 2004/913/EC and 2005/162/EC as regards the regime for the remuneration of directors of listed companies. Sjá nánar á vefslóðinni: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:120:0028:0031:EN:PDF>

Samþykktir fyrir Evrópsk einkahlutafélag

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um lokatexta reglugerðar um samþykktir fyrir Evrópsk einkahlutafélög (Regulation on the statute for a European private company) var samþykkt formlega á Evrópuþinginu 10. mars og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Reglugerðinni er ætlað að auðvelda stofnun og starfsemi slíkra félaga í Evrópu, m.a. með því að draga úr takmörkunum sem lagðar eru á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á milli landa, en tillagan gerir m.a. ráð fyrir að hægt verði að setja upp fyrirtækið í sama formi, hvort heldur sem fyrirtækið hyggst starfa í heimaríki eða öðru ríki.⁴⁶

Upplýsingagjöf fyrir meðalstór fyrirtæki og samstæðureikningsskil

Þann 18. júní samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið breytingar á tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE, um tiltekna upplýsingagjöf fyrir meðalstór fyrirtæki og samstæðureikningsskil.⁴⁷

Stofnun hlutafélaga og breytingar á hlutafé

Óformlegt samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um breytingar á tilskipun um stofnun hlutafélaga og breytingar á hlutafé var samþykkt á Evrópuþinginu 16. desember 2008 og er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar heldur er verið að sameina upphaflegu tilskipunina (tilskipun 77/91/EBE) og síðari breytingar á henni í eina tilskipun (codification).⁴⁸

Breytingar á tilskipunum um samruna og skiptingu fyrirtækja

Fyrsta umræða á Evrópuþinginu um tillögu framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á tilskipunum um samruna og skiptingu fyrirtækja fór fram 22. apríl og ráðherraráð ESB mun væntanlega fjalla um málið í september. Breytingunum er ætlað að draga úr skrifinnsku og stjórnarsýslubyrði fyrir Evrópsk hlutafélög í tengslum við samruna og skiptingu félaga, m.a. með einfaldari kröfur um upplýsingagjöf, sem og um birtingu samruna- eða skiptingarátlanar, en um er að ræða breytingum á tilskipunum 77/91/EBE, 78/855/EBE, 82/891/EBE og 2005/56/EB.⁴⁹

Tilskipanir um birtingu og þýðingarskyldu tiltekinna félaga

Breytingar á tilskipunum 68/151/EBE og 89/666/EBE varðandi birtingarkröfur og þýðingarskyldu tiltekinna félaga voru ræddar á Evrópuþinginu í nóvember 2008 og er nú beðið eftir fyrstu umræðu um málið hjá ráðherraráði ESB.⁵⁰

NEYTENDAMÁL

Stefnumótun um hóp málsóknir fyrir neytendur

Þann 27. nóvember 2008 gaf framkvæmdastjórn ESB út grænbók um hóp málsóknir fyrir neytendur (Green Paper on Consumer Collective Redress). Þar er farið yfir helstu álitamálin á

⁴⁶ Sjá: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5658042>

⁴⁷ Directive 2009/49/EC of the European Parliament and of the Council of 18 June 2009 amending Council Directives 78/660/EEC and 83/349/EEC as regards certain disclosure requirements for medium-sized companies and the obligation to draw up consolidated accounts:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:164:0042:0044:EN:PDF>

⁴⁸ Sjá: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5685432>

⁴⁹ Sjá nánar á vefslóðinni: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5692632>

⁵⁰ Sjá: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5626232>

Þessu sviði og settir fram nokkrir valkostir um aðgerðir. Samráðsferli um þetta mál stendur nú yfir og hægt er að senda inn athugasemdir til 3. júlí. Í framhaldinu og að teknu tilliti til athugasemda sem berast mun framkvæmdastjórnin ákveða næstu skref í þessu máli, m.a. hvort þörf sé á lagasetningu.⁵¹

Framfylgd neytendalaga

Þann 1. júlí setti framkvæmdastjórn ESB fram sérstakan aðgerðapakka til að styrkja framfylgd neytendalaga (Consumer Enforcement Package). Þar er annars vegar um að ræða orðsendingu þar sem fimm forgangsatriði varðandi aðgerðir eru tilgreind og hins vegar skýrslu um beitingu reglugerðar 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð.⁵²

Tillaga að tilskipun um réttindi neytenda

Í október 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um réttindi neytenda sem ætlað er að auðvelda neytendum að versla bæði í hefðbundnum verslunum og á netinu. Með tillögunni er verið sameina fjórar gildandi tilskipanir um réttindi neytenda í eina, jafnframt því sem settar eru fram nýjar tillögur sem fela í sér aukin og samræmd réttindi neytenda í ríkjum ESB, m.a. með aðlögun gildandi löggjafar að nýrri tækni og söluaðferðum. Markmiðið er að tryggja neytendum, hvar sem þeir versla í ríkjum ESB, skýrar upplýsingar um verð og hvers konar viðbótargjöld eða kostnað áður en þeir skrifa undir samninga. Einnig er að finna ákvæði varðandi afhendingartíma (late delivery/non delivery), umhugsunartíma (cooling off periods), skilafresti, endurgreiðslur, viðgerðir og ábyrgðir, og ósanngjarna samningsskilmála. Fyrsta umræða um tillöguna á Evrópuþinginu er áætluð í nóvember 2009.⁵³

Breytingar á tilskipun um skiptileigu fasteigna

Þann 14. janúar var samþykkt ný tilskipun um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Timeshare).⁵⁴ Með breytingunum er gildissvið núgildandi reglna víkkað þannig að undir þær munu nú einnig falla skammtímasamningar, skiptileiga á færanlegum eignum (t.d. hjólhýsum og skemmtiferðaskipum), langtímaferðaafurðir (t.d. langtímaaðgangur að afsláttarklúbbum), auk ákvæða varðandi endursölu og skipti á skiptileiguafurðum (timeshare products).

Réttindi farþega í almenningsvögnum, rútum og á sjó

Fyrsta umræða á Evrópuþinginu um tillögur að tveimur reglugerðum, annars vegar um **réttindi farþega í almenningsvögnum og rútum**⁵⁵ og hins vegar um **réttindi farþega á sjó**⁵⁶ fór fram 23. apríl og ráðherraráðið ESB mun væntanlega fjalla um tillögurnar á síðari hluta ársins. Tillögurnar fela einnig í sér minniháttar breytingar á reglugerð 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd.

⁵¹ Nánari upplýsingar: http://ec.europa.eu/consumers/redress_cons/collective_redress_en.htm

⁵² Sjá nánar á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/consumers/index_en.htm

⁵³ Tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu, mat á áhrifum og algengar spurningar má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/consumers/rights/cons_acquis_en.htm

⁵⁴ Directive 2008/122/EC on the protection of consumers in respect of certain aspects of timeshare, long-term holiday product, resale and exchange contract:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:033:0010:0030:EN:PDF>

⁵⁵ Sjá: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2008/0237>

⁵⁶ Sjá nánar: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2008/0246>

Öryggi leikfanga

Þann 18. júní samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið breytingar á tilskipun um öryggi leikfanga.⁵⁷ Þar er m.a. verið að skýra frekar gildissvið tilskipunarinnar, uppfæra ýmis ákvæði og taka á ýmsum öryggisatriðum sem ekki voru þekkt þegar upphafleg tilskipun var samþykkt árið 1988.

Tilskipanir um mælieiningar, mælitæki og mælifræðilegt eftirlit

Í mars samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið breytingar á tilskipun um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi **mælieiningar**⁵⁸ og í apríl voru samþykktu breytingar á tilskipunum varðandi **sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit**.⁵⁹ Þá var tillaga að tilskipun um **mælitæki** (metrology), sem ætlað er að fella úr gildi átta núgildandi tilskipanir um mælitæki lögð fram þann 3. desember 2008 og fer fyrsta umræða í Evrópuþinginu um það mál væntanlega fram í nóvember 2009.⁶⁰

⁵⁷ Directive 2009/48/EC of the European Parliament and of the Council of 18 June 2009 on the safety of toys: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:170:0001:0037:EN:PDF>

⁵⁸ Directive 2009/3/EC amending Council Directive 80/181/EEC on the approximation of the laws of the Member States relating to units of measurement: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:114:0010:0013:EN:PDF>

⁵⁹ Directive 2009/34/EC relating to common provisions for both measuring instruments and methods of metrological control: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:106:0007:0024:EN:PDF>

⁶⁰ Sjá nánar:

<http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2008/0227>